HARPA ÖRVARSDÓTTIR

*Bakar bragðgóðar og seðjandi heilsumúffur*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




HELGI BJÖRNSSON

*Næstum fimmtugur í Valhöll*

Skemmtir reglulega í Þingvallasveit

FÓLK 34






FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

10. júlí 2009 — 162. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR



**Voltaic frumsýnd**

Tónlist Bjarkar Guðmundsdóttur í mestu gæðum.

FÓLK 34

**Eltir efnahagshamfarir?**

Már Guðmundsson snýr aftur í Seðlabankann eftir fimm ára fjarveru. Hann er viss um að Ísland muni rétta úr kútnum.

FRÉTTAVIÐTAL 12



**Silfurgel á góðu róli**

Björgvin Páll og Logi opna netbúðina í dag.

FÓLK 26

**Tólf stiga forysta FH**



FH vann 3-2 sigur á Fylki í gær og þar með sinn ellefta leik í röð í Pepsi-deild karla.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**BLÍÐSKAPARVEÐUR** Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt. Léttskýjað um mestallt land en sumstaðar bjart með köflum norðvestan og vestan til. Hætt við þokulofti við norðurströndina. Hiti 14-20 stig.

VEÐUR 4



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HJÓLAÐ Á LAGARFLJÓTI** Veðrið hefur leikið við landsmenn undanfarna daga, og sé eitthvað að marka spár má búast við áframhaldandi blíðviðri á næstu dögum. Þessar stúlkur nýttu góða veðrið í gær í að sigla á Lagarfljóti á forláta hjólabát.

# Miklar líkur á meirihluta fyrir umsókn

**Allt bendir til þess að Ísland muni á næstu dögum eða vikum sækja um aðild að Evrópusambandinu. Sjálfstæðismenn og minnst einn þingmaður VG leggja saman til tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu.**

**ALÞINGI** Allt útlit er fyrir að Alþingi samþykki um eða eftir helgi að sækja um aðild að Evrópusambandinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Tillagan mun njóta stuðnings allra tuttugu þingmanna Samfylkingarinnar, þriggja til fjögurra þingmanna Borgarahreyfingar, minnst tveggja framsóknarþingmanna og að öllum líkindum átta eða níu þingmanna Vinstri grænna. Það eru 33 til 35 atkvæði, en einungis þarf 32 til að hún verði samþykkt.

Sjálfstæðismenn munu standa að tillögu um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, það er að þjóðin kjósi um það síðar á árinu hvort fara eigi í aðildarviðræður. „Það mun koma fram slík tillaga og við munum styðja hana,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins.

Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Vinstri grænna, mun standa að þingmannatillögunni ásamt sjálfstæðismönnum, og hugsanlega fleiri þingmenn Vinstri grænna. Sjálfstæðismenn reyndu á fundi í gærkvöldi að fá jafnframt fulltrúa Framsóknarflokks og Borgarahreyfingar til fylgilags við sig en þegar blaðið fór í prentun lá ekki fyrir hverjir flutningsmenn tillögunnar yrðu.

Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Borgarahreyfingarinnar, sagðist í gærkvöldi ekki hafa gert upp hug sinn hvort hún hygðist leggja nafn sitt við tillögu sjálfstæðismanna. Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagðist ekki ætla að flytja málið og vissi ekki til þess að nokkur samflokksmanna hans hygðist gera það.

Tillaga stjórnarflokkanna um aðildarumsókn var afgreidd úr utanríkismálanefnd í gærmorgun. Úr nefndinni bárust alls þrjú nefndarálit. Hið fyrsta var frá meirihluta Samfylkingar og Vinstri grænna, auk Borgarahreyfingar.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Vinstri grænum, og Birgitta Jónsdóttir greiddu atkvæði með álitinu en gerðu fyrirvara. Fyrirvarinn laut að athugasemd Birgittu um stofnun svokallaðrar Lýðræðisstofu, sem á að annast framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks lögðu fram eigið álit, þar sem meðal annars er lögð til tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla, og fulltrúi Framsóknarflokks, formaðurinn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, lagði fram þriðja álitið þar sem hnykkt var á þeirri afstöðu sem fram kom á landsfundi flokksins að fara ætti í viðræður samkvæmt skýrt afmörkuðum skilyrðum.

Önnur umræða um málið fer fram í dag og er talið hugsanlegt að einnig verði þingað á laugardag og atkvæði þá jafnvel greidd um málið um helgina. Takist það ekki verður málið afgreitt eftir helgi.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagðist í fréttum í gær vonast til þess að hægt yrði að senda formlega aðildarumsókn Íslands til Brussel jafnvel strax í lok næstu viku.

- sh

Listaverk í eigu ríkisbankanna þriggja á sérstakri sýningu í Listasafni Íslands:

# Þjóðargersemar fyrir augu almennings

**MENNING** „Þetta er sýningin sem almenningur hefur beðið eftir,“ segir Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands. Þar hefur verið unnið hörðum höndum við að velja verk sem eru í eigu ríkisbankanna þriggja á sérstaka sýningu sem verður opnuð í dag.

Þetta eru athyglisverð verk, þjóðargersemar, sem þó gleymdust við einkavæðingu bankanna og nýir eigendur fengu þau í bónus.

„Þetta eru verk í þjóðareign. Vandamálið er að skilanefndirnar eru ekki reiðubúnar að viðurkenna alfarið rétt þjóðarinnar til að eiga þessi verk án þess að borga fyrir þau,“ segir Halldór Björn.

Eftir einkavæðingu bættust um fimm hundruð verk við og eru listaverk bankanna nú um fimm þúsund.

- jbg / sjá síðu 26



**KJARVALSVERK** Hvítasunnudagur kostaði eigendur Landsbankans 25 milljónir.









## SPURNING DAGSINS



*Sigurður Kári, er þetta ekki allt á réttri leið?*

„Mér sýnist ekki.“

Eitt vörubretti af áfengum bjór barst fyrir mistök í matvöruverslanir í vikunni. Sigurður Kári Kristjánsson, fyrrum þingmaður Sjálfstæðisflokks, hefur lengi beitt sér fyrir því að sala bjórs og léttvíns verði leyfð í matvöruverslunum.

Samfélagslistaverk í Húsdýragarðinum skemmt í fyrrinótt:

# Guttormur varð eldi að bráð

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Kveikt var í útilistaverkinu Guttormi í Húsdýragarðinum í Laugardal í fyrrinótt. Listaverkið, sem var smíðað af íbúum í Laugarneshverfi og vígt í júní síðastliðnum, er nú rústir einar. Litlu munaði að eldur bærist í bíl Atlantsolíu sem lagt var nálægt Guttormi.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var næturvörður í Húsdýragarðinum staddur í hinum enda garðsins þegar hann varð eldsins var um tvöleytið í fyrrinótt. Slökkvilið kom á staðinn og slökkti eldinn. Sökudólganna er enn leitað. - kg



**ÍKVEIKJA** Eldtungurnar frá Guttormi sviðu bíl Atlantsolíu sem lagt var skammt frá.

Ákærur birtar í Papeyjarmáli:

# Hollendingur höfuðpaurinn

**DÓMSMÁL Þremur af mönnunum sex sem setið hafa í varðhaldi vegna stórfellds fíkniefnasmygls í svokölluðu Papeyjarmáli var í gær birt ákæra vegna málsins. Heimildir Fréttablaðsins herma að hinir þrír verði ákærðir í dag.**

**Hollendingurinn sem sigldi skútunni til Íslands er ákærður fyrir að skipuleggja og fjármagna smyglið. Fimm Íslendingar eru ákærðir fyrir að taka þátt í að smygla efnunum til landsins.**

**Alls voru 109 kíló af fíkniefnum flutt með skútunni. Sexmenningarnir hafa setið í gæsluvarðhaldi frá því smyglið komst upp um miðjan apríl.** - bj



**JARÐSKJÁLFTASKEMMDIR SKOÐAÐAR** Makar leiðtoga G8-ríkjanna skoða ummerki jarðskjálftans mikla í L'Aquila. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogar G8-ríkjanna:

# Gatt-viðræðum verði hraðað

**ÍTALÍA, AP** Leiðtogar átta auðugustu ríkja heims og fimm upprennandi efnahagsvelda samþykktu í gær að GATT-viðræðunum um aukið frelsi í heimsviðskiptum verði hraðað. Nú er stefnt að því að ljúka þeim á næsta ári, en upphaflega átti þeim að ljúka með samningi árið 2004.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, gagnrýndi leiðtogana hins vegar fyrir að ganga ekki nógu langt í loftslagsmálum. Barack Obama Bandaríkjaforseti tók í sama streng og hvatti stjórnmálamenn til að láta efnahagserfiðleika ekki draga úr sér kjark. - gb

## LÖGREGLUMÁL

### Strandaði á sandrifi

Skemmtibátur strandaði á sandrifi við Pollinn á Akureyri um klukkan 19.30 í gær. Að sögn lögreglu voru fjórir fullorðnir og fjögur börn um borð, en engin hætta var talin á ferðum. Lóðsinn dró skemmtibátinn á flot aftur.

### Kýr slasar bónda alvarlega

Flytja þurfti bónda illa slasaðan á Landspítalann í Fossvogi eftir að kýr réðist á manninn á bæ hans undir Eyjafjöllum á miðvikudagskvöld. Kýrin hafði borið tveimur dögum fyrr, og réðist á hund, barn og að lokum á bóndann. Hann varð undir dýrinu og hlaut alvarlega áverka.

# Tófuskytta útlæg af Rauðasandsjörðum

**Eigendur sextán jarða í Rauðasandshreppi þvertaka fyrir að grenjaskytta sveitarfélagsins komi vopnuð á lönd þeirra. Allir eru á móti öllum segir bæjarstjórinn í Vesturbyggð. Útilokað sé að ráða tug skyttna. Valdníðsla segir bóndi.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Við sættum okkur ekki við að ráðin sé grenjaskytta á pólitískum forsendum,“ segir Borgar Þórisson, bóndi á Hvalskeri og einn sextán jarðeigenda í gamla Rauðasandshreppi sem meina grenjavinnslumanni sveitarstjórnar hreppsins aðgang að löndum sínum.

Á bæjarráðsfundi í Vesturbyggð þann 23. júní síðastliðinn var lagður fram undirskriftalisti sextán landeigenda og umráðenda jarða í fyrrum Rauðasandshreppi „þar sem tilkynnt er að þeir neita alfarið að ráðinn grenjavinnslumaður í hreppnum fari um jarðir þeirra til grenjavinnslu eða nokkurra annarra hluta með skotvopn,“ eins og segir í fundargerð.

Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar er Keran Stueland Ólason á Breiðavík ráðinn til að vinna tófu í Rauðasandshreppi, nema á jörðunum sextán. „Þeir landeigendur sem vilja stjórna sjálfir grenjavinnslu á jörðum sínum skulu bera ábyrgð á því og bera allan kostnað sem af því hlýst,“ segir í samþykkt bæjarstjórnarinnar.

Borgar segir áðurnefnda jarðeigendur í Rauðasandshreppi vilja skyttuna Ara Albertsson til starfa á sínum jörðum. Ari hafi áratuga reynslu og þekki hvar grenin séu og sé þess utan vinsæll meðal flestra í sveitinni. Ari er hins vegar ráðinn af Vesturbyggð sem grenjaskytta í gamla Barðastrandarhreppi og er því meinað að vinna greni á öðrum svæðum samkvæmt skilmálum bæjarstjórnarinnar. „Brot á þessu leiðir til þess að samningi við grenjaskyttu verður rift fyrirvaralaust,“ segir í samþykkt bæjarstjórnarinnar.



**BREIÐAVÍK** Ábúandinn í Breiðavík er grenjaskytta Vesturbyggðar í gamla Rauðasandshreppi. Eigendur sextán jarða sem vilja ekki þjónustu hans verða að vinna tófugreni á eigin kostnað.

„Þessar reglur eru bara settar til að koma í veg fyrir að Ari hjálpi okkur,“ segir bóndinn á Hvalskeri.

Keran Stueland Ólason var á lista Sjálfstæðisflokks í sveitarstjórnarkosningunum í Vesturbyggð. Borgar kveðst telja að það hafi ráðið því að Keran fékk skyttustöðuna í Rauðasandshreppi upphaflega árið 2002. „Það er ólíðandi valdníðsla að við fáum ekki að ráða þann mann sem við treystum best sem grenjaskyttu,“ segir Borgar.

Ekki náðist í Keran í gær en



RAGNAR JÖRUNDSSON

Ragnar Jörundsson bæjarstjóri segir um að ræða vandræðamál til margra ára og að það eigi sér persónulegar rætur. „Það eru allir upp á móti öllum. Það er ekki hægt að fá samstöðu um hverjir eigi að vera inni á hvaða löndum og það er ekki hægt að vera með heilan tug af grenjaskyttum,“ útskýrir bæjarstjórinn. gar@frettabladid.is

Vatnsveita Hafnarfjarðar:

# Hækkar alls ekki hjá öllum

**SVEITARSTJÓRNIR** „Vatnið er einungis að hækka hjá um eitt hundrað fyrirtækjum í Hafnarfirði sem eru með mælagjald á aukavatni, eða svokallað aukavatnsgjald,“ segir Gunnar Svavarsson, formaður framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar, vegna fréttar í Fréttablaðinu í gær um að kalt vatn frá Vatnsveitu Hafnarfjarðar væri að hækka um 50 prósent. Gunnar bendir á að hækkunin eigi ekki við um heimili í Hafnarfirði, sem séu um átta þúsund talsins, og ítrekar að vatnið hækki aðeins hjá eitt hundrað fyrirtækjum en ekki hjá öllum eitt þúsund fyrirtækjunum sem séu í Hafnarfirði. - gar



GUNNAR SVAVARSSON

56 milljónir í skaðabætur:

# Steypustykki í bakið við vinnu

**DÓMSMÁL Yushan Shao voru dæmdar 56 milljónir króna í skaðabætur á miðvikudag vegna vinnuslyss. Fékk hann um 100 kílóa steypustykki á sig við vinnu við Kárahnjúkavirkjun í desember 2006. Skaddaðist hann mikið á mænu þannig að hann lamaðist frá brjósti og var metinn 90 prósent öryrki eftir atvikið.**

**Impregilo tilkynnti ekki um slysið til Vinnueftirlitsins fyrr en eftir tvo sólarhringa. Þá var búið að hreinsa slysstaðinn. Fyrirtæki þurfa að tilkynna slys innan sólarhrings samkvæmt lögum. Einnig er óheimilt að breyta slysstað umfram það sem nauðsynlegt er vegna björgunaraðgerða, áður en vettvangskönnun hefur farið fram.** - vsp






Bandaríkjaher skilur eftir sig gríðarlegar skemmdir á fornminjum í Írak:

# Illa farið með Babýlonborg

**ÍRAK, AP** Bandarískir hermenn í Írak og verktakar á vegum þeirra hafa valdið miklum skemmdum á ómetanlegum fornminjum í Babýlon, hinnar fjögur þúsund ára gömlu menningarborgar sem liggur tæpa 100 kílómetra suður af Bagdad.

Þungum hervélum hefur verið ekið yfir fornar götur og slóðir, jarðýtum beitt á hóla og hæðir og skotgrafir grafnar á viðkvæmum stöðum af fullkomnu tillitsleysi við menningarsöguna.

Þetta kemur fram í úttekt UNESCO, Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem hyggst gera ráðstafanir til þess að Babýlon verði hlíft við skemmdarstarfi af þessu tagi í styrjöldum í framtíðinni.

Ráðstafanir stofnunarinnar eru einkum þær, að setja Babýlon á heimsminjaskrá sína, en af einhverjum ástæðum er þessi forna menningarborg ekki enn komin á þann lista, sem státar meðal annars af Surtsey og Þingvöllum hér á landi.

Stofnunin tekur þó fram að skemmdarverk á Babýlon hafi ekki byrjað með innrás Bandaríkjahers, og þeim hafi heldur ekki linnt með öllu eftir að umsjón staðarins fór í hendur íraskra yfirvalda árið 2004. Hins vegar voru skemmdir Bandaríkjamanna meiri en bæði fyrr og síðar. Tekið er þó fram að engin merki finnast um að bandarískir hermenn og verktakar hafi unnið skemmdir af illvilja einum saman. - gb



**BANDARÍSKIR HERMENN Í BABÝLON** Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna ætlar að drífa sig í að setja staðinn á heimsminjaskrá sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 46760 07/09

Handhafar Vildarkorta VISA og Icelandair geta valið á milli þriggja gjafabréfa sem hægt er að kaupa fyrir Vildarpunkta og nýta hvenær sem er upp í flugfargjald með Icelandair.

- 30.000 Vildarpunktar jafngilda 20.000 króna gjafabréfi
- 20.000 Vildarpunktar jafngilda 13.000 króna gjafabréfi
- 10.000 Vildarpunktar jafngilda 6.000 króna gjafabréfi

Styttu leiðina á draumastaðinn út í heimi með Vildarkorti VISA og Icelandair.

+ Kynntu þér málið á www.vildarklubbur.is

VISA ICELANDAIR Vildarklúbbur

## GENGIÐ 09.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,63 | 129,25 |
| Sterlingspund | 208,13 | 209,15 |
| Evra | 179,58 | 180,58 |
| Dönsk króna | 24,11 | 24,252 |
| Norsk króna | 19,74 | 19,856 |
| Sænsk króna | 16,31 | 16,406 |
| Japanskt jen | 1,3842 | 1,3922 |
| SDR | 199,11 | 200,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

219,2672

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þór Sigfússon tekur sér frí frá störfum sem formaður SA um óákveðinn tíma:

# Vilmundur verður formaður

**ATVINNA** Þór Sigfússon, fyrrverandi forstjóri Sjóvár og stjórnarformaður Samtaka atvinnulífsins (SA), hefur ákveðið að taka sér frí frá störfum sem formaður SA um óákveðinn tíma frá og með gærdeginum. Ástæðan er rannsókn sérstaks saksóknara á málum Sjóvár en húsleit var framkvæmd á heimili Þórs í tengslum við málið.

Þetta kemur fram í tilkynningu sem hann sendi félagsmönnum SA í gær. Mun hann taka sér frí þar til mál hans skýrast innan rannsóknarinnar á Sjóvá.

„Um leið og rannsóknin var kynnt þá ákvað ég að ég vildi gera þetta strax,“ segir Þór aðspurður um hvort þrýst hafi verið á hann að taka sér frí. Hann segir SA hafa unnið frábært starf og hann hafi ekki viljað trufla það. Því hafi hann ekki látið þetta bíða.



ÞÓR SIGFÚSSON



VILHJÁLMUR EGILSSON

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segir að Þór hafi ekki verið beittur þrýstingi af sér. Þeir hafi rætt málin og Þór hafi verið umhugað um að taka ákvörðum sem væri góð fyrir samtökin. Hann telur ákvörðun Þórs rétta.

En skaðaði þetta SA? „Best hefði auðvitað verið ef þetta hefði aldrei gerst en ef SA og Þór bregðast rétt við í svona stöðu, sem ég tel okkur vera að gera, þá tekst okkur vonandi að afstýra því að þetta skaði SA,“ segir Vilhjálmur en tekur fram að SA eigi auðvitað enga aðild að þessu máli. Vilhjálmur segir varaformann Samtakanna, Vilmund Jósefsson, taka við formennsku samtakanna eins og eðlilegt sé. **- vsp**

Umsækjendur settir í próf:

# Nær allir náðu íslenskuprófinu

**SAMFÉLAGSMÁL** Aðeins tólf af þeim 206 umsækjendum um íslenskan ríkisborgararétt sem þreyttu próf í íslensku í júní féllu á prófinu. Þetta var í fyrsta skipti sem kunnátta umsækjenda um ríkisborgararétt í íslensku er könnuð með þessum hætti.

Í skýrslu Námsmatsstofnunar um framkvæmd prófsins kemur fram að framkvæmd þess hafi að flestu leyti tekist vel. Þyngd prófsins hafi virst við hæfi fyrir skimunarpróf, sem sé fyrst og fremst ætlað að vera hjálpartæki fyrir umsækjendur, ekki erfitt síupróf eins og tíðkist í sumum löndum. **- bj**

Líðan flugmannsins óbreytt:

# Haldið sofandi og í lífshættu

**SLYS** Líðan mannsins sem lenti í flugslysi í síðustu viku er óbreytt. Honum er enn haldið sofandi í öndunarvél og hann er enn talinn í lífshættu. „Við tökum hænufet áfram, en líðan er óbreytt,“ segir Stefán Hjálmarsson, læknir hjá Landspítalanum.

Flugslysið átti sér stað þegar flogið var á símalínu við Selá rétt við Vopnafjörð á fimmtudaginn í síðustu viku. Tveir menn voru í litlili Cessnu-vél og lést annar þeirra. Sá sem lifði, og er haldið sofandi í öndunarvél, er á miðjum fimmtugsaldri. **- vsp**



**GRÆTUR** Móðir í Xinjiang gat ekki tára bundist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Strangt eftirlit í Xinjiang:

# Þekktur Úígúri handtekinn

**KÍNA, AP Ilham Tohti, þekktur hagfræðingur í Xinjiang-héraði, var að öllum líkindum handtekinn í gær og hefur ekkert til hans spurst.**

**Tohti hefur verið óhræddur að gagnrýna kínversk stjórnvöld fyrir framkomu þeirra gagnvart þjóð sinni, Úígúrum.**

**Kínverski herinn heldur enn uppi afar ströngu eftirliti í höfuðborginni Urumqi og víðar í héraðinu. Hundruð manna hafa látist undanfarna daga í tengslum við mótmæli Úígúra, átök þeirra við Han-Kínverja og harkaleg viðbrögð hersins þar.** **- gb**

# Breskt vikublað sagt staðið að hlerunum

**Blaðamenn hjá breska blaðinu News of the World, eru sakaðir um að hafa hlerað farsíma fjölmargra þekktra einstaklinga, jafnt stjórnmálamanna sem fólks úr lista- og dægurheiminum. Breska lögreglan er byrjuð að rannsaka málið.**

**BRETLAND, AP** Breska vikublaðið News of the World, sem er í eigu ástralska fjölmiðlajöfursins Ruberts Murdochs, er sagt hafa stundað hleranir í stórum stíl. Blaðið greiddi einkasnuðrurum fyrir að útvega sér talskilaboð úr farsímum fólks, sem síðan voru notuð til að komast yfir bankareikningsupplýsingar, einkasímanúmer og fleiri upplýsingar.

Annað breskt dagblað, Guardian, sem þykir heldur vandara að virðingu sinni þótt ekki seljist það jafn vel, ljóstraði upp um þetta í gær. Yfirmaður lögreglunnar í London, Paul Stephenson, lýsti því í kjölfarið yfir að málið yrði rannsakað sem lögreglumál.

Gordon Brown forsætisráðherra segir málið vekja alvarlegar spurningar sem augljóslega þurfi að fá svör við.

„Við munum gera ítarlega rannsókn og fylgja málinu eftir,“ segir Stephenson lögreglustjóri.

Samkvæmt fréttinni í Guardian beindu blaðamenn News of the World spjótum sínum meðal annars að leikkonunni Gwyneth Palthrow, söngvaranum George Michael, borgarstjóranum Boris Johnson og sjónvarpskokkinum Nigellu Lawson, auk stjórnmálamanna úr þremur stjórnmálaflokkum.

Blaðið hefur, samkvæmt Guardian, greitt þremur fórnarlamba sinna með leynd samtals meira en milljón pund, eða rúmlega 200 milljónir króna, til að komast hjá dómsmálum vegna þessa athæfis.

Fréttin í Guardian vekur enn á ný upp gamla umræðu um siðferði breskra dagblaða, sem eiga í grimmilegri samkeppni um bæði lesendur og fréttir. Kræsileg frétt um þekktan einstakling getur skilað blaðinu gríðarlegri sölu, og því er oft kostað miklu til að útvega fréttir á undan öðrum.




**FORSÍÐUFRÉTT GUARDIANS** Vikublaðið News of the World á borðinu fyrir framan. NORDICPHOTOS/AFP

Breska persónuverndin segir að árið 2006 hafi hún afhent lögreglunni upplýsingar um að 31 blaðamaður hjá News of the World og systurblaði þess, dagblaðinu The Sun, hafi átt í viðskiptum með ólöglega fengnar persónuupplýsingar.

Árið 2007 féll síðan dómur í máli Clive Goodmans, sem var yfirmaður þeirrar deildar blaðsins sem sér um fréttir af konungsfjölskyldunni. Hann hlaut fjögurra mánaða fangelsisdóm fyrir að hlera farsíma hjá starfsfólki konungsfjölskyldunnar. Samstarfsmaður hans, Glenn Mulcaire einkaspæjari, hlaut sex mánaða fangelsisdóm. **gudsteinn@frettabladid.is**



**FÆKKAR** Um 125 þúsund Íslendingar flugu frá landinu á fyrri hluta ársins, eða um 672 á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kreppan fækkar ferðalögum:

# Helmingi færri fara til útlanda

**SAMGÖNGUR Flugferðum Íslendinga til útlanda í gegnum Leifsstöð hefur fækkað um tæplega helming það sem af er ári, samanborið við sama tímabil í fyrra, samkvæmt Ferðamálastofu.**

**Brottfarir Íslendinga voru alls um 125 þúsund talsins á fyrstu sex mánuðum ársins. Það er um 45 prósenta fækkun frá sama tímabili í fyrra, þegar brottfarirnar voru um 228 þúsund.**

**Frá áramótum hafa um 179 þúsund erlendir gestir farið frá landinu. Það eru tæplega þremur prósentum færri brottfarir en á sama tíma í fyrra, þegar þeir voru 184 þúsund talsins.** **- bj**

Madoff áfrýjar ekki dómnum:

# Sættir sig við 150 ára dóm

**BANDARÍKIN, AP** Bernard Madoff, sem dæmdur var í 150 ára fangelsi í Bandaríkjunum fyrir umfangsmikil fjársvik, hyggst ekki áfrýja 150 ára fangelsisdómi sem kveðinn var upp yfir honum í síðustu viku.

Lögfræðingur Madoffs vildi í gær ekki ræða nánar ástæður þess að dómnum yrði ekki áfrýjað. Madoff þarf samkvæmt dómnum að sitja í fangelsi til ársins 2159, en hann er 71 árs gamall. **- bj**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

**GÓÐVIÐRI UM HELGINA**

Það er ekki amalegar veðurhorfurnar um helgina. Hægviðri, bjartviðri og hlýtt víðast hvar. Helst er að sjá ský á annesjum vestan og norðvestan til í dag og á annesjum norðanlands á morgun. Á sunnudag kólnar nokkuð á austurhluta landsins og dregur nokkuð fyrir sólu á Austurlandi.







Á MORGUN
3-8 m/s




Á SUNNUDAG
Norðaustan 8-13 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Amsterdam | 19° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 20° |
| Eindhoven | 19° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 24° |
| New York | 25° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 15° |
| París | 19° |
| Róm | 28° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

www.ellingsen.is

# FRÁBÆRT SUMARTILBOÐ Á GISTINGU!

## Adria Altea 462 PS

**Verð áður 3.390.000 kr. TILBOÐ 2.990.000 kr.**

Sólarsella og markísa að verðmæti 322.000 kr. fylgir!





ADRIA

- Heildarlengd 649 cm
- Vagnlengd 519 cm
- Heildarbreidd 229 cm
- Heildarhæð 253 cm
- Lengd innanmál 466 cm
- Breidd innanmál 217 cm
- Hæð innanmál 195 cm
- Ummál fortjalds 912 cm
- Eigin þyngd 1080 kg
- Tilbúið til brottfarar 1141 kg

- Hámarksburðargeta 1300 kg
- Hámarksfarangur 220 kg
- Dekkjastærð 190/70 R15
- Gólfþykkt 30 mm
- Veggir og loft 30 mm
- Svefnpláss 4
- Rúm að framan 205x145 cm
- Rúm að aftan 192x136–130 cm
- Fataskápur já
- Salerni THETFORD
- Ísskápur 70 l
- Miðstöðvarkerfi TRUMA
- Vatnshitunarkerfi TRUMA
- Affallstankur 22 l
- Rafgeymir 12 V 115 amp
- Vatnstankur 40 l

## Montana-tjaldvagn

ásamt fortjaldi og yfirbreiðslu

**890.000 kr.**



| | |
|---|---|
| Heildarlengd | 3,3 m |
| Heildarbreidd | 1,6 m |
| Lengd að innan | 2,4 m |
| Hæð að innan ( minnsta hæð) | 1,9 m |
| Breidd að innan | 1,9 m |
| Eigin þyngd | 270 kg |
| Heildarþyngd | 395 kg |
| Burðargeta | 125 kg |
| Veggir, tjalddúkur: Ten Cate | 280 g/m2 |
| Gólf, tjalddúkur: Ten Cate | 320 g/m2 |
| Dekkjastærð | 13 tommur |



MONTANA

**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

**AKUREYRI**
Söluaðili: BÍLASALA AKUREYRAR
Freyjunesi 2 • 603 Akureyri • sími 461 2533

Ellingsen
*– fullt hús ævintýra*

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

**KJÖRKASSINN**



*Var rétt af stjórnvöldum að bjarga bótasjóði Sjóvár með tólf milljarða framlagi úr ríkissjóði?*

| | |
|---|---|
| Já | 33,4% |
| Nei | 66,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á Ísland að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Stjórnvöld hóta að beita hörðu gegn mótmælendum í höfuðborg Íran:

# Þúsundir út á götur Teheran

**ÍRAN, AP** Þúsundir mótmælenda streymdu út á götur Teheran, höfuðborgar Írans, í gær. Mótmæli höfðu þá legið niðri í ellefu daga. Mótmælendurnir lýstu stuðningi við Mir Hossein Moussavi, leiðtoga stjórnarandstöðunnar og kröfðust „dauða einræðisherrans“.

Mótmæli brutust út í kjölfar úrslita forsetakosninga nýverið, þar sem stjórnvöld sögðu Mahmoud Ahmadinejad forseta hafa unnið sigur á stjórnarandstæðingnum Moussavi.

Stjórnvöld tóku hart á þeim mótmælum og hétu því að berja niður allar tilraunir til frekari mótmæla, en þrátt fyrir það fylltust göturnar í gær. Lögreglan brást hart við, beitti kylfum og táragasi.

Mótmælin voru undirbúin í gegnum vefsíður á síðustu dögum, og stjórnvöld höfðu hótað því að berja þau niður með hörðu. Engar fréttir höfðu borist af afdrifum mótmælenda þegar Fréttablaðið fór í prentun. - gb



**MÓTMÆLTU** Mótmælendurnir vildu Mahmoud Ahmadinejad forseta frá völdum og Mir Hossein Mousavi, leiðtoga stjórnarandstöðunnar, til valda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grasspretta sumarsins:

## Seinni sláttur að hefjast víða

**LANDBÚNAÐUR** **„Eftir því sem ég hef heyrt lítur grassprettan í sumar mjög vel út og er í miklum blóma. Sumarið fór auðvitað mjög vel af stað, þótt ekki hafi verið sérlega hlýtt lengi vel,“ segir Ólafur Dýrmundsson, ráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands.**

**Að sögn Ólafs eru sumir sem hófu slátt snemma aftur farnir að slá. „Ég held að þetta eigi við um allt land. En það eru breytingar frá ári til árs. Áburður er nú mun dýrari en hann hefur verið, sem gæti þýtt að einhverjir noti minni áburð en venja er. Slíkt gæti haft áhrif á sprettuna,“ segir Ólafur Dýrmundsson.** - kg

Doktorinn á villigötum:

## Það er víst fiskbúð á Akureyri

**VERSLUN** **„Hann er alveg úti á túni með þetta hann Dr. Gunni. Við erum hér í alfaraleið og höfum auglýst grimmt síðan við opnuðum,“ segir Hallgrímur Guðmundsson, eigandi fiskbúðarinnar Heims hafsins. sem staðsett er við Tryggvabraut 22 á Akureyri, við hlið Axelsbakarís.**

**Í Bakþönkum í Fréttablaðinu í gær furðaði Dr. Gunni sig á því að engin fiskbúð væri á Akureyri. Þetta átti ekki við rök að styðjast, því Heimur hafsins var opnuð þar í mars síðastliðnum. „Það hafa margir hringt í mig og spyrja hvort ég sé virkilega búinn að loka búðinni. En það er aldeilis ekki svo,“ segir Hallgrímur Guðmundsson.** - kg

Fyrirspurn á Alþingi:

## Miklu fleiri karlar stjórna

**ALÞINGI** Rúmlega sjö af hverjum tíu ríkisstofnunum er stjórnað af körlum. Þetta hefur komið fram í svörum ráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur, þingmanns Samfylkingar.



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**

Þórunn spurði um kynjahlutfall stjórnenda opinberra stofnana sem heyra undir ráðuneytin. Öll ráðuneyti nema samgönguráðuneytið hafa svarað.

Undir ráðuneytin heyrir 201 stofnun. Er 141 undir stjórn karla en 60 undir stjórn kvenna. Mest er misvægið í umhverfisráðuneytinu, þar sem ellefu af tólf stofnunum er stjórnað af körlum. Minnst er misvægið í félagsmálaráðuneytinu, þar sem átta karlar stjórna stofnunum en sjö konur. - þeb

# Jafnræðis ekki gætt með vörugjöldum

**Félag íslenskra stórkaupmanna segir upptöku vörugjalda virðast handahófskennda. Áform um sykurskatt breyttust í upptöku gamalla vörugjalda. Mætti nota sömu rök til að svipta konur kosningarétti, segir framkvæmdastjóri FÍS.**

**EFNAHAGSMÁL** Upptaka vörugjalda á tilteknar vörur virðist handahófskennd, sem er ótækt í ljósi ákvæða stjórnarskrárinnar um jafnræði og eignarrétt, að mati Félags íslenskra stórkaupmanna (FÍS).

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri FÍS, hefur sent fjármálaráðherra og fulltrúum í efnahags- og skattanefnd bréf fyrir hönd félagsins þar sem óskað er eftir því að nýleg upptaka vörugjalda á fjölmargar tegundir matvæla verði endurskoðuð.

„Það er réttlætismál að skattlagning sé hafin yfir allan vafa,“ segir Almar. Hann segir það vekja spurningar þegar vörugjöld leggist á sojamjólk en ekki venjulega mjólk og þegar lakkrís beri vörugjöld en ekki súkkulaðihúðaður lakkrís, svo dæmi séu tekin.

Með nýlegri lagasetningu voru vörugjöld sem áður höfðu verið felld niður tekin upp að nýju, í þeim tilgangi að afla ríkinu tekna.

Almar segir mikið vanta upp á rökstuðning með nýlegri lagabreytingu sem mælir fyrir um vörugjöldin. Ekki sé ljóst hvers vegna sumar matvælategundir beri vörugjöld en aðrar ekki með nýju lögunum. Það sem upphaflega hafi átt að vera sykurskattur hafi endað sem vörugjöld á ýmsar vörur.

Almar segir það benda til þess að í flýtinum við að stoppa í fjárlagagatið hafi vörugjöld sem áður voru í gildi, en höfðu verið afnumin, verið tekin upp aftur.

„Það eru hæpin rök fyrir þessum vörugjöldum að svona hafi þetta verið áður og þess vegna sé löggjafanum heimilt, án annarra röksemda, að setja þessi gjöld á aftur. Það er svipað og að svipta konur kosningarétti með þeim rökum að þetta hafi einu sinni verið þannig,“ segir Almar.

Hann segir FÍS leggja áherslu á að ríkið skeri frekar niður útgjöld en að skattar séu hækkaðir. Ef hreyfa eigi við skattkerfinu sé heppilegra að fara almennari leiðir, til dæmis með því að hækka virðisaukaskatt, eða matarskatt. brjann@frettabladid.is



**SKATTAHÆKKUN** Ekki er ljóst hvers vegna sumar vörutegundir bera vörugjöld en aðrar ekki, segir framkvæmdastjóri FÍS. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### HANDAHÓFIÐ VIRÐIST RÁÐA

Framkvæmdastjóri félags íslenskra stórkaupmanna segir í bréfi til fjármálaráðherra að ótækt sé að gjaldtaka hins opinbera ráðist af því sem virðist vera hreint handahóf. Aðspurður nefnir hann nokkur dæmi úr nýsamþykktum lögum:

- Vörugjöld eru lögð á lakkrís, en ekki á súkkulaðihjúpaðan lakkrís.
- Vörugjöld eru lögð á sojamjólk, en ekki nýmjólk eða léttmjólk.
- Vörugjöld eru lögð á hreinan ósykraðan ávaxtasafa, en ekki á sykraðar jógúrtvörur.
- Vörugjöld eru lögð á rjómaís, en ekki á íssósur.



**VATNIÐ SOPIÐ Í SYDNEY** Brátt bannað í Bundanoon. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íbúar í áströlskum bæ:

## Lögðu bann við vatni á flöskum

**ÁSTRALÍA, AP** **Íbúar í ástralska bænum Bundanoon samþykktu á bæjarfundi að þar í bæ verði framvegis bannað að selja vatn á flöskum.**

**Sama dag skýrði Jon Dee, forsætisráðherra í ástralska fylkinu New South Wales, frá því að opinberum stofnunum verði óheimilt að kaupa vatn á flöskum.**

**Íbúarnir í Bundanoon og Jon Dee eru sammála um að vatn á flöskum sé ekki umhverfisvænt. Betra sé að ná sér í jafngott vatn í næsta krana.**

**Meira en sextíu bæjarfélög í Bandaríkjunum, Kanada og Bretlandi hafa bannað stofnunum sínum að kaupa vatn á flöskum, en líklega er Bundanoon fyrsta þorp heims til að banna sölu á vatnsflöskum.** - gb

**BORGARNES**

**Nytjamarkaður í Brákarey**

Nytjamarkaður verður haldinn í Brákarey í Borgarnesi á morgun frá 12 til 16. Það er körfuknattleiksdeild Skallagríms sem stendur fyrir markaðnum í fjáröflunarskyni en þar verður hægt að nálgast alls kyns vörur.





410 4000 | landsbankinn.is

EINKABANKINN | SJÁLFVIRKT HEIMILISBÓKHALD

Kakan þín er komin í Einkabankann



- Fyrsta sjálfvirka heimilisbókhaldið
- Enginn innsláttur í Excel og engir útreikningar
- Þú velur hvaða reikningar og kort mynda kökuritið
- Færslurnar eru flokkaðar fyrir þig
- Hægt er að endurnefna og endurflokka færslur

Heimilisbókhaldið er í Einkabankanum þér að kostnaðarlausu. Kynntu þér málið á landsbankinn.is.

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM37675 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280

# SEINASTI DAGUR Á MORGUN!



# SÆNGURFÖT







## 40–50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÆNGURFATNAÐI
## ATH! LÝKUR Á MORGUN, LAUGARDAG

### Mikið úrval af hágæða sængurfatnaði á ótrúlegu verði

Rekkjan er með stórglæsilega sængurfatadeild með miklu úrvali af sængurfötum. Meðal annars bjóðum við sængurföt frá þýska framleiðandanum Brennet sem hefur sérhæft sig í vönduðum sængurverum frá árinu 1881. Brennet notar eingöngu hágæða efni í vörur sínar, t.d. 100% Mako bómullarsatín. Brennet er einn örfárra sængurveraframleiðanda í heiminum sem hefur leyfi til þess að nota hitajöfnunarefnið Outlast í vörur sínar.




## 30% AFSLÁTTUR Á ÞRÝSTIJÖFNUNAR-SVAMPSRÚMUM




- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

ARGH! 060709

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvaða nýju tónlistarverslun og netsamfélag er verið að opna um þessar mundir?*

*2 Hvað hefur karlalið FH í fótbolta haldið marki sínu hreinu í margar mínútur?*

*3 Hvert verða tíu mjöltankar HB Granda fluttir á næstu dögum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Skemmtanaþyrst ungmenni eyddu nóttinni við afgreiðslu Flytjanda:

# Biðu lengi eftir miða í Herjólf

**SKEMMTANIR** „Þetta var heldur betur örtröð. Fólkið var að safnast saman í nótt og ég taldi hátt í þrjú hundruð sem biðu þegar við opnuðum klukkan átta,“ segir Aina Másdóttir, fulltrúi hjá Flytjanda. Mörg ungmenni söfnuðust saman hjá afgreiðslu fyrirtækisins við Klettagarða í Sundahöfn í gærmorgun, en þar var verið að selja óseldar pantanir í Herjólf í kringum þjóðhátíð.

Að sögn Ainu seldist upp fyrir nokkru í ferðir skipsins frá föstudegi til mánudags um verslunarmannahelgina. „Allir sem biðu fengu miða, en ekki á þeim tíma sem þeir vildu. Fólk er að kaupa miða frá miðvikudegi til miðvikudags til að fá eitthvað,“ segir Aina Másdóttir.

Forsala aðgöngumiða á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum í ár fer fram í verslunum 10-11 og lýkur miðvikudaginn 29. júlí. Miðaverð er 10.900 krónur í forsölu en 12. 900 við innganginn. Meðal atriða eru Páll Óskar Hjálmtýsson, Egó, Ingó og Veðurguðirnir, Skítamórall, Ragnar Bjarnason og Þorgeir Ástvaldsson. - kg



**ÞJÓÐHÁTÍÐARSTEMNING** Mikill áhugi er á hátíðinni þetta árið.

Þjófar um nótt:

# Brotist inn hjá N-1 í Stóragerði

**LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í söluskála N-1 við Stóragerði í Reykjavík um hálffimmleytið í gærmorgun.**

**Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu sáu vitni til tveggja manna á vettvangi og létu lögreglu vita. Mennirnir voru horfnir þegar lögregla kom á vettvang skömmu síðar. Mennirnir náðust á myndbandsupptöku, en í gær var ekki ljóst hvort upptakan væri nægilega skýr til að bera kennsl á mennina. Þeirra er enn leitað.**

**Mennirnir munu hafa haft töluvert magn af vindlingum á brott með sér en enga peninga. - kg**

Jökulháls enn lokaður:

# Allir vegir færir fyrir utan einn

**SAMGÖNGUR** Allir hálendisvegir eru færir núna nema einn, samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni. Sá lokaði er Jökulháls á Snæfellsnesi sem liggur við Snæfellsjökul.

Hálendisvegum er venjulega lokað á veturna þegar frost kemur í jörðu en þeir opnaðir smám saman yfir sumartíminn. Hætta er á skemmdum á vegi og náttúru ef vegir eru eknir meðan frost er í jörðu, samkvæmt Vegagerðinni.

Nú yfir hásumarið eru oftast allir vegir færir. Hins vegar fer eftir því á hvernig bíl fólk ekur hvaða leið það kemst. Mikið þarf til svo opnir vegir lokist aftur yfir sumartímann, samkvæmt Vegagerðinni. - vsp

**GRUNDARFJÖRÐUR**

### Fólksfjöldi gæti þrefaldast

Skemmtiferðaskipið Queen Victoria kemur til Grundarfjarðar á morgun. Skipið er 90 þúsund tonna og það stærsta sem komið hefur í fjörðinn, og ef allir farþegar fara í land mun fjöldi fólks í bænum þrefaldast.

**MOSFELLSBÆR**

### Uppákomur á föstudögum

Alla föstudagseftirmiðdaga í júlí og ágúst verða uppákomur á Miðbæjartorgi í Mosfellsbæ. Uppákomurnar eru klukkan 16.30 og eru ókeypis.

**DÓMSTÓLAR**

### Skilorð fyrir að kýla tvo

Maður hefur verið dæmdur á eins mánaðar skilorð fyrir að slá tvo menn hnefahöggi í andlitið. Mennirnir tveir tóku fyrirvaralaust að abbast upp á hinn dæmda og félaga hans, ausa yfir þá fúkyrðum og hrinda þeim. Hinn dæmdi brást við með því að kýla þá. Hann bar við neyðarvörn en á þau rök var ekki fallist.

# Áfrýjar en stýrir ekki daglegum málum

**Ríkissaksóknari áfrýjar en stýrir ekki daglegum málum sérstaks saksóknara. „Um leið og ég lýsti mig vanhæfan urðu allir starfsmenn mínir vanhæfir,“ segir ríkissaksóknari. Allsherjarnefnd deilir um leiðir til að taka á vanhæfi Valtýs.**

**STJÓRNSÝSLA** Ríkissaksóknari stýrir ekki daglegum málum sérstaks saksóknara. Hins vegar tekur hann ákvörðun um áfrýjun. Það tekur einungis nokkrar klukkustundir á ári, að sögn Valtýs Sigurðssonar ríkissaksóknara.

Valtýr segir misskilnings hafa gætt um embætti ríkissaksóknara. „Ríkissaksóknari er formlega yfir rannsókn bankahrunsins en má ekki skipta sér af sérstökum saksóknara. Margir halda að ríkissaksóknari geti ákveðið hverja eigi að kæra og hverja ekki. Það er ekki rétt. Menn átta sig ekki á því að embætti sérstaks saksóknara er sjálfstætt, svipað og efnahagsbrotadeild.“ segir Valtýr.

Frumvarp dómsmálaráðherra um skipan sérstaks ríkissaksóknara var rætt á fundi allsherjarnefndar í gær.

„Ég hef alltaf sagt að ódýrasta og eðlilegasta leiðin er að það verði settur ríkissaksóknari í þennan málaflokk,“ segir Valtýr sem lýsti sig vanhæfan 18. maí til að fara með málefni er varða bankahrunið. Við það að Valtýr lýsti sig vanhæfan rofnuðu öll tengsl embættis ríkissaksóknara og sérstaks saksóknara, að sögn Valtýs.

„Um daginn sá ég að þess væri krafist að ég viki, þar sem starfsmenn mínir þyrftu að vinna að málinu. En um leið og ég lýsti mig vanhæfan yfir þessum málaflokki þá urðu allir mínir starfsmenn vanhæfir um leið.“



**EVA JOLY OG RAGNA ÁRNADÓTTIR** Frumvarp dómsmálaráðherra um skipan sérstaks ríkissaksóknara var rætt á fundi allsherjarnefndar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**VALTÝR SIGURÐSSON**

Deilur eru innan allsherjarnefndar um leiðir til að taka á vanhæfi Valtýs. Í tillögu dómsmálaráðherra er lagt til að skipaður verði sérstakur ríkissaksóknari yfir málaflokknum, sem þýðir að stofnað verði sérstakt embætti. Athugasemdir hafa komið fram og telja sumir, þar á meðal Valtýr, að hentugasta leiðin sé að setja ríkissaksóknara yfir málaflokknum, svipað og tíðkast þegar ríkissaksóknari lýsir sig vanhæfan í einstökum málum. Dómsmálaráðherra hefur talið að ekki sé lagaheimild fyrir þessu.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður allsherjarnefndar, segist efnislega sammála frumvarpi dómsmálaráðherra. Búið er að funda þrjá daga í röð um frumvarpið. Eftir á að vinna nefndarálitið, en Steinunn gerir ráð fyrir „að það verði klárað öðru hvoru megin við helgina“.

Birgir Ármannsson, fulltrúi í allsherjarnefnd, segir að samstaða sé um meginefni frumvarpsins en mismunandi skoðanir séu um lagatæknilegu hliðina.

vidirp@frettabladid.is



**SVANDÍS GRÓÐURSETUR** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra gróðursetur reyniplöntu í tilefni dagsins ásamt þremur stúlkum. MYND/BRYNJÓLFUR

Skógræktarsvæði opnað:

# Opinn skógur í Ásabrekku

**UMHVERFI** Ásabrekka í Ásahreppi, svæði Skógræktarfélags Rangæinga, var opnað formlega á laugardaginn. Opnunin er liður í verkefninu „Opinn skógur“ hjá Skógræktarfélagi Íslands. Markmiðið er að opna skógræktarsvæði í eigu og umsjón skógræktarfélaga og gera aðgengileg almenningi.

Á annað hundrað manns mættu á opnunina en það var Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra sem opnaði skóginn formlega með því að klippa á borða. Því næst var haldinn ratleikur fyrir börnin og fengu allir þátttakendur trjáplöntu að gjöf.

Tíu svæði hafa verið opnuð með formlegum hætti innan verkefnisins „Opinn skógur“ síðan 2002. - vsp

**VESTFIRÐIR**

### Blótað í Arnardal

Ásatrúarmenn ætla að blóta sumar við sjóinn í Arnardal við Skutulsfjörð næsta miðvikudag, en þá er Óðinsdagur í ásatrú. Vestfirðingagoðinn Eyvindur P. Eiríksson hefur umsjón með blótinu og þangað eru allir velkomnir.

Norðursprotar á Norðausturlandi

## Styrkir til nýsköpunarhugmynda

Samfélagssjóður Alcoa, Háskólinn á Akureyri og Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands auglýsa eftir umsóknum í stuðningsverkefnið Norðursprota sem ætlað er að styðja við nýsköpunarhugmyndir einstaklinga á Norðausturlandi.

Styrkir eru veittir til gerðar viðskiptaáætlana eða frekari þróunar nýsköpunarhugmynda á svæðinu og geta numið allt að kr. 400.000. Norðursprotar er opið öllum með hugmyndir um nýsköpun, en einstaklingar í atvinnuleit eru sérstaklega hvattir til að sækja um.

Frekari upplýsingar ásamt umsóknarblaði eru á www.impra.is og hjá Sigurði Steingrímssyni sigurdurs@nmi.is.

Umsóknarfrestur er til 20. júlí.

Háskólinn á Akureyri
ALCOA FOUNDATION
Nýsköpunarmiðstöð Íslands



**SPLASS** Ungviðið nýtur lífsins þegar veðrið er gott eins og í Atlavík í gærdag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Útlit fyrir að veðrið leiki við landsmenn um helgina:

# Hlýjast á Suðvesturlandi

**VEÐUR** Útlit er fyrir að hlýjast verði suðvestan til á landinu um helgina, ef marka má spá Veðurstofu Íslands.

Hitinn gæti náð allt að tuttugu stigum á Suðvesturlandi en búist er við í kringum tólf stiga hita á Norðausturlandi. Annars staðar á landinu gæti hitinn orðið um og undir fimmtán stigum.

Spáð er fremur hægri austlægri átt á laugardag, en norðaustanátt á sunnudag. Skýjað verður með köflum sunnan- og vestanlands, en annars víða bjartviðri. - kg

# Sparaðu krónurnar

## ... verslaðu í Nettó!

GRILL LAMBALÆRI, KRYDDAÐ
**1.399** kr/kg
KJÖTSEL ~~1.998~~ kr/kg
30% afsláttur

50% afsláttur
NAUTAPIPARSTEIK
**1.599** kr/kg
~~3.198~~ kr/kg

GRILL HAMBORGARAR 10x90g
**1.049** kr/kg
~~1.498~~ kr/kg
30% afsláttur
ÓDÝRT

SVÍNAKÓTILETTUR, RAUÐVÍNS
**1.199** kr/kg
~~1.998~~ kr/kg
40% afsláttur

KJÚKLINGABRINGUR, 900g
**1.198** kr/pk.

SVÍNALÆRISSNEIÐAR, RAUÐVÍNS
**779** kr/kg
~~1.298~~ kr/kg
40% afsláttur

CHICAGO TOWN PIZZUR
**497** kr/stk.
~~629~~ kr/stk.

KJÚKLINGALUNDIR, 700g
**998** kr/pk.

BBQ SÓSUR 510g,
margar teg.
**237** kr/stk.
~~339~~ kr/stk.
40% afsláttur

NEKTARÍNUR, 750g
**199** kr/askjan
~~399~~ kr/askjan
50% afsláttur

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur.

TILBOÐIN GILDA 9. - 12. JÚLÍ EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

www.netto.is
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

netto SPARNAÐUR



**NÆR SÉR Í KJÖTBITA** Þessi köttur er eitt af átta tígrisdýrum sem bjargað var frá Sirkus í Portúgal í október, þar sem þau höfðu sætt illri meðferð. Nú pluma þau sig vel í Serengeti-garðinum í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sumarbústaðaeigendur í Borgarbyggð eru ósáttir við refagreni í nágrenninu:

# Ekki eytt vegna peningaskorts

**DÝRALÍF** Sumarbústaðaeigendur sem eiga lóðir rétt við golfvöllinn í Borgarbyggð eru margir hverjir ósáttir við refagreni í nágrenninu. Refirnir, sem eru um sjö talsins, éti rusl þeirra og mat og fuglalíf sé af skornum skammti vegna þeirra. Kvartað var til bæjaryfirvalda í Borgarbyggð, sem ekkert gerðu í málinu vegna peningaskorts.

„Það var sett ákveðið fjármagn í eyðingu á ref á þessu ári og sú fjárveiting er svo gott sem búin,“ segir Eiríkur Ólafsson, skrifstofustjóri Borgarbyggðar. Segir hann hins vegar að reynt sé að leysa þessi mál þegar þau komi upp.



**SÆTIR EN SKÆÐIR** Refagreni er í nágrenni sumarbústaðalóða. Einn nágranni þeirra hefur ekkert við þá að athuga og segir þá mjög spaka. Myndin er tekin í Húsdýragarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ekkert bannar viðkomandi sumarbústaðaeigendum að kalla þá til sem veiða refi en þá verða þeir líklega að borga þann kostnað sjálfir. Borgarbyggð er búin að eyða þó nokkrum peningum í að eyða refagrenum í sumar en ég viðurkenni fúslega að líklega var ekki nægur peningur í áætluninni,“ segir Eiríkur.

Axel Sigurðsson, eigandi sumarbústaðalóðar við grenið og sá sem upphaflega fann það, segir refina ágætis nágranna.

„Þetta eru yrðlingar sem eru að vaxa og við gefum þeim mat sem verður aflögu hjá okkur,“ segir Axel, sem ekkert hefur við þessa rándýrsnágranna sína að athuga og segir þá mjög spaka. **- vsp**

Heimspeki í Háskóla Íslands:

# 20. aldar heimspeki ekki kennd

**MENNTUN** Stúdentar í heimspeki við Háskóla Íslands fengu tilkynningu um það í vikunni að valnámskeiðið heimspeki 20. aldar verði ekki kennt í haust. Í tilkynningunni er nemendum sagt að það sé vegna sparnaðaraðgerða ríkisvaldsins og niðurskurðar á fjárveitingum til háskólans.

Óskar Einarsson, rekstrarstjóri hugvísindasviðs skólans, segir aðgerðirnar vera nauðvörn. Framlög til háskólans hafi lækkað eins og kunnugt sé og gripið sé til þessa ráðs til hagræðingar. Ekki hafi verið tekin ákvörðun um að fella niður fleiri námskeið á sviðinu sem stendur. **- þeb**

Mikið í gangi í Hinu húsinu:

# Götuhátíð og föstudagsfiðrildi

**MENNING Götuhátíð Jafningjafræðslunnar fer fram á Austurvelli í dag. Þar ætlar fjöldinn allur af ungum tónlistarmönnum að koma fram og boðið verður upp á ýmislegt fleira til skemmtunar. Þá verður þriðja föstudagsfiðrildi skapandi sumarhópa Hins hússins víðs vegar um borgina í dag.**

**Boðið verður upp á ýmis skemmtiatriði á Austurvelli og grillað verður fyrir gesti. Níu hópar skapandi sumarstarfa verða við störf í miðborginni milli tólf og tvö.** **- þeb**

**HOLLAND**

## Dagblað kærir hleranir

Hollenska dagblaðið De Telegraaf hefur kært ríkisvaldið fyrir að láta hlera síma starfsfólks blaðsins í tengslum við rannsókn á upplýsingaleka frá leyniþjónustu landsins. Blaðið segir að hleraðir hafi verið símar blaðamanns, sem skrifaði fréttir byggðar á slíkum leka.

Verðlagsnefnd hækkar verð á mjólkurafurðum:

# Mjólkurduft og nýmjólk hækkar mest

**NEYTENDUR** Verðlagsnefnd búvara hefur ákveðið að hækka heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum frá og með næstu mánaðamótum, þó verð til bænda muni haldast óbreytt. Verð á mjólkurdufti og nýmjólk mun hækka mest.

Breytingarnar verða mismiklar eftir tegundum. Heildsöluverð á nýmjólk mun hækka um átta krónur á lítra, eða um níu prósent. Verðlagning á mjólk er frjáls, en verðlagsnefndin gerir ráð fyrir því að þetta muni hækka mjólkurverð til neytenda um tíu krónur á hvern mjólkurlítra.

Mest verður hækkunin á heildsöluverði á mjólkurdufti til iðnaðar, eða 13,5 prósent. Léttmjólk mun hækka minna, eða um 4,6 prósent, og heildsöluverð á rjóma mun lækka um 0,7 prósent.

Í tilkynningu frá Verðlagsnefnd búvara segir að ástæðan fyrir því að hækka þurfi verð á mjólkurafurðum sé einkum hækkanir á aðföngum og öðrum rekstrarkostnaði í mjólkuriðnaði. **- bj**



**HÆKKAR** Smásöluverð á einum lítra af nýmjólk mun að líkindum hækka um 10 krónur þann 1. ágúst næstkomandi.



**STARFSMENN SPRON** Ósvaldur, lengst til vinstri, skilur ekki af hverju ekki er hægt að afgreiða þetta með því að setja þetta á dagskrá þingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# SPRON varaði ítrekað við

**SPRON varaði viðskiptanefnd við að ekki væri hægt að greiða út laun 9. júní og ítrekaði viðvörunina tvisvar. Einungis hluti réttarfarsnefndar gaf álit sitt.**

**KJARAMÁL** Bráðabirgðastjórn SPRON varaði viðskiptanefnd við 9. júní að ekki væri hægt að greiða laun starfsmanna SPRON þar sem lög tækju ekki til fyrirtækisins. Greiða átti út laun 1. júlí. Athugasemdin er til móttökustimpluð í viðskiptanefnd.

Hlynur Jónsson, formaður slitastjórnarinnar, hafði svo samband við aðstoðarmann viðskiptaráðherra 22. júní og sagði að vegna slitameðferðar væri sú staða komin upp sem varað var við 9. júní. Hlynur hafði samband við lögfræðing hjá ráðuneytinu 25. júní og ítrekaði mikilvægi málsins. Haft var samband við slitastjórn 29. júní og sagt að lögum yrði ekki breytt. Daginn eftir, 30. júní, tilkynnti slitastjórnin hvernig væri fyrir þessu komið.

Sagt var frá því í fjölmiðlum á miðvikudag að réttarfarsnefnd hefði sent frá sér álit þar sem hún taldi að slitastjórn SPRON væri heimilt að greiða út laun. Hins vegar náðist ekki í alla nefndarmenn við gerð álitsins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Slitastjórn hefur óskað eftir nánari skýringum réttarfarsnefndar. Ástæða þess að SPRON getur ekki gengið frá launum án lagabreytinga, að mati slitastjórnar, er að það skapar skaðabótaábyrgð gagnvart öðrum kröfuhöfum. Hlynur segir líklegt að erlendir kröfuhafar myndu kæra það. Þeir hafi þegar stefnt SPRON og vilja að yfirtaka SPRON verði dæmd ólögmæt. „Þeir eru því til alls líklegir og við gefum þeim ekki vopn að óþörfu,“ segir Hlynur.

Ósvaldur Knudsen, einn talsmanna fyrrverandi starfsmanna SPRON, segir að hvort sem túlkun slitastjórnarinnar sé rétt eða röng, þá er líklegt að breyta þurfi lögunum.

„Ég skil ekki af hverju menn standa í hártogunum endalaust. Viðskiptaráðherra og formaður viðskiptanefndar hafa gefið í skyn að ef ekkert verður gert af hálfu slitastjórnarinnar verði lögum breytt. Ég skil ekki af hverju menn setja þetta ekki bara á dagskrá þingsins og reyna að fá flýtimeðferð á þessu,“ segir Ósvaldur.

**vidirp@frettabladid.is**

## ER SPRON LEYFILEGT AÐ GREIÐA LAUNIN?

Réttarfarsnefnd og viðskiptanefnd Alþingis hafa vísað til 1. mgr. 156. gr. gjaldþrotaskiptalaga að leyfilegt sé að greiða út launin.

Á bls. 248 í handbók um gjaldþrotaskipti, eftir Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómara, segir:

„Áður en kemur að beinum aðgerðum við úthlutun reynir oftast á reglur 156. gr. GÞL, sem varða greiðslu á viðurkenndum kröfum. Þar er skiptastjóra gert að greiða svo fljótt sem unnt er eftir skiptafund.“

Þessi skiptafundur hefur hins vegar ekki átt sér stað hjá SPRON. Til gamans má geta að Markús er formaður réttarfarsnefndar sem ályktaði að SPRON væri heimilt að greiða launin.





50%
AFSLÁTTUR
ÖLL SUMARBLÓM
OG TRJÁPLÖNTUR
20%
AFSLÁTTUR
GARÐVERKFÆRI
HJÓLBÖRUR - STUNGUSKÓFLUR - GAFFLAR
KANTSKERAR - TRJÁKLIPPUR
GRASKLIPPUR - KEÐJUSAGIR
SLÖNGUHJÓL OFL.
GARÐ
ÚTSALA
SÝPRIS
499
30%
AFSLÁTTUR
SUMARBLÓM
Soldis
Silkitré & silkiblóm
STJÚPUR
10STK
399
20%
AFSLÁTTUR
BAST OG TRÉ
GJAFAVÖRUR
GRÓÐUR-
MOLD
50ltr
999
20%
AFSLÁTTUR
SLÁTTUVÉLAR
OG ORF
30%
AFSLÁTTUR
FROSTÞOLNIR
ÚTIPOTTAR
HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Frábær saman
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

**FRÉTTAVIÐTAL:** Már Guðmundsson tekur við starfi seðlabankastjóra

# Eltir ófarir og efnahagshamfarir

**Már Guðmundsson tekur við embætti seðlabankastjóra 20. ágúst næstkomandi. Hann skilur ekki hvernig fólki dettur í hug að kenna peningastefnunni um þær hamfarir sem átt hafa sér stað hérlendis undanfarna mánuði.**



**VIÐ STÖRF HJÁ ALÞJÓÐAGREIÐSLUBANKANUM** Már Guðmundsson hefur starfað sem aðstoðarframkvæmdastjóri peningamála- og hagfræðisviðs. Hann mun taka við embætti seðlabankastjóra 20. ágúst næstkomandi af Svein Harald Öygard. FRÉTTABLAÐIÐ/KLAUS BRODHAGE

Már Guðmundsson er menntaður hagfræðingur og hefur starfað í heimi seðlabanka frá árinu 1980, þó með hléi á árunum 1987-1991 þegar hann var fyrst eitt ár í doktorsnámi og síðan efnahagsráðgjafi fjármálaráðherra. Már er með M-phil-gráðu frá háskólanum í Cambridge í Bretlandi en hafði lokið BA-prófi frá háskólanum í Essex. Hann segir að hann hafi upphaflega hafið nám í Svíþjóð þar sem hann lagði stund á stærðfræði og hagfræði en ákveðið að flytja sig yfir til Bretlands þar sem hann hafi verið búinn að reikna út að það væri hagstæðara. „Ég heyrði í fréttum BBC að breska pundið hefði verið fellt mjög mikið og að Bretland hafi farið í prógramm hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum ekki ósvipað því sem Ísland er í um þessar mundir. Því myndu íslensku námslánin fleyta mér lengra í Bretlandi en Svíþjóð," segir Már.

Stuttu eftir flutning Más til Bretlands komst Margaret Thatcher til valda og byrjaði þá breska pundið að styrkjast. Már segir að skólagjöldin hafi þá einnig byrjað að hækka. „Því held ég að ég hafi nú ekki fengið mikið peningalega út úr þessum flutningi en ég fékk góða menntun," segir Már.

Strax að loknu M-phil-námi árið 1980 var Má boðið að fara í doktorsnám við Cambridge háskóla sem hann gat ekki þegið á þeim tíma. Hélt hann því heim á leið og starfaði hjá Seðlabanka Íslands í sex ár áður en hann sneri til baka í doktorsnámið í Cambridge. Það var þó stutt stopp þar sem einungis ári síðar var snúið til Íslands til að gerast efnahagsráðgjafi fjármálaráðherra. „Þá var ástandið kannski ekki jafn alvarlegt og það er í dag," segir Már. „Raungengi og verðbólga voru þó allt of há á þessum tíma en um leið var hætta á að eigið fé bankakerfisins færi niður fyrir lögbundin mörk við skarpa gengislækkun. Það tókst hins vegar að vinda ofan af þessu. Það virðast vera örlög mín að að missa af endanum á ofþenslu þegar launakjör eru hvað best og koma aftur þegar allt er hrunið."

### Pólitískur bakgrunnur

„Hver var ekki pólitískur á þeim tíma," segir Már þegar hann er spurður um þátttöku sína í stjórnmálum á árum áður. Hann segir að hann hafi hætt öllum flokkspólitískum afskiptum árið 1994 þegar hann tók við embætti aðalhagfræðings hjá Seðlabanka Íslands þar sem hann taldi þau ekki samrýmast stöðu sinni.

Már var virkur vinstra megin við Alþýðubandalagið fram til 1983 þegar hann gekk til liðs við það og sat meðal annars á tímabili í miðstjórn og framkvæmdastjórn þess. „Ég færðist líklega hratt til hægri eftir að ég gekk í Alþýðubandalagið og ætli ég hafi ekki verið orðinn það sem kallast hægri krati þegar ég hætti afskiptum af stjórnmálum," segir Már.

### Störf við Alþjóðagreiðslubankanum

Már starfaði hjá Seðlabankanum allt til 2004 þegar hann söðlaði um og flutti til Basel í Sviss þar sem hann hóf störf hjá Alþjóðagreiðslubankanum. Aðspurður segir Már ástæður þess að hann skipti um starfsvettvang vera að haft hafi verið samband við hann frá bankanum um að taka starfið að sér. Hann segir að hann hafi ekki sótt um starfið í upphafi en eftir að pressað var á hann hafi hann látið til leiðast, sótt um starfið og fengið.

Már er næstráðandi í sinni deild og gegnir stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra peningamála- og hagfræðisviðs bankans auk þess sem hann á sæti í yfirstjórn hans. „Mitt starf felst í stefnumótun og stjórnun en ég hef meðal annars yfirumsjón með starfsemi sviðsins í Asíu þar sem við erum með um tug hagfræðinga. Þá á ég í miklum samskiptum við seðlabanka heimsins en starfsemi okkar sviðs tekur til mjög stórs hluta af starfsemi þeirra, peningastefnu, fjármálastöðugleika, gagnaöflunar, uppbyggingar og skipulags seðlabanka, og margs fleira," segir Már. „Auk þess hefur starf Alþjóðagreiðslubankans gegnt mjög mikilvægu hlutverki við að samræma kreppuaðgerðir seðlabanka."

### Reynsla nýtist vel í starfi

Aðspurður segir Már það leggjast vel í sig að snúa aftur á gamla vinnustaðinn sinn við Kalkofnsveg. „Það er þó vissulega tvíbent tilfinning sem fylgir því að taka við þessu embætti nú," segir Már. „Það sem réð úrslitum um að ég sótti um er að mér finnst þetta spennandi. Ég hef verið í bankanum áður og mér finnst ég vera að koma með úr mínu starfi reynslu og sýn sem gæti nýst vel í starfi." Hann bætir við að hann sé vissulega að taka vissa áhættu með sjálfan sig og fjölskyldu sína og sé þannig t.d. að taka á sig töluvert stökk niður á við í kjörum og öðru. „Ég hef hins vegar fulla trú á því að Ísland muni rétta úr kútnum. Annars hefði ég ekki tekið þetta starf að mér."

### Mótun peningastefnunnar

Már starfaði í Seðlabanka Íslands eftir 1991 og tók þátt í umfangsmikilli vinnu við breytingar á peningastefnunni á þeim tíma. Hann sat meðal annars í nefnd sem fjallaði um að koma á frjálsum fjármagnshreyfingum gagnvart umheiminum. Hann segir ljóst að í kjölfar þess að samningurinn um EES var samþykktur hafi ekki verið hægt að reka einhliða fastgengisstefnu eftir að hömlur á fjármagnsflutninga voru afnumdar. „Það er engin leið að ráða við einhliða fastgengisstefnu eftir að hömlum á fjármagnsflutninga er aflétt," segir Már.

Hann segir að það sem bankinn hafi gert hafi verið að auka sveigjanleika í gengismálum í skrefum. „Á þeim tíma var ljóst að á einhverjum tímapunkti þyrfti að taka upp flotgengi eða ganga í myntbandalag."



**AÐALHAGFRÆÐINGAR SEÐLABANKA ÍSLANDS** Á þessari mynd frá árinu 2007 má sjá sex af átta aðalhagfræðingum Seðlabankans frá upphafi. Frá vinstri: Arnór Sighvatsson. Már Guðmundsson, Eiríkur Guðnason, Bjarni Bragi Jónsson, Sigurgeir Jónsson og Jóhannes Nordal. Á myndina vantar Þórarin G. Pétursson sem tók við embætti eftir að þessi mynd var tekin en einnig vantar Kristinn V. Hallgrímsson sem er látinn. Hann gegndi stöðunni um stutta hríð árið 1969. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRÐUR GAUTASON

## ALÞJÓÐAGREIÐSLUBANKINN:

Alþjóðagreiðslubankinn (The Bank for International Settlements (BIS)) er alþjóðleg stofnun sem þjónar þeim tilgangi að að auka samvinnu seðlabanka og er í raun banki fyrir seðlabanka heimsins. Bankinn hefur höfuðstöðvar í Basel í Sviss. Auk þess hefur bankinn bækistöðvar í Hong Kong og Mexíkóborg. Bankinn var stofnaður árið 1930 og er í eigu 55 seðlabanka. Viðskiptavinir bankans eru einungis seðlabankar heimsins og alþjóðleg samtök. Fyrirtæki og einstaklingar geta ekki átt viðskipti við bankann.

### Núverandi peningastefna

Árið 2001 var tekin sú ákvörðun að taka upp flotgengi og verðbólgumarkmið. Már segir það hafa verið rétta ákvörðun enda fáir aðrir kostir í boði á þeim tíma. „Það er hins vegar hugsanlegt að með sama hætti og gengisstefnunni var smám saman breytt í ljósi aðstæðna á tíunda áratug síðustu aldar hefði þurft að þróa þessa framkvæmd eitthvað líka. Ég var hins vegar ekki til staðar síðustu fimm árin og ætla mér ekki nú að gerast palladómari yfir verkum annarra. Úr fjarlægð var ekki annað að sjá en framkvæmdin væri eðlileg en það mun gefast tími til að skoða það allt betur þegar frá líður. Ég veit hins vegar ekki hvernig fólki dettur í hug að peningastefnan hafi skipt sköpum um hvernig fór fyrir íslenska bankakerfinu," segir Már og bendir á að ef það væri meginástæðan þá væru bankakerfin í Brasilíu, Chile, Ástralíu, Noregi, Nýja-Sjálandi og ótal fleiri löndum einnig hrunin. Hann segir að honum virðist að aðrir þættir hafi skipt þarna máli. „Það bíður betri tíma að tjá sig um það."

„Ég er mjög ánægður með að það var ráðið í stöðuna á faglegum grundvelli og á grundvelli vandaðs ferlis, enda hefði ég ekki verið hrifinn af því að vera handvalinn í þetta starf. Það var aldrei neitt slíkt til umræðu," segir Már að lokum.



FRÉTTAVIÐTAL
BJÖRN ÞÓR ARNARSON
bta@frettabladid.is



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 11

**Velta:** 60,5 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
750,76 **-0,32%**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ENGIN | | EIK BANKI | -10,11% |
| | | MAREL | -1,78% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 159,00 0,00% ... Atlantic Petroleum 475,00 +0,00% ... Bakkavör 1,21 +0,00% ... Eik Banki 80,00 -10,11% ... Føroya Banki 120,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,75 +0,00% ... Marel Food Systems 55,20 -1,78% ... Össur 114,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Ljóst er að hann verður svartur

Ársreikningur Sjóvár fyrir árið 2008 verður birtur af Fjármálaeftirlitinu (FME) í síðasta lagi fyrir lok næstu viku, að sögn Sigurðar Valgeirssonar, upplýsingafulltrúa FME. Ekki hefur náðst að birta hann fyrr en núna vegna endurskipulagningar á starfsemi Sjóvár, að sögn Harðar Arnarsonar, forstjóra Sjóvár.



**HÖRÐUR ARNARSON**

„Ljóst er að ársreikningurinn verður svartur. Fyrirtækið tapaði miklu á síðasta ári og nú er verið að ganga frá síðustu undirskriftum á reikninginn og svo mun sá hluti birtast sem skiptir máli,“ segir Hörður.

Eftir að skilanefnd Glitnis tók yfir Sjóvá fór hún mjög varfærnislega í mat á eignum félagsins, að sögn Harðar. Mat skilanefnda taki alltaf mið af verstu mögulegu kringumstæðum. Eigendurnir höfðu hins vegar bjartsýnna mat.

Ekki vildi Hörður tjá sig um fjárhæð tapsins í krónutölu en sagði að það væri töluvert meira en 16 milljarðar króna. Það var sú fjárhæð sem notuð var til að tryggja áframhaldandi rekstur Sjóvár á miðvikudag. Raunveruleg hætta var á að fyrirtækið færi í þrot.

Ríkið eignaðist vátryggingahluta Sjóvár á miðvikudag þegar það lagði 11,6 milljarða í félagið SAT, eignarhaldsfélag í eigu Glitnis. Glitnir og Íslandsbanki lögðu til um fjóra milljarða króna.



**SJÓVÁ** Óbirtur ársreikningur Sjóvár er talinn vera svartur. Tapið nemur töluvert meiru en verði félagsins. Félagið var keypt fyrir um 16 milljarða á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Með kaupunum var tryggingahluti Sjóvár skilinn frá fjárfestingahlutanum og er stefnt að því að Sjóvá fari í sölu á næstu vikum.

**- vsp**

# Lífeyrissjóðir rétta sig af

Lífeyrissjóðir landsmanna eru hægt og bítandi að rétta úr kútnum eftir það þunga högg sem þeim var greitt þegar fjármála- og gjaldeyriskreppan skall á í fyrrahaust. Enn er þó raunvirði eigna sjóðanna talsvert minna en fyrir hrun. Frá þessu segir í Morgunkornum Íslandsbanka.

Samkvæmt nýbirtum tölum Seðlabankans nam hrein eign lífeyrissjóðanna 1.733 milljörðum króna í lok maí. Eignin jókst um ríflega 22 milljarða króna í mánuðinum. Munaði þar mestu um tæplega fimmtán milljarða aukningu á erlendum eignum sjóðanna, en maí var hagfelldur mánuður á erlendum hlutabréfamörkuðum.

**- kg**



**LÆKKUN RAUNGENGIS** Raungengi krónunnar hefur lækkað mest allra.

# Mesta gengishrun sögunnar

Raungengi íslensku krónunnar féll um rúm 44 prósent frá því í lok júní 2007 þar til í lok nóvember 2008, miðað við körfu 58 mynta heims samkvæmt útreikningum Alþjóðagreiðslubankans í Basel (BIS). Þetta kemur fram í Hagsjá gærdagsins á vef Landsbankans.

Enn fremur kemur fram að þetta sé fjórða mesta hrun gjaldmiðils á átján mánaða tímabili, samkvæmt gagnagrunni BIS sem nær aftur til 1994. Ísland á hins vegar heimsmetið yfir hrun raungengis frá ársbyrjun 2008. Á því tímabili féll raungengi krónunnar um 38 prósent, en næst í röðinni kemur suðurkóreska vonnið sem rýrnaði að kaupmætti um 24 prósent á sama tíma.

**- kg**

# Ísland vermir fjórða sætið

Ísland er í fjórða sæti yfir þau lönd sem verst hafa orðið úti í kreppunni. Þetta kemur fram á vef Forbes. Í góðærinu héldu íslensku bankarnir að þeir hefðu fundið leyndarmálið til að njóta velmegunar og ríkidæmis . Svo var ekki því í raun var landið orðið einn stór vogunarsjóður sem veðjaði á rangan hest í aðdraganda kreppunnar.

Í umsögn vefsíðunnar segir jafnframt að þrátt fyrir að Ísland þurfi að glíma við kreppu og yfirvofandi verðhjöðnun sé ástandið ekki nærri jafn slæmt og í Eistlandi og Lettlandi. Einnig segir að þrátt fyrir töluverða verðbólgu á Íslandi sé hún ekki nærri jafn mikil og á indverska eyjaklasanum Seychelles-eyjum sem verma þriðja sætið á þessum lista á eftir Eistlandi og Lettlandi.

Í næstu sætum á eftir Íslandi koma 5. Írland, 6. Venesúela, 7. Singapúr 8. Litháen, 9. Úkraína, 10. Jamaíka.

**-bþa**



# ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans



**NAUTA RIBEYE KRYDDLEGIÐ**
**2.209** kr/kg.
Merkt verð 3.398.-




ÓDÝRT Í HAGKAUP
2 fyrir 1
**679** kr/2 stk.
**BBQ og buffalo vængir**
fulleldaðir



**2.999** kr/kg.
**Stór sérvalinn humar**
1 kg.




**1.889** kr/kg.
Merkt verð 2.998.-
**Kjúklingabringur**
ferskar




**1.949** kr/kg.
Merkt verð 2.998.-
**Kjúklingafille**
ferskt

## Spennandi á grillið!



NÝTT — Bökunarkartöflur
Beikonfylltar kartöflur
NÝTT — Maísstönglar
Tómatar með ostafyllingu
Berjabomba m/kókosbollum
Sveppir með ostafyllingu




CADBURY SÚKKULAÐI
**399** kr/stk.



EXTRA LIQUID TYGGJÓ
**299** kr/pk.



KANILLENGJA NÝBÖKUÐ
**449** kr/stk.



ÍTALÍ… ÓLÍFU…
**799**




ÁVAXTA KARMELLUR
**308** kr/pk.




ELDHÚSRÚLLUR 4 STK. Í PK.
**269** kr/pk.

ÓDÝRT Í HAGKAUP




A&W RÓTARBJÓR
**189** kr/stk.

NÝTT




SENSEO KAFFIPÚÐAR
**589** kr/pk.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 12. júlí á meðan birgðir endast.


Ódýrt um helgina
mesta úrvalið!
OPIÐ til 20 alla daga
ÓDÝRT Í HAGKAUP
NAUTAFILLE
2.209 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-
ÓDÝRT Í HAGKAUP
1.499 kr/kg.
Merkt verð 1.998.-
Lax
rauðvínskreyddleginn
1.799 kr/pk.
Verð áður 2.399.-
Jensen´s BBQ svínarif
tilbúin beint á grillið
ÓDÝRT Í HAGKAUP
499 kr/pk.
Grillborgarar
4 stk. x 80 gr.
SS
1.649 kr/kg.
Verð áður 2.198.-
Helgarsteik VSOP
koníakslegin
Wish-Bone
frábærar salatsósur
VÍNARBRAUÐ KEXSMIÐJAN
399 kr/pk.
MUFFINS KEXSMIÐJAN
499 kr/pk.
JÓI FEL BRAUÐSALÖT
299 kr/stk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
KOLAGRILL EINNOTA
299 kr/stk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
RISA SAMLOKUBRAUÐ
199 kr/stk.
JÓI FEL GRILLSÓSUR
ÓDÝRT Í HAGKAUP
GRILLBAKKAR 5 STK.
199 kr/pk.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## „ORÐRÉTT“

### Undir sólinni

**Mér finnst þetta um það bil vera síðasta lánið undir sólinni sem ætti að afskrifa fyrr en fullreynt er um innheimtur á því.**

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON FJÁRMÁLARÁÐHERRA TJÁIR SIG SEM BORGARI UM ÓSK BJÖRGÓLFSFEÐGA UM NIÐURFELLINGU SKULDA.

**Fréttablaðið 8. júlí**

### Ekkert feik

**Nei, nei, þetta er bara alvöru, ekkert feik. Ég vona bara að þetta sjáist vel þegar myndin verður sýnd í bíó.**

ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON LEIKARI UM HÖGG SEM HANN FÉKK FRÁ MÓTLEIKARA SÍNUM, STEFÁNI HALLI STEFÁNSSYNI, VIÐ GERÐ MYNDARINNAR JÓHANNES Í KALDÁRSELI.

**Fréttablaðið 8. júlí**

# tilveran
*nær og fjær*

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SKÚLI BJÖRNSSON

## *Jarlhettuslóðaganga verður frábær*



„Núna er ég á leiðinni á Norðurfjörð á Ströndum með fullan bíl af vistum fyrir – að því er mér skilst – fjórtán hjúkrunarfræðinga af Norðurlandi sem eru að fara að ganga á Hornstrandir. Ég ætla að sigla í Látravík og einnig að skoða skálann okkar á Norðurströndum og aðstæður þar,“ segir Skúli Björnsson hjá Ferðafélagi Íslands.

„Það eru gríðarlega góðar bókanir í allt sem Ferðafélagið hefur verið að bjóða upp á í sumar. Við erum með 38 skála og víða í þeim er gisting uppseld. En það er svo sem alltaf hægt að bæta við fólki enda nóg af tjaldstæðum,“ segir Skúli.

Að sögn Skúla hefur nýstofnað Ferðafélag barnanna fengið frábærar viðtökur. „Við erum bara rétt að byrja en það lofar mjög góðu. Það er meiningin að koma á laggirnar Ferðafélagi barnanna í öllum deildum um land allt. Næsta skref er síðan að stofna líka unglingaráð innan ferðafélaganna og við verðum með fjallaskóla í Þórsmörk í haust fyrir unglinga,“ segir Skúli.

Stórt verkefni fram undan er síðan fjölskylduhátíð Ferðafélagsins 15. ágúst. „En núna í júlí er ég sjálfur að fara að ganga með Ólafi Erni Haraldssyni um Jarlhettuslóðir. Það verður frábær ferð.“

## ANDA MEÐ RASSINUM

### SNIÐUGAR SKJALDBÖKUR

■ Skjaldbökur eru skemmtileg og hægfara dýr eins og flestum er kunnugt um. Færri vita kannski að þegar vetur gengur í garð, og skjaldbökurnar verða syfjaðar, leita þær gjarnan að djúpri tjörn sem líklegt er að muni ekki frjósa alveg. Þar grafa þær klærnar í leðjuna og leggjast í hýði svo mánuðum skiptir. Skjaldbökur hafa ekki tálkn til að anda með í vatni, en þær búa hins vegar yfir pokum í hálsi og endaþarmi sem draga í sig súrefni úr vatninu sem flýtur í gegnum þær.



## SJÓNARHÓLL

DÓMUR KYNLÍFSHROTTA

## *Ótrúlegt að hinir voru ekki kærðir*



ARI BRAGI KÁRASON

„Mér finnst ótrúlegt að hann sé einn að fá dóm en ekki hinir ellefu,“ segir Ari Bragi Kárason trompetleikari um fréttirnar af manninum sem var dæmdur á dögunum í átta ára fangelsi fyrir að beita konu sína ítrekað ofbeldi í tvö ár og neyða hana til að stunda kynlíf með ellefu karlmönnum. Þrír höfðu stöðu grunaðs en enginn þeirra ákærður.

„Þetta er svipað eins og tólf menn myndu brjótast inn í verslun og bara einn kærður því hann átti hugmyndina,“ segir Ari Bragi.

En finnst þér dómurinn of þungur eða of vægur? „Það er alltaf hægt að biðja um meira en miðað við hvernig hefur verið dæmt í kynferðisafbrotamálum hingað til finnst mér þetta skref í rétta átt,“ segir Ari og telur dóminn ásættanlegan miðað við þyngd refsingar mannsins sem dæmdur var en óásættanlegur hvað varðar að enginn hinna skuli sæta refsingu.


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið




**LISTAMENNIRNIR VIÐ VERKIÐ** Höfundar verksins, úr vinnuskólanum í Fellaskóla og knattspyrnufélaginu Brostnum draumum, ásamt flokkstjórunum Pétri og Kjartani. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Berjast gegn fordómum

**Stórt listaverk með slagorðum prýðir nú vegg í vinnuskúr í Breiðholti, eftir að kveikt hafði verið í skúrnum. Vinnuskólinn í Breiðholti tók höndum saman við félaga í knattspyrnufélaginu Brostnum draumum og máluðu verkið.**

„Upphafið var það að það var kveikt í vinnuskúrnum okkar og spónaplata var sett yfir skemmdirnar. Við vorum svo beðin um að mála hana,“ segir Kjartan Ólafsson, flokkstjóri í vinnuskólanum í Breiðholti. Hann er flokkstjóri áttundu bekkinga í Fellaskóla og félagi hans, Pétur Örn Svansson, er flokkstjóri hjá níunda bekk. Þeir fengu þá hugmynd að mála slagorð og fleira á plötuna. Stærra slagorðið er „berjumst gegn fordómum en ekki hvert öðru“ sem Pétur segir vera mottóið þeirra.

„Það er svo mikið af þjóðarbrotum hérna í hverfinu og þess vegna fannst okkur sniðugt að setja þetta á áberandi stað í hverfinu,“ segir hann. Það sé gert til að minna fólk á að standa saman og berjast gegn fordómum.




**STANDA SAMAN** Tilgangurinn með slagorðinu var að minna fólk á að standa saman í baráttunni gegn fordómum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pétur er aðstoðarþjálfari hjá knattspyrnuliðinu Brostnum draumum, sem hefur getið sér gott orð í Carlsberg-deildinni í sumar, og honum datt í hug að fá nokkra félaga úr liðinu til að hjálpa til. Því var líka skrifað á vegginn „brostnir draumar geta ræst“. Pétri fannst tilvalið að tengja þetta tvennt saman því einnig sé vert að berjast gegn fordómum inni á knattspyrnuvellinum.

thorunn@frettabladid.is

Fjórir háskólanemar í frumlegri sumarvinnu:

# Vildu gera eitthvað jákvætt

Netvarpið er nýr netmiðill þar sem sjónum er beint að jákvæðum fréttum. Fréttirnar eru allar í myndbandsformi.

Fjórir háskólanemar standa að síðunni og starfa við hana í fullu starfi í sumar. Þrír þeirra eru í verkfræðinámi og einn í íslensku. Sumir höfðu fengið sumarvinnu en aðrir ekki, en alla langaði þá til að prófa eitthvað nýtt og gera eitthvað á eigin spýtur. „Okkur langaði að gera eitthvað skemmtilegt og fengum þessa hugmynd,“ segir Hrólfur Andri Tómasson, einn af aðstandendum síðunnar.

„Planið er að tala við Íslendinga sem eru að gera áhugaverða hluti og fjalla um jákvæða hluti í íslensku samfélagi, það var útgangspunkturinn,“ segir Marínó Páll Valdimarsson, annar aðstandenda.

Netvarpið hóf göngu sína fyrr í þessari viku og nú þegar má þar finna áhugaverð viðtöl. Áhersla verður lögð á að tala við fólk sem starfar í frumkvöðlafyrirtækjum í bland við þekkta einstaklinga sem vinna að skemmtilegum hlutum. Reynt er að hafa viðtölin öll á jákvæðum nótum og finna viðmælendur sem horfa fram á veginn í kreppunni.

Slóðin á Netvarpið er www.netvarpid.is. - þeb



**NETVARPSMENN** Tveir af fjórum Netvarpsmanna við störf. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




# Ert þú með rétta kortið?




## e-Vildarkortið kemur vel út – heima og heiman!

Með e-Vildarkortinu færðu bæði endurgreiðslu og Vildarpunkta. Einnig veita yfir **200 samstarfsfyrirtæki e-kortanna** viðbótarendurgreiðslu. Endurgreiðslan er í **beinhörðum peningum** og hana getur þú notað í hvað sem þú vilt.

Þannig ræðurðu hvort þú setur þá fjármuni í daglegan rekstur heimilisins eða gerir vel við þig og þína og ferð til útlanda – **á besta mögulega verðinu, á þeim tíma sem þér hentar best.** Nánar á www.ekortin.is

Við hvetjum alla korthafa til að kynna sér þau fríðindi sem fylgja kortum þeirra.
**Ert þú með rétta kortið?**

KAUPÞING

VILDARKORT
ekortin.is

Fíton/SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Afvopnunarviðræður í Moskvu:

## Stærsta öryggismálið

STEFÁN PÁLSSON SKRIFAR

Viðræður forseta Bandaríkjanna og Rússlands um fækkun kjarnorkuvopna hófust í Moskvu í vikunni. Fyrir tuttugu árum síðan hefðu fregnir af slíkum fundi lagt undir sig alla fréttatíma og athygli heimsins beinst að fundarstaðnum, líkt og gerðist á fundinum í Höfða árið 1986. Áhugaleysi almennings um viðræðurnar nú skýrist af því hversu fjarlæg kjarnorkuógnin virðist nú, ef borið er saman við tíma kalda stríðsins. Sá tími er liðinn þegar fjölmiðlar kepptust við að benda á hversu mörgum kjarnaflaugum risaveldin beindu hvert að öðru og veltu vöngum yfir því hve oft kjarnavopnabúr veraldar dygðu til að eyða öllu lífi.

Eftir sem áður stafar veröldinni ógn af kjarnorkusprengjum. Ný ríki hafa bæst í kjarnorkuhópinn og vitað er um áhuga fleiri á að fylgja í kjölfarið. Fram hafa komið nýjar gerðir kjarnorkuvopna sem taka mið af beitingu í hefðbundnum stríðsátökum. Þá geta alltaf orðið slys í meðferð kjarnorkuvopna á friðartímum. Þannig hafa gagnrýnendur hugmynda Bandaríkjastjórnar um uppsetningu gagneldflaugakerfis bent á að slíkt kerfi myndi ýta enn frekar undir að kjarnorkuvopnum sé komið fyrir í hreyfanlegum farartækjum, svo sem skipum og kafbátum.

Gleðitíðindin frá fundinum í Moskvu eru þau að ríkin tvö virðast sammála um að fækka verulega í vopnabúrum sínum. Talað er um allt að þriðjungs fækkun kjarnaodda og að eldflaugum gæti fækkað enn meira. Sjálfsagt er að fagna þessum fréttum, en margir álíta þó að taka þurfi stærri skref. Sú skoðun er ekki bundin við friðarsinna eða róttæklinga á vinstri væng stjórnmálanna. Þannig hefur það viðhorf að vinna beri að allsherjar útrýmingu kjarnorkuvopna náð útbreiðslu meðal margra stjórnmálamanna sem seint verða sakaðir um að teljast sérstakar friðardúfur.

Alþjóðlegur hópur sem nefnir sig Global Zero Commission hefur skorað á forsetana að nota nú tækifærið og fækka um helming í kjarnavopnabúrum sínum. Yrði það fyrsta skrefið í nákvæmri áætlun um að útrýma þessum vopnum árið 2030. Undir yfirlýsinguna skrifa tugir reyndra stjórnmálamanna og diplómata, s.s. frá Bandaríkjunum, Rússlandi, Bretlandi og Mið-Austurlöndum.

Forsprakkar Global Zero-hópsins hafa komist að þeirri niðurstöðu að á meðan stórveldin hafi yfir kjarnorkuvopnum að ráða, verði útilokað að standa gegn því til lengdar að kunnáttan og færnin til að gera kjarnorkusprengjur breiðist út. Gleggsta dæmið um þetta eru kjarnorkutilraunir Norður-Kóreumanna. Skýringuna á því að einangruðu þriðja heims ríki hafi tekist að búa til kjarnavopn er ekki að finna á tilraunastofum í Pyongyang, heldur í kjarnorkuáætlunum stórveldanna. Meðan þau halda áfram að þróa og bæta vopn sín, munu þekkingarmolarnir hrjóta af borðum niður til minni ríkja eða jafnvel hryðjuverkahópa. Kjarnorkuafvopnun Bandaríkjanna og Rússlands er því eitt stærsta öryggismál samtímans.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

you can
Canon



**Taktu myndir á ystu nöf með Canon PowerShot D10**

Ný vatnsheld myndavél frá Canon sem hefur fengið frábæra dóma hjá gagnrýnendum. Taktu Canon PowerShot D10 með í sundið, veiðina, á ströndina eða þegar þú ferð á skíði.

Söluaðilar um land allt.
Nánari upplýsingar á **www.canon.nyherji.is**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Orður skulu ekki standa

Fram hefur komið að hægt er að svipta menn hinni íslensku fálkaorðu, þó það hafi líklega aldrei verið gert. Að minnsta kosti tveir fyrrum bankajöfrar hafa fengið fálkaorðuna á undanförnum árum, þeir Sigurður Einarsson og Björgólfur Guðmundsson. Nokkuð hefur verið rætt um hvort rétt sé að svipta þá orðunum. Björgólfur fékk riddarakross fyrir framlag til viðskiptalífs og menningar árið 2005. Sigurður fékk sinn riddarakross fyrir forystu í útrás íslenskrar fjármálastarfsemi á því herrans ári 2007.



### Stjórnmál með stjörnu

Algengara er að stjórnmálamenn séu sæmdir orðunum en viðskiptajöfrar, til dæmis fékk Valgerður Sverrisdóttir stórriddarakross á sama tíma og Björgólfur. Og seinna sama ár var Geir H. Haarde sæmdur stórriddarakrossi með stjörnu. Engin umræða virðist þó hafa myndast um hvort rétt sé að svipta einhverja stjórnmálamenn sínum orðum.



### Rofin tengsl við óskabarnið

Víst er að þótt Björgólfur Guðmundsson eigi enn orðuna hefur hann verið sviptur ansi miklu, hvort sem það er honum sjálfum að kenna eða öðrum. Nú síðast í gær bárust fregnir af því að Guðmundur Pétur Davíðsson, sem stýrt hefur Eimskip á Íslandi í tvö ár, myndi láta af störfum. Guðmundur þessi hóf störf þegar Björgólfur var einn aðaleigandi félagsins og svo vill til að hann er bróðursonur Björgólfs. Nú hefur Björgólfur verið sviptur fulltrúa sínum í þessu óskabarni þjóðarinnar. Og er þá lítið eftir.

**thorunn@frettabladis.is**
**stigur@frettabladid.is**

# Er þetta rétt reiknað?



RAGNAR HALL
**Í DAG** | Icesave-samningar

Um þessar mundir er hart deilt um það hér á landi hvort ríkissjóður eigi að taka á sig mörg hundruð milljarða króna skuldbindingu vegna Icesave innlánsreikninga Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Þótt hart sé deilt og margir láti málefnið til sín taka þykir mér á það skorta að gerð sé viðhlítandi grein fyrir því hvernig hin ætlaða skuldbinding hefur verið reiknuð út. Ég tel mig hafa ástæðu til að ætla að rangir útreikningar hafi leitt til þess að skuldbinding Íslands hafi verið ofmetin í samningsgerðinni.

Í eftirfarandi samantekt leiði ég hjá mér þann ágreining sem mest hefur verið fjallað um opinberlega, þ.e. hvort íslenska ríkið sé yfirleitt skuldbundið til að leggja Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta til fjármagn svo að sjóðurinn rísi undir skuldbindingu sinni gagnvart hinum erlendu innstæðueigendum. Þess í stað gef ég mér það, rétt eins og samninganefnd Íslands hefur gert, að Íslandi sé skylt að leggja þessa fjármuni til. Spurningin sem þá stendur eftir er þessi:

**Hvernig gerum við dæmið upp?**

Þar sem Landsbanki Íslands hf. er gjaldþrota verða menn að nálgast viðfangsefnið eftir þeim reglum sem gilda um gjaldþrotaskipti – engu breytir í því sambandi þótt bankinn sé í umsjá skilanefndar og úrskurður hafi ekki verið kveðinn upp um gjaldþrotaskipti. Kröfur Icesave-eigenda eru forgangskröfur við gjaldþrotaskipti, hliðsettar launakröfum eftir þá breytingu sem gerð var á réttindaröð krafna með svokölluðum neyðarlögum í október síðastliðnum. Þessir kröfuhafar eiga líka rétt á því að hinn íslenski tryggingasjóður greiði þeim út 20.887 evrur fyrir hvern slíkan reikning sem svo há innstæða var á eða hærri (að sjálfsögðu lægri upphæð ef innstæðan var lægri). Ef tryggingasjóðurinn gerir þetta, hvert er þá næsta skref?

Um leið og tryggingasjóðurinn greiðir út, þá eignast hann kröfu innstæðueigandans að því marki sem greitt er. Svo dæmi sé tekið um kröfu að fjárhæð 100.000 evrur, og íslenski tryggingasjóðurinn greiddi 20.887 evrur af henni, þá ætti tryggingasjóðurinn 20,887% af þessari kröfu en innstæðueigandinn ætti sjálfur 79,113% eftir.

Gefum okkur það síðan að breski tryggingasjóðurinn eigi að tryggja innstæðueigendum allt að 50.000 evrur af hverjum reikningi samkvæmt þarlendum reglum. Það þýðir að breski sjóðurinn greiðir 29.113 evrur til innstæðueigandans, sem þá á eftir 50% af upphaflegri kröfu sinni. Breska ríkið hefur síðan leyst til sín þennan hluta kröfunnar líka, umfram skyldu að mér virðist, en það skiptir ekki máli hér.

*Ég tel mig hafa ástæðu til að ætla að rangir útreikningar hafi leitt til þess að skuldbinding Íslands hafi verið ofmetin í samningsgerðinni.*

**Túlkun á gjaldþrotareglum**

Þá er ég kominn að kjarna málsins: Hvað á hver þessara aðila að fá stóran hluta upp í kröfu sína úr þrotabúi Landsbankans? Eigendur innstæðunnar, sem upphaflega var 100.000 evrur, eru nú orðnir þrír. Eru þeir jafnsettir við úthlutunina, eða hefur einhver þeirra forgang á annan? Ef þeir eru allir hliðsettir, þá mundi upphaflegi innstæðueigandinn fá úthlutun upp í eftirstöðvarnar jafnvel þótt úthlutunin væri undir 50% upp í forgangskröfur – það getur augljóslega ekki gengið. Tryggingasjóðirnir eiga að tryggja innstæðueigendum ákveðna lágmarksgreiðslu. Af því leiðir, að þegar þeir hafa gert það hlýtur úthlutunin fyrst að ganga til uppgjörs á þeim hluta sem tryggingasjóðirnir hafa leyst til sín. Á sama hátt hlýtur úthlutunin fyrst að ganga upp í kröfur íslenska tryggingasjóðsins áður sá breski fær nokkuð, því að skuldbinding breska sjóðsins kemur á eftir íslenska sjóðnum. Sá breski greiðir aðeins mismunarfjárhæð á 20.887 evrum og 50.000 evrum og þarf ekkert að greiða ef fjárhæðin er lægri en 20.887 evrur.

**Röng útlegging**

Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir Alþingi um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán tryggingasjóðsins til að gera upp Icesave-skuldbindingarnar segir m.a.:

„Íslenski tryggingarsjóðurinn fær framselda kröfu breska tryggingarsjóðsins og hollenska Seðlabankans í bú Landsbankans. Erlendu aðilarnir munu síðan sjálfir gera kröfu í búið vegna þess sem umfram er og þeir hafa fjármagnað. Í samningnum er sérstakt ákvæði sem áréttar að sjóðirnir muni njóta jafnræðis þegar kemur að úthlutun úr búi Landsbankans, þ.e. fá upp í kröfur sínar í jöfnum hlutföllum, en það er í samræmi við þá túlkun á gjaldþrotalögunum sem almennt hefur verið uppi (leturbreyt. RHH).“

Ég tel að þessi útlegging sé alröng og að hún fái með engu móti staðist. Ég hef unnið talsvert við lagaframkvæmd í sambandi við gjaldþrotaskipti um alllangan tíma. Ég kannast ekki við þá lagatúlkun sem hér er haldið fram að hafi almennt tíðkast. Þvert á móti held ég því fram að lagaframkvæmdin hafi verið þveröfug. Um það nægir að vísa til þeirra ótalmörgu tilvika þar sem Ábyrgðasjóður launa hefur leyst til sín hluta launakrafna í þrotabú.

Ég hef ekki aðstöðu til að reikna það út, hve miklu munar á þessum útreikningsaðferðum, en mig grunar að það geti skipt hundruðum milljarða króna. Það er trúlega skýringin á því að í samninginn skuli hafa verið tekið sérstakt ákvæði um þetta – hér hafa einfaldlega verið gerð skelfileg mistök okkar megin – og þá er ekki erfitt að skilja að Hollendingar segi að ekki komi til greina að taka samningaviðræður upp að nýju!

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður*

**Auglýsingasími**
512 50 50




– Mest lesið

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**SÆLUHELGIN** á Suðureyri við Súgandafjörð er hafin og stendur fram á sunnudag. Sæluhelgin er ein elsta bæjarhátíð landsins. Fastur liður í hátíðahöldunum er Mansakeppnin sem er veiðikeppni sem haldin verður nú í 22. sinn.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447





4ra rétta tilboð

*og nýr A la Carte*

· **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·
· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
* EÐA *
· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·
· **Skyr "Tonka crème brûlée"** með karamelluís ·

**6.890 kr.**

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.*

Glas af eðalvíni

**Barolo „Ornato" 2004** | Ítalía.
**Chablis Grand Cru „Les Clos" 2005** | Frakkland

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **16 eðalvínum** með mat. Verð frá 1.050-3.700 kr.
*Sjá nánar á perlan.is.*

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot


512 50 50 Auglýsingasími

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Hörpu Örvarsdóttur finnst bæði gaman að baka og elda en áhugi á eldamennsku er mikill í fjölskyldu hennar.

# Múffur og svalandi safi

**Harpa Örvarsdóttir rak kaffihúsið Kaffi Tröð á Akureyri fyrir nokkrum árum og þar bauð hún upp á heilsumúffur sem voru mjög vinsælar. Hún gefur nú lesendum Fréttablaðsins uppskriftina að þeim.**

„Múffurnar eru heilsusamlegar því í þeim eru gulrætur, epli og hreinn appelsínusafi, rúsínur og hnetur," segir Harpa Örvarsdóttir listakona. „Ég nota hrásykur í staðinn fyrir sykur og ekkert súkkulaði. Múffurnar eru seðjandi og æðislegar með smjöri og osti."

Harpa segist hafa komist yfir uppskriftina að múffunum í Kanada. „Þessar múffur eru líkar þeim sem fást á Starbucks í Ameríku," upplýsir Harpa og bætir við að hún hafi bakað þær á Kaffi Tröð á Akureyri. „Ég fæ aldrei leið á að baka þær. Ég bakaði þær á hverjum degi en núna er þetta ekkert á borðum hvern einasta morgun," segir Harpa hlæjandi.

Af hvaða tilefni gerir Harpa múffurnar? „Þetta er góður morgunmatur listamannsins um helgar," útskýrir Harpa en hún býr og starfar í Kvosinni í Mosfellsbæ og er þetta ein af hennar uppáhaldsuppskriftum.

Harpa segir að múffurnar séu góðar með svalandi drykk á sumrin sem vinkona hennar frá Akureyri gaf henni uppskrift að.

*martaf@frettabladid.is*

## MÚFFUR LISTAMANNSINS

Fimmtán hollar múffur

2 bollar hveiti
1 1/3 bolli hrásykur
2 tsk. lyftiduft
2 tsk. kanill
1/4 tsk. múskat
1/2 tsk. salt
2 bolli rifnar gulrætur
1/4 bolli rúsínur
1/2 bolli saxaðir valhnetukjarnar
1/2 bolli kókosmjöl
1/2 bolli afhýðað, rifið epli
3 stór egg
3/4 bolli olía
1/4 bolli appelsínusafi
2 tsk. vanillusykur

*Hrærið saman gulrótum, rúsínum, hnetum, kókosmjöli og epli í skál. Hrærið eggjum, olíu, appelsínusafa og vanillusykri saman í annarri skál. Blandið öllu vel saman og setjið í múffu-álbakka.*



*Stillið ofninn á 175 gráður og bakið á blæstri í 35 mínútur. Látið múffurnar kólna í fimm til tíu mínútur og takið þær svo úr bakkanum og látið kólna lengur.*

**Svalandi sumardrykkur**
3 bollar appelsínusafi
1 bolli ananassafi
3/4 bolli safi úr sítrónu
3/4 bolli safi úr lime
2 vanillustangir
1/2 l engiferöl
Mikið af ís

*Blandið öllu saman í könnu og skerið vanillustangirnar endilangar, skafið innan úr þeim og setjið út í drykkinn. Gott er að setja stangirnar sjálfar út í svo þær gefi enn meira bragð. Hrærið vel saman og geymið í kæli. Berið fram með mikið af klaka til að gera drykkinn ferskari.*


Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni

15.000 kr. matarkarfa frá Bónus, 3 mánaða kort í World Class, 10.000 kr. bensín úttekt frá Olís, gos frá Ölgerðinni, Tempur heilsukodda frá Betra bak, frítt í Laugarásbíó í allt sumar og frítt frelsi frá Tal í allt sumar.

Tal · Olís · Betra Bak · World Class Laugar · Laugarásbíó · Kristall · Bónus · Bylgjan 98,9

Sumarleikur NINGS

Sumartilboð

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Heimalagaðar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti með pandasósu
Stökkt svínakjöt „Thai Sesam"
ásamt hrísgrjónum og soya.

krónur 2790 fyrir tvo
krónur 1395 á mann

ATH! SUMARTILBOÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI



Íris Arna Geirsdóttir
Íslandsmeistari í Model fitness elskar heilsurétti Nings

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI: 588 9899



**BÁTADAGAR** verða haldnir í annað sinn á Breiðafirði um helgina. Farið verður á laugardagsmorgun á fjölda súðbyrtra báta frá höfninni á Stað á Reykjanesi, nokkurn spöl utan við Reykhóla, og komið við í eyjum á leiðinni til Flateyjar þar sem gist verður um nóttina. Nánar á www.reykholar.is.

Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði var reist árið 1995 í þeim tilgangi að gera fólki kleift að ferðast aftur til daga hersetunnar og ýmist rifja upp gömul kynni eða stofna til nýrra. Opið er daglega milli 13 og 17 frá 1. júní til 31.ágúst. **www.fjardabyggd.is**


## Sjóræningjadagur í Viðey

**Ævintýraleg fjársjóðsleit laugardaginn 11. júlí**



*Komdu út í Viðey og vertu sjóræningi í einn dag!*



- Ratleikur fyrir alla fjölskylduna
- Glæsilegir vinningar í boði
- Lágmark tveir í hverju liði
- Verðlaun fyrir besta sjóræningjabúninginn
- Grillaðar pylsur og hamborgarar við Viðeyjarstofu á tilboði
- Ljúffengar kaffiveitingar í Viðeyjarstofu

Flugfélag Íslands

Viðeyjarstofa

**Elding Hvalaskoðun Reykjavík / Viðeyjarferðir**
**Sími: 555 3565 www.elding.is**

Elding




Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir stígur á svið með kvartettinum sínum, Kvartett Gullu, á Jómfrúnni á morgun. Þar verða fluttir sígildir djassslagarar í bland við brasilíska tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Djassað á Jómfrúnni

**Kvartett söngkonunnar Guðlaugar Drafnar Ólafsdóttur kemur fram á fimmtu tónleikum sumartónleikaraðar veitingastaðarins Jómfrúarinnar á morgun. Flutt verður djasstónlist og lög frá Suður-Ameríku.**

„Á sumrin er djasstónleikaröð á veitingastaðnum Jómfrúnni á laugardögum og í ár eru tónleikarnir frá klukkan þrjú til fimm. Á morgun mun ég stíga á stokk ásamt kvartettinum mínum og flytja úrval djasstónlistar í bland við lög frá Suður-Ameríku. Þetta eru mikið til þekkt djasslög úr amerísku söngbókinni og notaleg brasilísk tónlist en við endurútsetjum sum lögin til að setja okkar mark á þau og gæða þau persónulegum anda,“ segir Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir söngkona.

Auk Guðlaugar koma fram Ásgeir Ásgeirsson á gítar, Róbert Þórhallsson á kontrabassa og Erik Qvick á trommur. „Bróðurparturinn af þessu bandi var með mér á diskinum Gentle Rain sem ég gaf út fyrir rúmu ári síðan og hluta af efnisskrá tónleikanna má finna á þessum diski,“ útskýrir Guðlaug og segist mjög ánægð með kvartettinn. „Við höfum aldrei spilað saman á Jómfrúnni áður og verður það eflaust gaman. Leikið verður utandyra á Jómfrúartorginu ef veður leyfir en annars verðum við bara inni. Aðgangur er ókeypis og tilvalið fyrir fjölskylduna að skella sér saman á tónleika um helgina. Efnisskráin er létt og aðgengileg og er tilvalið að dilla sér við hana jafnt í huga sem verki.“

Guðlaug bætir við að stemningin á Jómfrúnni sé oft svolítið útlensk. „Í góðu veðri er hægt að sitja úti og þá gæti maður í raun verið hvar sem er í heiminum. Börnin una sér líka vel í þessu umhverfi og tímasetningin er hugsuð þannig að fólk geti einfaldlega kíkt við með fjölskylduna og átt notalega stund saman.“

*hrefna@frettabladid.is*





**Sumarblómaveislan heldur áfram**

Komdu í Gróðrarstöðina Storð við Dalveg og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.

GRÓÐRARSTÖÐIN STORÐ

Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383 - stord@stord.is

ARGUS 09-0251-3




Hönnunarsýning á Kjarvalsstöðum.

# Fræðst um hönnun

**Sýningarstjóraspjall verður á Kjarvalsstöðum sunnudaginn 12. júlí.**

Á Safnadeginum veitist fólki gott tækifæri til að kynnast íslenskri hönnun og arkitektúr í fremstu röð í spjalli sem Elísabet V. Ingvarsdóttir, sýningarstjóri sýningarinnar Íslensk hönnun 2009 – húsgögn, vöruhönnun og arkitektúr, mun annast klukkan 15 á Kjarvalsstöðum.

Á sýningunni er sýnd íslensk samtímahönnun þar sem er unnið með tengsl þriggja hönnunargreina. Í spjallinu ræðir Elísabet samhengi þeirra og hvernig þær eru samofnar mannlegri hegðun. Skoðuð verða gríðarstór mannvirki og fínleg nytjahönnun sem eiga þó það sameiginlegt að tilheyra manngerðu umhverfi og vera mótandi þáttur í því.

Nánari útlistun á sýningarspjalli Elísabetar má nálgast á www.listasafnreykjavikur.is.

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 10. júlí 2009




## Á RÉTTRI HILLU Í LÍFINU

Ernu Bergmann dreymdi lengi um að verða dansari og reyndi fyrir sér í lögfræði. Áhugi á tísku og tónlist varð hins vegar ofan á og nú stýrir hún sjónvarpsþættinum Monitor.

### FATNAÐUR VIÐ ÝMIS TÆKIFÆRI

Arndís Ey Eiríksdóttir hannar slár og partýkjóla.

### GEKK Á MILLI OG FÉKK GEFINS DÓT

Bryndís Björnsdóttir sýnir verk sem hún vann úr tombóludóti.

### LEIÐIR KREPPUNA HJÁ SÉR

Nýjasta fatalínan frá Giorgio Armani er glæsileg í alla staði.


ÍSLENSKA PARIÐ



Whirlpool AWOD6715
1400 snúninga og 6kg ÞVOTTA-VÉL með rafeindastýrðum kerfisveljara og hitastilli, ullar-, handþvotta-og hraðkerfi. Þvotthæfni A, vinduhæfni B, orkunýtingu A+. Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir.

TILBOÐ 99.995
FULLT VERÐ 119.995



Whirlpool AWZ750
5kg tvíátta barkalaus ÞURRKARI með krumpuvörn, 2 hitastigum og köldum blæstri. Íslenskur leiðarvísir.

TILBOÐ 77.995
FULLT VERÐ 99.995

Whirlpool

ÞVOTTAVÉL MEÐ ÍSLENSKU STJÓRNBORÐI OG ÍSLENSKUM LEIÐARVÍSI

Heimilistæki ht.is

EYRARVEGI 21 SELFOSSI SÍMI 480 3700 - GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK SÍMI 464 1600 - GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI SÍMI 460 3380 - SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK SÍMI 569 1500

# núna

✻ ræktum vinina



## ÞÓRHALLUR SKÚLASON TÓNLISTARMAÐUR

helgin MÍN

Á föstudaginn ætla ég að fara á skemmtistaðinn Jacobsen og dansa, dansa og dansa og hita mig svolítið upp fyrir Boston þar sem ég er að spila kvöldið eftir. Á laugardaginn fer ég í brúðkaup og um kvöldið er ég eins og fyrr sagði að þeyta skífum á Boston, þar sem ég spila reglulega um helgar. Á sunnudaginn ætla ég svo að koma mér vel fyrir uppi í sófa og horfa á góðar heimildarmyndir í rólegheitunum.

þetta HELST

### Fá fjölskylduna í heimsókn



Íslenski hópurinn á Feneyjartvíæringnum, með listamanninn Ragnar Kjartansson í fararbroddi, hefur verið óþreytandi við vinnu sína síðan komið var á staðinn. Þorlákur Einarsson, kynningarfulltrúi hópsins, segir að hópurinn njóti þó hverrar mínútu í borginni enda sé hún með eindæmum fögur. Von er á heimsóknum frá vinum og vandamönnum nú í mánuðinum og ríkir mikil tilhlökkun vegna þessa.

### Komin í hóp foreldra



Árni Einar Birgisson plötusnúður og sambýliskona hans, stílistinn Agnieszka Baranowska eignuðust sitt fyrsta barn í vikunni sem leið. Foreldrarnir tjáðu sig á Facebook þar sem þau sögðu barni og móður heilsist vel. Tónlistarkonan Tanya Pollock og sambýlismaður hennar eignuðust einnig lítinn dreng í vikunni sem hefur fengið nafnið Francis Mosi.

### Fyrstu tónleikar Krooks



Hljómsveitin Krooks heldur sína fyrstu tónleika á Jacobsen þann 18. júlí næstkomandi. Hljómsveitin er meðal annars skipuð systkinunum Ívari Erni og Rebekku, sem gerði það gott með hljómsveitinni Merzedes Club. Hljómsveitin spilar svokallaða dubsteptónlist og má fólk búast við skemmtilegum tónleikum.



**Ey Design** Arndís Ey hannar undir nafninu Ey Design og selur flíkur sínar í gegnum tengslanetið Facebook. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Falleg slá** Arndís segir slárnar vera vinsælar, enda séu þær í raun tvær flíkur í einni.

Arndís Ey, klæðskeranemi, hannar fallegar slár og fína partýkjóla:

# FÆR HUGMYNDIR VÍÐA AÐ OG AUÐVELDLEGA

Klæðskeraneminn Arndís Ey Eiríksdóttir hefur verið að hanna flíkur undir nafninu Ey Design í tæp tvö ár og selt við góðar undirtektir í gegnum tengslanetið Facebook. Arndís segir klæðskeranámið hafa orðið fyrir valinu vegna þess að henni þótti það hönnunarnám sem í boði var hér heima ekki nógu spennandi. Meðal þess sem Arndís er að hanna eru fallegir sparikjólar, leggings og slár sem hægt er að nota á tvenna vegu. „Slárnar eru vinsælastar enda eru þær í raun tvær flíkur í einni og því hægt að nota þær við ýmis tækifæri. Flíkurnar seljast nokkuð hratt hjá mér en ég reyni að hafa alltaf eitthvað til á lager fyrir fólk til að skoða eða máta. Ég hef líka stundum saumað eftir pöntun, þá biður fólk mig um að sauma flík, til dæmis slá eða kjól, í ákveðnum lit eða efni.“ Hugmyndirnar að flíkunum segir Arndís koma víða að. „Hugmyndirnar koma mjög auðveldlega, það getur aftur á móti stundum verið erfitt að framkvæma þær. Ég fæ yfirleitt hugmyndina fyrst og fer síðan að skoða efni og vinn svo flíkina strax í efnið. Í mínu námi er ekki verið að skissa og teikna flíkurnar upp fyrst heldur vinna þær beint á efnið.“

Áhugasamir geta skoðað fötin á Facebook-síðu Arndísar. *- sm*




Bryndís Björnsdóttir listnemi:

## Tombóla til styrktar Nemendagalleríi

Myndlistarneminn Bryndís Björnsdóttir mun opna sýninguna Tombóla í Kaffistofu Nemendagallerí í dag. Sýningin verður opnuð klukkan 17 og verður aðeins opið þennan eina dag. Bryndís segir sýninguna vera endalok á ákveðnu ferli sem hófst þegar hún byrjaði að safna dóti fyrir tombóluna, sem hún hefur síðan endurunnið á mismunandi vegu. „Ferlið byrjaði með því að ég gekk á milli húsa í hverfinu og bað um dót á tombólu og vann svo ýmis verk úr dótinu, til dæmis teikningar, skúlptúra, vídeóverk og ýmislegt annað. Ég vona bara að fólkið sem gaf mér dótið kíki við og láti reyna á heppnina,“ segir hún. Bryndís segist hafa fengið ólík viðbrögð frá fólki þegar hún bar upp erindið þó að flestir hafi tekið vel í uppátækið. „Mörgum fannst fyndið að hálf fullorðin manneskja væri að biðja um dót á tombólu.“ Hver tombólumiði mun kosta tíu krónur og rennur allur ágóði óskiptur til Kaffistofu Nemendagallerís. *- sm*




**Heldur tombólu** Bryndís, sem er nemandi við Listaháskóla Íslands, heldur sýningu í Nemendagalleríinu á Hverfisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

✻ augnablikið



**FÁGUÐ** Ofurfyrirsætan Kate Moss mætti í þessum látlausa og fallega svarta kjól á forsýningu nýrrar fatalínu söngkonunnar Beth Ditto.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson **Ritstjórn** Roald Eyvindsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



30% sumarvörur
40% rammar
áður 6.990,-
nú 4.893.-
30% Goa hilla
70% rúm grindur
3 fyrir 2 borðbúnaður
3 fyrir 2 púðar
stóll
áður 5.990,-
nú 4.193,-
3 fyrir 2 Yes To snyrtivörur
30% Kim baststólar
áður 6.490,-
nú 4.543,-
útsala
Útsalan heldur áfram
15% afsláttur gefinn við kassa af öllum vörum sem ekki eru á útsölu
the PIER
kemur stöðugt á óvart ...
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# STARFSTILBOÐ *Í STRÆTÓ*

**Erna Bergmann birtist aftur á sjónvarpsskjám landsmanna fyrir stuttu í þættinum Monitor á SkjáEinum. Hún er ekki alls ókunnug sjónvarpsvinnu því hún stjórnaði tónlistarþættinum Á bak við böndin á sjónvarpsstöðinni Sirkus fyrir nokkrum árum ásamt vinkonu sinni Ellen Loftsdóttur.**

*Viðtal:* Marta María Friðriksdóttir
*Ljósmyndir:* Arnþór Birkisson



**Leiðist aldrei** Erna segist alltaf hlakka til að vinna að Monitorþáttunum en veit ekki hvort hún ætlar að leggja störf í sjónvarpi fyrir sig í framtíðinni.

Monitor er nýr skemmtiþáttur fyrir ungt fólk sem hóf fyrir stuttu göngu sína á SkjáEinum. Erna Bergmann fatahönnuður er stjórnandi þáttarins. „Það er svolítið fyndið hvernig það kom til að ég varð stjórnandi þáttarins. Ég bjó í Berlín í haust, þar sem ég var í skiptinámi í fatahönnun, og er búin að búa heima hjá mömmu og pabba frá því að ég kom heim. Þetta var glataður morgunn, ég á ekki bíl og var í strætó á leiðinni í vinnuna sem var fullur af tveimur leikskólahópum. Þá fékk ég símtal frá Hrefnu Björk Sverrisdóttur, framkvæmdastjóra Media, sem er með Monitor. Hún spurði mig strax þá, klukkan níu um morguninn, hvort ég vildi vera með sjónvarpsþátt," segir Erna sem stakk upp á að þær myndu hittast í kaffi í vikunni, en Hrefna Björk gat ekki beðið. „Þannig að tveimur tímum seinna fórum við og fengum okkur kaffi og allt í einu var ég að byrja með sjónvarpsþátt, átti að mæta á fund um kvöldið og í myndatöku daginn eftir."

Erna segir Hrefnu Björk hafa gert henni tilboð sem erfitt var að hafna en fundur þeirra átti sér stað fyrir um mánuði. „Það var alltaf í deiglunni að Monitor byrjaði með sjónvarpsþátt. Svo var einhvern veginn ekkert að gerast í sjónvarpinu í sumar og þeim fannst þetta akkúrat tíminn fyrir dægurmálaþátt fyrir ungt fólk, svona á þessum síðustu og verstu þegar menn vilja sjá smá ljós í lífinu, fá stuð og hætta að tala um kreppuna," segir Erna og bætir við að ráðgert sé að gera átta þætti og fer sá síðasti í loftið um miðjan ágúst.

## LAS DALAI LAMA

Erna er þó ekki alveg ný í sjónvarpsgeiranum þar sem hún stjórnaði tónlistarþættinum Á bak við böndin á sjónvarpsstöðinni Sirkus fyrir nokkrum árum. „Ég var með þann þátt með vinkonu minni, Ellen Loftsdóttur, og það er einhvern veginn allt öðruvísi þegar það eru tveir saman að stjórna en ég var alveg sjúklega stressuð að byrja með Monitorþáttinn og las einhverjar Dalai Lama-sjálfshjálparbækur," upplýsir Erna hlæjandi. „Svo þegar ég byrjaði var þetta ekkert mál. Þetta er ótrúlega skemmtilegt og ég hlakka alltaf til að gera þættina en tíminn mun leiða það í ljós hvort vinna við sjónvarp verður eitthvað sem ég legg fyrir mig."

## SLEIT GÍTARSTRENG

Aðspurð segir Erna að Monitor sé tónlistartengdur og að lokaliður þáttarins sé tónlistarvænn. „Mér finnst það mjög skemmtilegt því ég hef mikinn áhuga á tónlist. Ég hef alltaf hlustað mjög mikið á tónlist og verið að plötusnúðast í gegnum tíðina. Hvernig væri lífið án tónlistar?" spyr Erna brosandi. En hefur hún þá líka æft á hljóðfæri? „Nei, ekki neitt. Mig langaði að læra á gítar og hef alltaf viljað vera í hljómsveit. Ég fékk einu sinni gítar frá vini mínum, lærði tvö lög og sleit streng. Gítarinn er óhreyfður síðan."

En hver er Erna Bergmann? „Ég ólst upp í Hafnarfirði og er Gaflari. Ég gekk í Öldutúnsskóla og Flensborg. Ég byrjaði í lögfræði í Háskólanum í Reykjavík, var þar í eina önn, og varð hálfþunglynd af því," segir Erna, sem virðist frekar vera fyrir listir en lögfræði á bók, þar sem hún er nýútskrifaður fatahönnuður og byrjaði að eigin sögn í dansi tveggja ára með bleyju. „Ég býst við því að ég hafi verið að reyna að ganga í augun á pabba mínum þegar ég ákvað að fara í lögfræðina því hann er mikið á bókina. Hann sýnir mér samt mikinn stuðning en skilur ekkert í mér að hafa farið í fatahönnun."

Eftir önnina í lögfræðinni ákvað Erna að leggja fatabransann fyrir sig og fór að vinna hjá NTC, sem meðal annars rekur 17 og GS skó. Svo færði hún sig yfir í Spúútnik og eftir tvö ár þar lá leið hennar í verslunina Kronkron þar sem hún er enn og reynir að samræma þáttastjórnunina verslunarafgreiðslunni. „Ég er í rauninni að vinna alla daga. Hugrún og Magni sem eiga Kronkron eru svo æðisleg þannig að það gengur ágætlega að samræma vinnurnar tvær. Ég er að vinna þrjá til fjóra daga inni í búð og svo er ég í þættinum hina dagana þannig að mér leiðist aldrei," segir Erna sem gefur sér þó tíma fyrir sjálfa sig inn á milli anna.

## LIFÐI Í PRAKTÍSKUM HEIMI

Þegar Erna byrjaði í Kronkron hóf hún nám í fatahönnun í Listaháskóla Íslands og útskrifaðist í vor. „Ég hef alltaf haft áhuga á tísku. Ég vildi stjórna því hverju ég klæddist og fann aldrei kjól fyrir böllin þannig að mamma þurfti alltaf að sauma nýjan. Ég fattaði samt ekki fyrr en miklu seinna hvað mig langaði til að gera. Ég ætlaði aldrei að verða fatahönnuður þegar ég var unglingur því þá var ég að reyna að vera praktísk í hinum heiminum. Svo fattaði ég að mér finnst ekkert gaman að vera praktísk og þá gaf það augaleið að fara í fatahönnun," segir Erna sem ákvað það tveimur vikum áður en umsóknarfresturinn í Listaháskólann rann út að sækja um. „Ég var ekki með neina möppu þá en bjó hana til úr teikningum og ljósmyndum, skilaði henni svo og komst inn," segir Erna.

„Mamma hefur alltaf stutt mig í öllu því sem ég hef tekið mér fyrir hendur," segir Erna þegar hún er innt eftir því hvort mamma hennar hafi hvatt hana áfram í listum eftir að hún hætti að sauma kjóla á Ernu fyrir böll. „Þegar ég var lítil




2 fyrir 1+
**DUREX.** Ef þú kaupir Play-O unaðskremið frá Durex þá færðu Play nuddfroðuna frítt með, tvær frábærar nýjungar frá Durex.


## * bak við tjöldin

**Stjörnumerki:**
Naut.

**Besti staðurinn á Íslandi?**
Þeir eru margir guðdómlega fallegir en fátt finnst mér toppa stemninguna sem blossar upp í miðbæ Reykjavíkur á virkilega góðum sumardegi.

**Uppáhaldsflíkin?**
„Blazer"-jakkinn sem ég hannaði fyrir lokalínuna frá LHÍ.

**Besti tími dagsins?**
Get ekki valið á milli þess að kúra á morgnana eða seint á kvöldin í huggulegheitum.

**Uppáhaldsmatur?**
Hvítlauksleginn humar.

**Draumaferðalagið?**
Mig hefur alltaf langað til Afríku að skoða dýralífið. En þessa stundina þrái ég ekkert meira en sól og strönd með kokteil í hönd.

**Uppáhaldshlutur?**
Gæti ekki lifað án tölvunnar minnar.

**Kostir:**
Vinur vina minna.

**Gallar:**
Ópolinmóður þrjóskupúki.

**Ég lít mest upp til:**
Köddi Hristbjörns hefur kennt mér margt.





stelpa fengum við besta vinkona mín sér tíma í skólanum á föstudögum til að vera með sýningar og leikrit því við vorum alltaf að búa eitthvað til. Ég var í dansi frá því að ég var tveggja ára og þar til ég var rúmlega tvítug. Ég ætlaði mér meira að segja að verða dansari á tímabili. Ég sótti um í listdansi hérna heima og komst ekki inn og varð ótrúlega fúl en komst svo inn í skóla í London. Ég er rosalega fegin að ég fór ekki þangað því ég er alveg á réttri braut núna.“

### SVARTUR TÍSKUSTULDUR

Erna var í skiptinámi í listaháskólanum í Berlín fyrir áramót þar sem hún vann mikið með svartan lit og minni efni heldur en hún hafði gert áður. Notaði hún Berlínarhönnunina sem undirstöðu fyrir fatalínu sem hún hannaði sem útskriftarverkefni frá Listaháskólanum í vor ásamt því að skrifa B.A.-ritgerð um tískustuld. „Mér finnst tískustuldur svo merkilegur. Þetta er alveg fáránlega ósanngjarnt gagnvart litlum hönnuðum, eins og mér til dæmis, að stóru búðirnar geti rænt af okkur og grætt á okkur án þess að við fáum neitt. Ég á til að mynda einn Marc Jakobs-kjól og H&M gerði nákvæmlega sama kjólinn. Það er fúlt að kaupa sér dýra flík og finna hana svo í H&M miklu ódýrari.“

Þegar Erna er innt eftir því hvert framhaldið verði hjá henni segist hún ætla halda áfram að vinna í Kronkron og svo sé mastter í fatahönnun vonandi á dagskránni á næstu árum. „Ég verð örugglega alltaf með annan fótinn í Kronkron. Hugrún og Magni hafa reynst mér svo ótrúlega vel og mér þykir svo vænt um þau. Ég vil endilega vera með þeim í að byggja upp þetta veldi. Svo var alltaf planið hjá mér að fara í mastersnám í fatahönnun annað hvort í London eða New York en ég ætla að láta það bíða aðeins. Ég gæti farið út og fengið lærlingsstöðu hjá fatahönnuðum,“ segir Erna en hún hefur nú þegar gert það tvisvar sinnum. „Ég held ég myndi ekki fara aftur nema það væri hjá einhverri stjörnu því það myndi gefa mér mikið að vinna náið með fatahönnuði sem ég lít upp til eins og Soniu Rykiel, Vivienne Westwood eða Mark Jakobs,“ segir Erna hlæjandi.



# Dýrslegar snyrtivörur



Style Warrior er ný lína frá Mac sem ætlað er að gefa villidýrinu sem býr innra með hverri konu lausan tauminn. Djarfir litir í bland við náttúrulega eru allsráðandi og vörurnar skreyttar hlébarða- eða sebramynstri til að undirstrika hina villtu hlið sem litirnir eiga að draga fram. Í línunni eru meðal annars Solar Riche-sólarpúðrið og Gold Rebel varaglossið. Sólarpúðrið inniheldur frísklegan og náttúrulegan brúnan lit með votti af appelsínugulri litaáferð sem gerir húðina fallega. Varaglossið Gold Rebel er bronslitað með glitrandi áferð og passar vel við sumarförðunina. Það fæst einnig í gylltum, bleikum og brúnum lit. *- hds*

# Rokkað og stelpulegt frá Balmain



Banda- og sylgjuskór hafa verið vinsælir í ár og munu halda áfram að vera í tísku fram á næsta ár ef marka má tískusýningarnar. Þessi rauðu ökklastígvél eru úr nýjustu skólínu Balmain-tískuhússins. Skórnir frá Balmain hafa verið að koma sterkir inn og hafa ósjaldan sést á rauða dreglinum í ár. Nýja línan þeirra þykir nokkuð rokkuð með mörgum sylgjum en þó stelpuleg með pinnahælum og þröngum skóm. Svipuð stígvél má vafalaust finna í skóbúðum á Íslandi enda ökklastígvél það allra heitasta og því ættu flestar konur að geta eignast fallega skó þótt þær eignist ekki þetta par. *-hds*



# tíska

✻ útsölur eru málið




**FALLEG OG FRÍSKLEG Á SUMRIN** Konur með þurra húð eiga oft í erfiðleikum með að finna hentugar snyrtivörur. Bobbi Brown Extra SPF 25 Tinted Moisturizing Balm er vandað dagkrem, sem er sérstaklega búið til með þurra húð í huga. Í kreminu eru rakagefandi efni ásamt A- og E-vítamínum og sólarvörn sem draga úr öldrunarmerkjum húðarinnar og gera hana frísklegri. Þá ljá litarefnin sem í kreminu eru húðinni fallegan og heilbrigðan blæ.

## algjört möst



1 Golf. Útvegaðu þér gott golfsett og ekki er verra ef það er smart.



2 Kósíkvöld. Eigðu notalega kvöldstund með vinkonunum yfir hvítvínsglasi og gómsætum ostum.

3 Bíóferð. Skelltu þér á gæðamyndina My Sister´s Keeper ásamt vinkonunum og grenjaðu úr þér augum. Ekki gleyma að hafa vasaklút meðferðis.



4 Umhirða. Hugsaðu um húðina og splæstu í góðan andlitsmaska.



5 Grill. Grillaðu ljúffengan fisk heima í garði og berðu fram ásamt lífrænt ræktuðu grænmeti.



**Glæsileiki** Seint verður sagt um hönnuðinn að hann feti ótroðnar slóðir í þessari nýju línu en glæsileg er húnengu að síður.



**Vandað** Athygli vöktu þau vönduðu efni sem notuð eru í línunni.



**Strákslegt** Armani hikar ekki við að tefla strákslegum fatnaði upp á móti kvenlegum.

Tískuvikan í París:

# ELEGANT FRÁ ARMANI

Tískuhönnuðurinn Giorgio Armani blæs á allt krepputal í nýjustu fatalínu sinni sem sýnd var nú á tískuvikunni í París. Eins og meistarans var von og vísa var fatnaðurinn klassískur á að líta þar sem svart, hvítt, grátt, silfrað og blátt var áberandi. Kvenleg snið í bland við strákslegan fatnað féllu í kramið og sérstaka athygli vöktu dýr og vönduð efni, loðfeldir og önnur munaðarvara, sem er í hrópandi mótsögn við ríkjandi efnahagsástand. *- rve*



**Íburður** Nýjustu línu Armani hefur verið lýst í tveimur orðum: Bling bling. Þessi gyllti kvöldkjóll rennir stoðum undir þá fullyrðingu.

NORDICPHOTOS/AFP




www.oryggi.is

Hafðu það gott með Heimaöryggi

Hringdu í 570 2400 og fáðu öryggi í áskrift

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN



**Unaðslegt** Nuddið hentar meðal annars þeim sem æfa íþróttir. NORDICPHOTOS/GETTY

Heilsumeðferð hjá Mecca Spa:

# Nuddað með ilmkjarnaolíum

Snyrtistofur og heilsulindir landsins bjóða upp á margt sniðugt. Svo dæmi sé tekið eru ýmsar náttúrulegar meðferðir í boði hjá Mecca Spa á Hótel Sögu. Þar á meðal er heilsunudd með ilmkjarnaolíum, annaðhvort klukkutíma eða eins og hálfs klukkutíma langt eftir þörfum. Í nuddinu er notast við sérblandaðar ilmkjarnaolíur sem búnar hafa verið til í samvinnu við Kolbrúnu Björnsdóttur, grasalækni og eiganda Jurtaapóteksins. Olíurnar eru blandaðar sérstaklega eftir þörfum hvers og eins og gerðar úr virkustu efnum sem fáanleg eru. Nuddið er álitið henta sérstaklega vel þeim sem eru í íþróttum eða líkamlega erfiðri vinnu þar sem það vinnur vel gegn kvillum eins og vöðvabólgu, liðagigt og of háum eða lágum blóðþrýstingi, svo viðkomandi á að koma út hress og endurnærður. *- hds*



**Virk efni** Ilmkjarnaolíurnar eru gerðar í samvinnu við Kolbrúnu Björnsdóttur grasalækni.

## LONDON, ENGLANDI

**Þórunn Lárusdóttir, leikkona**




**MORGUNMATURINN** Ef maður er pínu ryðgaður og langar í óhollan mat ætti maður að leita uppi það sem Bretar kalla „fry up"-stað, þar sem ósvikinn enskur morgunmatur er í boði. Ekki er þó ráðlegt að stunda slíka staði sé manni annt um heilsuna.

**SKYNDIBITINN** Dim sum á Golden Dragon við Gerrard Street. Þetta er truflaður matur og hröð þjónusta.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA** Ég hef svo sjaldan farið rómó út að borða í London, en get þó mælt með Hakkasan sem er svona asískur „fusion"-veitingastaður sem er stutt frá Tottingham Court Road-lestarstöðinni. Flottur matur og góð stemning. Ætli maður hins vegar dýrt út að borða, þá mæli ég með Nobu.

**BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ** Það brást ekki að við í vinahópnum uppgötvuðum alltaf eitthvað nýtt og spennandi öll þau ár sem ég bjó úti á námsárunum. Mér er sérstaklega minnisstætt þegar við lentum í götu sem var eins og klippt út úr Suður-Frakklandi þar sem við duttum niður á yndislegan franskan veitingastað, sem ég hef því miður aldrei fundið aftur. En það eru einmitt svona frábær augnablik sem gera lífið svo krassandi.

**UPPÁHALDSVERSLUNIN** Ætli maður í verslunarleiðangur til London þá er King´s Road málið. Þar er fallegt um að litast, lítil örtröð og hægt að versla vörur á hagstæðu verði. Þar er að finna mína uppáhaldsverslun, CM Store, sem er reyndar orðin svolítið dýr eftir kreppu.

**BEST VIÐ BORGINA** Iðandi líf er alls staðar að finna í borginni, sérstaklega á stöðum sem fæstir vita af, til dæmis í litlum hliðargötum þar sem ýmislegt spennandi er í boði. Svo fannst mér hreint ótrúlegt hversu marga ódýra og góða veitingastaði var að finna á meðan ég var bara fátækur námsmaður.











# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Curver Thoroddsen listamaður**

**1** Vakna upp af fjórtán tíma svefni með fjölskyldunni í einbýlishúsinu mínu á Álftanesinu.



**2** Fer með þyrlu upp á Esjuna og labba svo niður þar sem ég nenni ekki að ganga upp.



**3** Fæ Kaupþing til að fella niður allar mínar skuldir.



**4** Fæ mér ljúffenga sextán tommu lundapítsu frá Sliceland.

**5** Fer um kvöldið á frábæra tónleika með Fleetwood Mac, þar sem Michael Jackson flytur öll lögin með Police aftur á bak í rockabilly útgáfu.








**Nýkomin sending af albúmum, pappír og límmiðum frá K comany og EK.**

Föndur og gjafavara
FÖNDRA
Dalvegi 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is
Opið 10-18 virka daga





**Harðviður til húsabygg-inga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is







# HEILSA

## Heilsuvörur

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!**
3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskálanudd og Tíbet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd ! S. 823 8280.

Glæsilegt heilnudd. Langar þig í nudd hringdu í s. 662 0841.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Unleash the Power Within**
**TONY ROBBINS LIVE**
**Róm 25-28.september**
**www.englar.is**
**567-6617 / 699-6617**

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Skemmtilegt námskeið fyrir börn og fullorðna. Nánari uppl. s: 895 1551 www.brokey.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

1 árs vel ættaður brúnn Labrador hundur til sölu af sérstökum aðstæðum. S. 862 8770

Fallegir kassavanir kettlingar fást gefins á góð heimili. s 840 3240 / 693 9836.

Chihuahua Hvolpar til sölu,tilbúnir til afhendingar,ættbókafærðir frá HRFÍ Sími 869 2604 eða jonsdottir@simnet.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Hjólhýsi til sölu. Deseo400LKK með WC árg 2008. Verð 1.850.000,- kr. S:660 5928.

## Fyrir veiðimenn

SJÓSTÖNG.. Bjóðum bestu verðin í sjóstangveiði. Nýr bátur, nýjar stangir og gamall skipstjóri. Tilvalið fyrir fjölskylduna eða smærri hópa. Förum daglega frá Reykjavíkurhöfn.S:892-0099

## Hestamennska

8 daga hestaferð um Fjallabak Syðra og Nyðra 18-25. júlí. Nánari uppl. í s. 896 1675 eða www.hestaborg.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Keflavík. Flott 3ja herb. íbúð. Stutt í alla þjónustu. Laus strax, 75þús. Uppl. í s:864 2789.

Til leigu 2-3 herb. íbúð með sérinngangi í 111. Uppl. í s. 867 9403.

Stórt einbýli/sérhæð með glæsilegu útsýni á sv. 111 Rvk. til leigu. Uppl. í s. 867 9403.

4herb. 90m2 íbúð til leigu í Furugrund 200 kóp. 115þús/mán. Uppl. 892 1026.

Herbergi til leigu á Laugavegi 143 v. 33.000. Kristinn 895 2138 & 615 0874.

Studio 101 30fm til leigu. Fráb úts yfir höfn. 70 þús, laus, nýstands. 896 9694

2 herb. íbúð á jarðhæð til leigu á sv. 200. Reykleysi og reglusemi áskilin. Uppl. í s. 864 0561 & 554 0561.

3 herb. íbúð til leigu í Fellahv. Leiga 95þ. á mán. Laus 13 júlí. S. 899 1591.

2ja herb. íbúð til leigu í Garðabæ. Reyklaus einstaklingur. Uppl. í s. 869 6414 & 892 8825.

ÞINGHOLTIN - LAUS STRAX 3ja herb íbúð 80 fm. Leiga 110 þús á mán m/hita&rafm. Húsg. fylgja. Uppl. í síma 844-4202

## Húsnæði óskast

Óska eftir einbýlishúsi (rað/parhús) til leigu í Garðabæ. Er með börn í Holtaskóla. Uppl. í s. 772 3993.

Vantar húsnæði á höfn í hornafirði frá 1. ágúst. Uppl. í s. 699 7898.

Hjón með 2 börn óskar eftir 4+ herbergja íbúð í 200 Kóp. Fossvogsdalurinn og þá helst fyrir neðan nýbýlaveg. Ólafur, S:856 2302.

## Sumarbústaðir



**Útsala - Sumarhús**
Til sölu fullbúið sumarhús ca. 100m2 á góðum stað við Geysi í Haukadal. Húsið er fullbúið með húsgögnum. Eftir er að bera á húsið og veröndina. Bústaðurinn er byggður árið 2007 en er ónotaður. Hitaveita, eignarlóð, heitur pottur. Ca. klst. akstur frá Rvk. Fæst á kr. 15.5m stgr. Uppl. í s. 892 0566 e-mail bygg@internet.is



**Þrastahólar Grímsnesi - Útsala**
Snyrtilegt og nýstandsett 58fm sumarhús á góðri 5.500 fm eignarlóð. 100 fm sólpallur. Útsala 12,9 millj. Skoða skipti á hjólhýsi. Uppl. í s: 898 1598.

Skemmtileg verðlagning. Franskir gluggar ca. 25 stk. ýmsar stærðir. Þykk utanhúsklæðning, liggjandi, fura. Innihurðir, arnar, lokaðir með gleri sem hlaða þarf í kringum. S. 845 0454.

## Atvinnuhúsnæði

**Skrifstofuhúsnæði til leigu**
**Lögmaður vill leigja út frá sér 70-100 m2 skrifstofuhúsnæði á jarðhæð við Skúlagötu í Reykjavík, um er að ræða stóra lokaða skrifstofu og opið sameiginlegt rými ásamt WC og eldhúsi. Hentar vel fyrir fasteignasala, bókara eða aðra skrifstofustarfsemi.**
**Áhugasamir hafið samband við Björn á fasteignasölunni Hóli í síma 849-4477. Hugmyndir um leiguverð 100-120.000 kr. pr. mánuð.+VSK.**

**Vendipunkturinn**
Býður til afnota aðstöðu fyrir meðferðaraðila s.s. Bowen, Cranio, nudd, nálastungur, heilara o.sv.frv. Snyrtileg aðstaða í lyftuhúsi - sanngjörn leiga! Uppl. í síma 869 1970.

Óskum eftir ca. 150fm ódýru atvinnu húsnæði á höfugb.sv. Uppl. sendist á guggasno@simnet.is

100m2 verslunarhúsnæði staðsett í Hlíðasmára, Kópavogi. Mjög ódýrt fermetra verð. Uppl. í síma 695 7045 & 570 7045.

Hlíðasmári Kópavogi Aðstaða fyrir nuddara, snyrtifræðinga o.þ.h., mism. stærðir. Mjög hagstætt leiguverð. Uppl. í 695 7045 & 570 7045.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

2 herbergja íbúð fullbúin húsgögnum með svefnplássi fyir 2-4. Leigist 1 nótt í senn eða fleiri. Staðsett við Kringluna. Uppl. í s. 843 9776 & 899 7188 eða limoutaxi@hotmail.com.

4 herb. íbúð í Árbæ 4 herb. íbúð til leigu í Árbæ. Möguleiki á bíl til afnota. Leigist í styttri tíma, viku og helgarleiga. Uppl. 893-3836

Íbúð eða herbergi til leigu á Akureyri í júlí. Verð 4000 per. mann per. nótt. Upplýsingar í síma 695-7045 & 570 7045.

# ATVINNA

## Atvinna í boði




SUBWAY

**Subway næturvinna**
**Subway auglýsir eftir duglegum starfsmanni með mikla þjónustulund á næturvaktir. Um 100% starf er að ræða. Unnið er 7 nætur í röð á 10 tíma vöktum og 7 nætur frí. Íslenskukunnátta er æskileg. Lágmarksaldur er 20 ár. Einnig vantar starfsmann í hlutastarf á næturvaktir um helgar.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum (Subway við Hringbraut BSÍ) eða gegnum subway.is**

**Múrarar.**
**Vantar menn vana múrverki. Íslensku kunnátta skilyrði.**
**Uppl. í s. 867 7704**

**MG Hús**
Óskum eftir að ráða vana smiði og verkamenn í viðgerðarvinnu. Uppl. í s. 699 8128.

**Sveitasæla!**
Viltu komast út fyrir borgina? Einstæður faðir með 2 börn óskar eftir heimilishjálp í sveit. Starfið felur í sér barnapössun og létt heimilisverk. Uppl. í s. 865 5613.

Vantar vanann trésmið sem er vanur viðhaldsvinnu, einnig vantar vanann handlangara. Uppl. í s. 616 1569

**Sölumenn 20-35 ára**
Tal óskar eftir sölumönnum á aldrinum 20-35 ára í kvöldvinnu við símsölu. Tímakaup og góðir bónusar. Góðir tekjumöguleikar. Hafið samband á email: hanness@tal.is

Bifvélavirki. Vanur bifvélavirki óskast á nýja fullkomna þjónustumiðstöð. Þarf að vera vanur almennum bílaviðgerðum. Áhugasamir sendi upplýsingar á hvos@internet.is

## Atvinna óskast

**ERINDREKI**
Háskólagenginn málamaður með reynslu í alþjóðaviðskiptum, getur tekið að sér aðstoðarmennsku í viðskiptaferðum, fararstjórn, bílstjórn, sjálfstæðan erindrekstur eða hverskonar verkefnisferðir innan-eða utanlands. Ábyggilegur , þagmælskur, víðförull og lífsreyndur maður, léttur í lund og kjaftagleiður, með hreint sakavottorð. halldorj@vortex.is

Rafvirkjanemi og vélavörður óskar eftir atvinnu í sumar. Uppl. í s. 858 7196.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Hvítur og blár Gári er týndur. Flaug út af heimili sínu í hlíðunum 08 júlí. Þeir sem hafa séð til hans eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband í síma 617 8507.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Ertu einmanna ?**
**Ertu einn og einmanna um helgina þá erum við til fyrir þig. Hringdu núna og spjallaðu við okkur. Við bíðum.**
**S. 908 6666**

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**




## Tilkynning




# ÚTBOÐ

**Verkfræðistofan Efla hf. f.h. Rekstrarfélagsins Fossaleyni 1 ehf.,** óskar eftir tilboðum í verkið: Egilshöll suðurlóð hluti 1. Verkið felst í jarðvinnu, lagnavinnu, lýsingu og yfirborðfrágangs.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Fráveitulagnir | 820 m |
| Gröftur og fylling í lagnaskurði | 2.000 m |
| Snjóbræðsla | 5.500 m |
| Hellur | 1.140 $m^2$ |
| Malbik | 3.800 $m^2$ |
| Grasþakning | 240 $m^2$ |

Geisladiskur sem inniheldur útboðsgögn verður afhentur frá og með föstudeginum 10. júlí 2009 kl. 13:00, hjá verkfræðistofunni Eflu hf, Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík. Tilboð verða opnuð á sama stað þriðjudaginn 21. Júlí nk kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA
Suðurlandsbraut 4A | 108 Reykjavík | sími: 412 6000
www.efla.is | efla@efla.is



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Björnsson**

fyrrv. frystihússtjóri Kirkjubæjarklaustri,

andaðist á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum mánudaginn 6. júlí. Jarðarförin fer fram frá Prestsbakkakirkju á Síðu laugardaginn 11. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Velunnarasjóð Klausturhóla reikn. 0317-13-771176 kt. 700399-2739.

**Björn Vignir Jónsson** — **Þóra Sen**
**Ásgeir Jónsson** — **Drífa Ingimundardóttir**
**Birgir Jónsson** — **Bryndís Guðgeirsdóttir**
**Gunnar Þór Jónsson** — **Sveinbjörg Pálsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Skúla Skúlasonar**

Jörundarholti 32, Akranesi.

**Margrét Guðríður Rögnvaldsdóttir**
**Rögnvaldur Skúlason**
**Björg Skúladóttir** — **Víðir Jónasson**
**Helga María Skúladóttir**
**og afabörn.**

---

†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir amma og langamma,*

**Sigríður Sveinsdóttir**

frá Grund II, Borgarfirði eystri,

lést fimmtudaginn 9. júlí sl. Minningarathöfn fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 13. júlí nk. kl. 15.30. Útför frá Bakkagerðiskirkju verður auglýst síðar.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Okkar innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Aðalmundar Jóns Magnússonar**

flugvélstjóra, Starhaga 9.

Hann var jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 8. júlí sl.

**Hilke Jakob Magnússon**
**Auður Aðalmundardóttir** — **Sævar Þór Guðmundsson**
**Konrad Garðar Aðalmundsson** — **Unnur Ýr Jónsdóttir**
**Henning Þór Aðalmundsson** — **Berglind Rut Magnúsdóttir**
**Magnús Ingi Aðalmundsson** — **Sunna Björk Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hildimundur Sæmundsson**

Túngötu 4, Álftanesi,

lést þann 7. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Aðalheiður Sigurdís Steingrímsdóttir**
**Steingrímur Hildimundarson**
**Steinhildur Hildimundardóttir** — **Leifur Eysteinsson**
**Kristín Hildimundardóttir** — **Jón Gunnsteinsson**
**Sæmundur Hildimundarson** — **Nancy Rut Helgadóttir**
**og barnabörn.**

---

**STEFÁN KARL STEFÁNSSON LEIKARI ER 34 ÁRA.**

*„Sem leikara og listamanni fannst mér hins vegar nóg komið af sælgætisáti og prakkarastrikum og tel rétt að hleypa öðrum að.“*

***Svo mælti Stefán Karl Stefánsson þegar hann ákvað að hætta í Latabæ og stíga á svið sem Trölli í söngleiknum Þegar Trölli stal jólunum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## AFMÆLI



**Jessica Simpson** söngkona er 29 ára.



**Helgi Björnsson** leikari og söngvari er 51 árs.

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir , afi og langafi,*

**Magnús Þórarinsson**

frá Hjaltabakka,

lést á heimili sínu Bergstaðastræti 11 sunnudaginn 5. júlí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 14. júlí kl. 15.00.

**Þórarinn Sigvaldi Magnússon** — **Anna Magnea Ólafsdóttir**
**Guðbergur Magnússon** — **Guðný Ragnarsdóttir**
**Þórir Skafti Magnússon** — **Matthildur Guðmannsdóttir**
**Stefán Magnússon** — **Guðbjörg Ása Andersen**
**Jóhannes Magnússon** — **Elsa Björnsdóttir**
**Helgi Magnússon** — **Sigríður G. Pálsdóttir**
**Svanhildur Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, bróðir og afi,*

**Reynir Helgason**

Álfheimum 34,

andaðist mánudaginn 6. júlí. Jarðarförin fer fram fimmtudaginn 16. júlí kl. 13.00 í Fossvogskapellu.

**Björg Gísladóttir**
**Berglind Reynisdóttir** — **Samson Magnússon**
**Sveinbjörg Jónsdóttir**
**Jón Helgason** — **Stefanía Björnsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdasonur og bróðir,*

**Atli Thoroddsen**

flugmaður, Þrastarási 24, Hafnarfirði,

lést á krabbameinsdeild 11E á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 7. júlí.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 16. júlí kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkað en þeim sem vilja minnast hans er bent á Karítas, hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustu.

**Ásta Hallgrímsdóttir**
**Andrea Thoroddsen**
**Júlíana Thoroddsen**
**Þórunn Christiansen**
**Björn Thoroddsen** — **Margrét Linda Gunnlaugsdóttir**
**Hallgrímur Jónsson** — **Guðríður Þórhallsdóttir**
**systkini og aðrir aðstandendur hins látna.**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 10. JÚLÍ 1815

## Biblíufélag stofnað



Hið íslenska biblíufélag var stofnað á þessum degi árið 1815 og hafði þá einkarétt á útgáfu Biblíunnar á Íslandi. Var félagið stofnað til að vinna að útgáfu og útbreiðslu Biblíunnar á Íslandi fyrir tilstuðlan ensks manns er hét Ebenezer Henderson en hann var hér á ferð á vegum hins volduga enska biblíufélags.

Hið íslenska biblíufélag er elsta starfandi félagið á Íslandi og þegar það varð 175 ára árið 1990 þá gáfu bankarnir á Íslandi félaginu Guðbrandsbiblíu, sem verið hafði í eigu Halldóru, dóttur Guðbrands Þorlákssonar biskups á Hólum, en hann stóð fyrir fyrstu útgáfu Biblíunnar á íslensku. Útgáfuár Guðbrandsbiblíu samkvæmt titilblaði er 1584.

Guðbrandsbiblía hefur tvisvar verið ljósprentuð sem næst upprunalegri mynd. Lithoprent sá um fyrri útgáfuna árið 1956. Bókaútgáfan Lögberg gaf bókina út aftur árið 1984, þegar minnst var 400 ára afmælis Guðbrandsbiblíu.



**FRAM ÚR BJÖRTUSTU VONUM** Rúnar segir þátttöku í Sunnumótinu vera gríðarlega góða og hafi hún í raun komið sér skemmtilega á óvart. MYND/ÚR EINKASAFNI

**RÚNAR FRIÐRIKSSON:** HELDUR SUNNUMÓT

# Kraftlyftingar fyrir konur

„Mótið heitir Sunnumótið og er haldið til heiðurs konu sem heitir Sunna Hlín Gunnlaugsdóttir, en hún hefur starfrækt vefinn vodvafikn.net og hefur skrifað margar og góðar greinar fyrir okkur sem stundum þessa íþrótt,“ segir Rúnar Friðriksson, mótsstjóri og upphafsmaður Sunnumótsins sem haldið verður í fyrsta sinn á morgun, 11. júlí.

„Sunna Hlín hefur haldið þessum vef úti af miklum krafti og hefur ferðast um allt land til að sækja viðburði sem tengjast kraftlyftingum, þó hún hafi aldrei keppt sjálf. Reyndar keppti hún einu sinni í fitness en hefur annars brennandi áhuga á kraftlyftingum. Eitt kvöldið var ég að spjalla við hana á msn og var að stríða henni á því að hún hefði aldrei keppt í kraftlyftingum og þótti henni það sjálfri eiginlega ófært. Þá fékk ég skyndilega þá hugmynd að halda mót henni til heiðurs og fyrir allar konur sem áhuga hafa á kraftaíþróttum,“ segir Rúnar einlægur.

Sunnumótið er kraftlyftingamót eingöngu ætlað konum og er hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. „Mótið verður haldið á stóru sviði í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi á Akureyri undir fána Kraftlyftingafélags Akureyrar, KFA, en ég hef verið að skipuleggja mótið og er mótsstjóri. Konan mín, Inga Björk Harðardóttir, er meðal þátttakenda og hefur unnið hörðum höndum við að skipuleggja mótið með mér,“ segir Rúnar spenntur. „Ég reiknaði með því að það yrðu fjórar til fimm konur sem tækju þátt og ætlaði ég að halda mótið í litlum sal sem við höfum til afnota í íþróttahöllinni á Akureyri en þátttaka fór fram úr mínum björtustu vonum. Nú ætla tuttugu og þrjár konur að taka þátt og er það meira en ég þorði nokkurn tíma að vona,“ segir hann ánægður og bætir við: „Bróðurparturinn af kraftlyftingamönnum er nú kominn í Íþróttasamband Íslands (ÍSÍ) sem fullgildir meðlimir. Síðustu mót sem haldin hafa verið af Kraftlyftingasambandi Íslands hafa verið mjög vel sótt og því virðist inngangan í ÍSÍ hafa gefið íþróttinni nýja innspýtingu. Við erum því að sjá mun fleiri iðkendur en nokkurn tíma áður.“

Rúnar segist vilja vekja athygli á því að kraftlyftingar séu í raun íþrótt fyrir alla og henti prýðilega konum á öllum aldri. „Þó svo það hafi ekki virst þannig í gegnum tíðina þá er kraftaþjálfun í raun hentug fyrir flesta. Lyftingar vinna til dæmis gegn beinþynningu og er margt gott sem hlýst af þessari þjálfun.“

Mótið er opið og því keppt í einum flokki. „Keppt er í bekkpressu og réttstöðulyftu og veitum við verðlaun fyrir besta árangurinn í hvoru tveggja. Síðan veitum við stigahæstu konu mótsins verðlaun og verður hún þá krýnd Sunnumeistari. Þetta fyrirkomulag verður svo endurskoðað að ári og þá höfum við þetta kannski meira aldursskipt eða í fleiri flokkum, mér þykir það ekki ólíklegt,“ segir Rúnar og nefnir að keppt sé eftir reglum IPF sem eru alþjóðasamtök kraftlyftingamanna undir armi íþrótta- og ólympíusambandsins. „Við keppum því eftir alþjóðlegum reglum. Það eina sem er dálítið öðruvísi við þetta mót er að við sleppum hnébeygjunni til að einfalda mótið að þessu sinni. En Sunnumótið verður klárlega árviss atburður á Akureyri hér eftir, tileinkaður konum.“

hrefna@frettabladid.is

# Panasonic




**Panasonic TXL32C10**
32" HD LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Vreal 4 Engine (meiri myndgæði), IPS Alpha, 24p Playback, 15.000:1 skerpu, 500 cd/m2 birtustigi, 3D Colour Management, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, VIERA Link, stafrænum DVB-T móttakara, SD/SDHC kortalesara (JPEG), 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 HDMI & Component tengi ofl.

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 169.990




**Panasonic TXP42C10**
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., Vreal 4 Engine (meiri myndgæði), 100Hz, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 20.000:1 skerpu (native), 3D Colour Management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara (JPEG), 20w Nicam Stereó V-Audio hljóðkerfi, 2 x Scart (RGB), 2 HDMI (1.3), Component, SVHS, CVBS tengi, CI rauf ofl.

**TILBOÐ 229.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990

# ÓTRÚLEG GÆÐI
## FRAMÚRSKARANDI ENDING




**Panasonic TXL32X10**
32" HD LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Vreal 4 Engine (meiri myndgæði), IPS Alpha, 24p Playback, 15.000:1 skerpu, 500 cd/m2 birtustigi, 3D Colour Management, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, VIERA Link, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara (JPEG), 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 3 HDMI & Component tengi ofl.

**TILBOÐ 159.990**
FULLT VERÐ kr. 179.990




**Panasonic TXP42X10**
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., Vreal 4 Engine (meiri myndgæði), 100Hz, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, Real Black Drive 20.000:1 skerpu (native), Progressive Scan, 3D Colour Management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara (JPEG), 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (RGB), 3 HDMI (1.3), Component, SVHS, CVBS, PC tengi, CI rauf ofl.

**TILBOÐ 229.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990




**Panasonic TXP42S10**
42" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta uppl., Vreal Pro3 Engine (meiri myndgæði), 400Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 30.000:1 skerpu (native), 3D Colour Management, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara (JPEG og AVCHD), 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (RGB), 3 HDMI (1.3) & Component, SVHS, CVBS og PC tengi, CI rauf ofl.

**TILBOÐ 279.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990




**Panasonic TXP46G10**
46" Full HD 1080p NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta uppl., Vreal Pro4 Engine (meiri myndgæði), 600Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, x.v Colour, Infinite Black skerpu 40.000:1 (native), 3D Colour Management, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara (JPEG og AVCHD), 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (RGB), 3 HDMI (1.3), Component, SVHS, CVBS og PC tengi, CI rauf ofl.

**TILBOÐ 399.990**
FULLT VERÐ kr. 449.990

Panasonic Panasonic Panasonic Panasonic Panasonic

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**898**

ALI GRÍSASNITSEL **898 kr./kg.**

GRILLAÐUR KJÚKLINGUR ELDAÐUR TIL AÐ TAKA MEÐ HEIM

1250 GRÖMM



**698**

GRILLAÐUR HEILL *1250g* KJÚKLINGUR **698 kr/stk.**




**798**

G.V GRÍSAKÓTILETTUR **798 kr./kg.**




**498**

G.V GRÍSAHAKK **498 kr./kg.**




**898**

ALI GRÍSAGÚLLAS **898 kr./kg.**



**1359**

K.S LAMBALÆRI OG LAMBAHRYGGUR
*Í SNEIÐUM* **1359 kr./kg.**




**129**

129 kr. 2 ltr.




**95**

SVALI APPELSÍNU OG SVALI EPLA 3 PK
*MEÐ OG ÁN SYKURS* **95 kr.**



Ali **399**

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
*443 KR/KG. 10% AFSLÁTTUR*
**399 kr./kg.**




**598**

24 STK. ÍSPINNAKASSI **598 kr.**




**898**

FK HROSSA-INNRALÆRISSNEIÐAR KRYDDAÐAR **898 kr./kg**



**198**

BÓNUS KORNKUBBAR
*4 STK. BÁÐAR TEG* **198 kr.**



**198**

BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR
4 STK **198 kr.**




**298**

BÓNUS KLEINUR
*15 STK.* **298 kr.**




**98**

PYLSUBRAUÐ 5 stk. **98 kr.**




**159**

BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG **159 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

# FERSKUR KJÚKLINGUR



1298



120

ÍSLANDSNAUT HAMBORGARAR
10 stk.110g 1298 kr.
BÓNUS XL HAMBORGARABRAUÐ
4 stk. 120 kr.



1498

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.



1598

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 1998 20% AFSLÁTTUR 1598 kr./kg.



359

GREAT TEXAS PIZZUR 360g
M.OSTI EÐA PEPPERONI 359 kr.



498

GÓU ÞRENNAN 498 kr.
PRINS-HRAUN-ÆÐI



398

CAJ-P GRILLOLÍA
500 ml. 398 kr.



898

ELITESSE SÚKKULAÐIKEX
20 STK. KASSI 898 kr.



# NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í BÓNUS



289 FERSKJUR 1 KG 289 kr.

199 SPERGILKÁL 199 kr/kg

129 MELÓNUR GULAR 129 kr/kg

289 NEKTARÍNUR 1 KG 289 kr/kg

159 EPLI RAUÐ 159 kr/kg

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



Helgarblaðið

– Hefur fundið sinn stað Björk Guðmundsdóttir ræðir draumavinnustaðinn Púertó Ríkó, segir frá því hvernig hún lærði að tala upp á nýtt og nýju plötuna.

– Grasaferð í Öskjuhlíð: Arnbjörg L. Jóhannsdóttir bendir á hvar lækningajurtir er að finna í miðri Reykjavík.



Inni og úti – sumarblað Fréttablaðsins

–Hlegið að kreppunni: Hláturkvöld á Akureyri.

–Svifið um loftin blá: Nýr methafi í svifvængjaflugi tekinnn tali.

Allt sem þú þarft








NOKKUR ORÐ

Kjartan Guðmundsson

# Jesús Pétur Kiljan og aumingja ég

Myndskeiðið af konungi poppsins meintum og heitnum (ekki Paul Newman heldur hinum, Michael Jackson) afturgengnum, sem tröllreið öldum alnetsins í vikunni, er ekkert minna en æðisgengið. Rétt er að útskýra, í þágu þeirra sem búa í helli á tunglinu eða úti á landi, að um er að ræða innskot í þátt Larry King á sjónvarpsstöðinni CNN, þar sem leiðsögumaður á fyrrum búgarði Jacksons, Neverland í Kaliforníufylki, leiðir fréttamann í allan sannleika um sérvisku og ofsóknaræði söngvarans örenda varðandi öryggismál á heimili sínu.

Þegar myndatökumaðurinn í myndskeiðinu hefur fengið hundleið á upplýsingum um fjölda rammgerðra lása á svefnherbergishurðum beinir hann vélinni í aðra átt, og viti menn! Svartur skuggi Jacksons (sem hefur greinilega læknast af hinum illvíga húðsjúkdómi sem plagaði hann í lifanda lífi) líður þvert yfir einn ganginn og staðfestir fyrir fullt og allt, í hugum margra, að það er líf eftir dauðann. Skuggi einhvers annars? Fjarstæða! Auðvitað tungltjúttar Jackson sem aldrei fyrr, þótt jarðneskar leifar karlgarmsins hafið verið grafnar, án heilans að vísu.

Eitt sinn heyrði ég af „Come As You Were“-veislu (Komdu sem sá sem þú varst) sem haldin var í Bandaríkjunum, þar sem gestirnir mættu í gervi þeirra sem þeir höfðu verið í fyrra lífi. Merkilegt nokk, þá voru þetta allt heimssögulegar persónur á borð við Jesús, Jóhönnu af Örk og Jesse James. Enginn kom klæddur sem Skúli skiptilykill úr smáíbúðahverfinu. Annað sem vakti athygli var að í veislunni skemmtu tveir menn í gervi Napóleóns sér saman. Hvor þeirra skyldi hafa verið að ljúga?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



borðlampi
3.990,-
SPARAÐU 2.410,-



spegill
1.990,-
SPARAÐU 2.000,-



**Knight.** Borðlampi. Svart rúskinn. H. 40 cm.
Verð 6.400,- **NÚ 3.990,-**
Spegill. Riddarar. 50 x 50 cm.
Verð 3.990,- **NÚ 1.990,-**

ILVA
einfaldlega betri kostur

# ÚTSALA

## ENN MEIRI VERÐLÆKKUN Á SMÁVÖRU

Ø17 cm
1.990,-
SPARAÐU 1.410,-
40% afsláttur



**Hammer.** Blómapottur. Hamrað tin.
Ø11 cm. Verð 1.490,- **NÚ 890,-**
Ø14 cm. Verð 2.900,- **NÚ 1.690,-**
Ø17 cm. Verð 3.400,- **NÚ 1.990,-**

myndaalbúm
1.290,-
SPARAÐU 700,-



**Bigso.** Myndaalbúm. 30 bls. Verð 1.990,- **NÚ 1.290,-** Skissubók A4. Hvít. Verð 945,- **NÚ 445,-** Minnisbók A5. Línustrikuð. Verð 790,- **NÚ 490,-**

990,-
SPARAÐU 1.000,-



**Pitcher.** Vatnskanna.
Græn, svört eða brún. 1,2 l
Verð 1.990,- **NÚ 990,-**

19.900,-
SPARAÐU 10.000,-



30% afsláttur

**Dunton.** Barstóll brúnt leður. H.66 cm.
Verð 29.900,- **NÚ 19.900,-**

3.490,-
SPARAÐU 1.410,-



**Clock.** Tin/messing.
Verð 4.900,-
**NÚ 3.490,-**

1.990,-
SPARAÐU 910,-



**Candy.** Barnasængurver. Ýmsir litir.
100 x 70 cm. Verð 2.900,- **NÚ 1.990,-**

diskur Ø27 cm.
590,-
SPARAÐU 400,-
40% afsláttur
salatskál
1.990,-
SPARAÐU 1.710,-



**Cubo.** Matarstell. Matardiskur. Ø27 cm. Verð 990,- **NÚ 590,-** Fylgidiskur. Ø21 cm. Verð 895,- **NÚ 490,-** Skál. 7 x 14 cm. Verð 990,- **NÚ 590,-** Salatskál. 24 x 13 cm. Verð 3.700,- **NÚ 1.990,-** Drykkjarkanna. Verð 845,- **NÚ 490,-**

4.390,-
SPARAÐU 10.510,-
70% afsláttur af Trendy loftljósum



SNERTU MIG OG ÉG LJÓMA

**Trendy.** Loftljós.æ Króm/opal gler.
Ljós sem kveiknar á við snertingu.
Verð 14.900,- **NÚ 4.390,-**

© ILVA Ísland 2009

stóll
24.900,-
SPARAÐU 10.000,-
borð
79.900,-
SPARAÐU 40.000,-
borð + 4 stólar
179.500,-



**Caso.** Borðstofuborð. 105 x 200 cm. Hvítt háglans MDF. Verð 119.900,- **NÚ 79.900,-**
**Icon.** Stóll. Leður/krómgrind. Verð 34.900,- **NÚ 24.900,-** *Einnig til m/hvítu leðri.*

ILVA kaffi

499,- Ekta danskt smurbrauð m/ rækjum og kaffi

249,- Gulrótakaka og kaffi

499,- Ekta danskt smurbrauð m/ hangikjöti og kaffi



VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

shop online

www.ILVA.is

ILVA sendum um allt land

**ILVA** Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík **s:** 522 4500
laugardaga **10-18** sunnudaga **12-18** mánudaga - föstudaga **11-19**

> **KARL LAGERFELD**

Ekki alls fyrir löngu lét fatahönnuðurinn frægi, Karl Lagerfeld, ljót orð falla í garð fyrirsætunnar Heidi Klum. En Karli þótti hún helst til of búttuð. Nú hefur hann snúið sér að frönsku leikkonunni Audrey Tautou og kallað hana vitlausa þar sem hún sagðist eiga Chanel-stígvél sem hönnuðurinn kannast ekki við úr línu sinni.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Megas í sólskinsskapi í Hljómskálagarði

Megas og Senuþjófarnir verða aðalnúmer útitónleika sem FTT stendur fyrir í Hljómskálagarðinum í dag en tónleikarnir eru hluti af Íslensku tónlistarsumri 2009 í Björtu Reykjavík. Að sögn Jakobs Frímanns, formanns FTT, er öllum borgarbúum boðið til garðveislu. „Snúa vörn í sókn og efla alla dáð. Í fyrra voru vel heppnaðir tónleikar Mezzoforte og nú eru það Megas og Senuþjófarnir. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 við styttu Jónasar,“ segir Jakob. Aðgangur ókeypis.

Jakob lofar Megasi í góðu formi. Og mega borgarbúar búast við honum í sannkölluðu sumarskapi við flutning allra sinna vinsælustu laga. Gaman er að segja frá því að Megas hefur sennilega aldrei verið vinsælli en einmitt nú. „Það er nýbúið að taka á honum púlsinn, mæla Megas og hann hefur aldrei þótt heitari. Eða svo segir Mogginn. Eða, þetta fann hann Biggi í Maus út. Hann er með hipp-mælinn á lofti og mældi Megas í hæstu hæðum,“ segir Jakob. Og bætir því við að FTT menn ætli ekki að láta þar við sitja. „Tónlistarsumarið hófst formlega á mánudag með tónleikum Hjaltalín og Víkings Heiðars Ólafssonar í Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu og heldur áfram fram yfir menningarnótt 22.ágúst.“ - jbg



**MEGAS TEKUR GÓÐA SKAPIÐ MEÐ SÉR Í HLJÓMSKÁLAGARÐINN** Með hipp-mælinn á lofti tók Biggi í Maus púlsinn á Megasi og mældi hann í hæstu hæðum. En Megas ætlar að skemmta borgarbúum í dag í Hljómskálagarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

## Stutt í plötu

Myndband Jónsa úr Sigur Rós og Alex Somers um samstarf þeirra er komið á netið en þeir munu gefa út plötu sem Riceboy Sleeps seinna í mánuðinum. Þá býður Spacelab Music-plötufyrirtækið upp á frítt niðurhal á laginu Boy 1904, en Fréttablaðið greindi frá því í maí þegar plötunni var lekið á netið í heild sinni.

Platan er án söngs og þykir mæta kröfum aðdáenda Sigur Rósar um stórbrotna uppbyggingu, súrrealisma og óhefðbundnar lagasmíðar. Alls eru níu lög á plötunni. Jónsi og Alex hafa hingað til unnið saman að myndlistarsýningum og gáfu saman út bókina Riceboy Sleeps árið 2006. - kbs



**PÁLL GUNNAR** Breytir nafni skemmtistaðarins London/Reykjavík.

## Skiptir um nafn

Páll Gunnar Ragnarsson, eigandi skemmtistaðarins London/Reykjavík, hefur ákveðið að breyta nafni hans í Club 101. Páll Gunnar segist ekki vilja láta bendla sig við Breta á nokkurn hátt og er það vegna IceSave-samninganna sem hafa verið svo mikið til umræðu undanfarið. „Við viljum ekki tengjast neinu sem enskt er í mótmælaskyni við IceSave-samningana. Mér fannst óréttlátt af Bretum að leggja á okkur hryðjuverkalög og fannst þeir fara offari í þessu öllu,“ segir Páll Gunnar. Aðspurður segir hann óvíst hvort þessar mótmælaaðgerðir muni hafa einhver áhrif, þetta sé fyrst og fremst spurning um samstöðu. - sm

# Listaverkin sem þjóðin á - kannski

**Þjóðin á verkin en spurt er hvort þjóðin þurfi að greiða fyrir þau dýrum dómum án þess að hafa nokkru sinni fengið greitt fyrir þau þegar þau gleymdust við einkavæðingu bankanna.**



**HALLDÓR BJÖRN INNAN UM ÞJÓÐARGERSEMAR** Listaverkin sem þjóðin átti og voru gefin í ógáti - en er nú ætlast til að þjóðin kaupi aftur - má sjá á spennandi sýningu sem er opnuð í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Eignarhald núna? Já. Það er enginn í vafa um, það er alveg viðurkennt, að þetta eru verk í þjóðareign. Vandamálið er að skilanefndirnar eru ekki reiðubúnar að viðurkenna alfarið rétt þjóðarinnar til að eiga þessi verk án þess að borga fyrir þau,“ segir Halldór Björn Runólfsson listasafnsstjóri í Listasafni Íslands – en þar verður í dag opnuð gríðarlega spennandi sýning á verkum í eigu ríkisbankanna þriggja.

Eitt af mörgu undarlegu í tengslum við einkavæðingu bankanna er hvernig staðið var að mati á listaverkum sem í þeirra eigu voru (og eru). Þau voru sem sagt ekki metin. Þeir sem stjórnuðu sölu bankanna á sínum tíma stóðu svo „vel að verki“ og voru að flýta sér svo mjög að koma bönkunum í einkaeign, að það gleymdist gersamlega að taka með í reikninginn ómetanlega listaverkaeign þeirra þegar bankarnir voru verðlagðir. Einhverjir helstu dýrgripir íslenskrar listasögu – þjóðargersemar – fóru þar fyrir ekkert og einkennilegt að enginn hafi nokkru sinni fengið að súpa seyðið af því. En það er með hina meintu ábyrgð í þessu eins og öðru „hér á landi á“. Safneign bankanna þriggja er um fimm þúsund verk en slá má á að bankarnir hafi bætt við um fimm hundruð verkum frá einkavæðingu. Halldór Björn segir það augljóslega skandal hvernig var staðið að málum – en segja má þeim til hróss sem héldu utan um listaverkaeignina meðan bankarnir voru í ríkiseigu að þeir stóðu sig. Landsbankinn lagði upp úr að kaupa verk eftir gömlu meistarana en Kaupþing nútímamyndlist. Og Halldór Björn er þeirrar skoðunar að sérkennilegt sé ef skilanefndirnar halda því til streitu að þjóðin greiði dýrum dómum fyrir þau verk sem voru í hennar eigu en voru gefin í ógáti við einkavæðingu – verk sem kannski eru um 4.500. „Það væri ósanngjarnt.“ Þá er erfitt að verðmeta verkin vegna ástandsins sem er á íslensku krónunni.

„En þetta er sýningin sem almenningur hefur verið að bíða eftir,“ segir Halldór. Á sýninguna hafa verið valin um 90 verk í eigu ríkisbankanna og um 40 úr safni Listasafns Íslands eða alls um 130 verk. Þeirra á meðal Hvítasunnudagur eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval, Gullfjöll eftir Svavar Guðnason og Fjall eftir Sigurð Guðmundsson.

jakob@frettabladid.is


ÚTSALA

38

ÞREP

Laugavegi 49 / sími 561 5813


# Gangur á silfurgel-drengjum

„Þetta gengur mjög vel, salan er alveg í samræmi við það sem við mátti búast. Við erum reyndar mjög bjartsýnir menn og því er þetta bara mjög gott,“ segir Björgvin Páll Gústavsson, landsliðsmaður í handbolta og hárgelsfrömuður. Sala á hárgeli hans og Loga Geirssonar hefur farið vel af stað. Töluverð eftirvænting hefur ríkt í kringum þessa vöru enda ekki á hverjum degi sem atvinnumenn í íþróttum setja á markað hárgel. Oftar en ekki hafa þeir lagt nafn sitt við fæðubótarefni eða annað tengt heilsurækt en Logi og Björgvin eru miklir eldhugar og ætla að leggja undir sig hárgelsmarkaðinn á Íslandi og jafnvel víðar.

Björgvin upplýsir að hann hafi þegar komið sjö þúsund geldollum í umferð en hann viti í raun ekki hvernig salan hafi gengið. Miðað við fyrirspurnir hljóti hún að vera nokkuð góð. Björgvin er reyndar einn að vasast í þessu um þessar mundir því Logi er staddur í Ameríku í sumarfríi. „Og svo vil ég ekkert að einhverjir aðrir séu að vasast í því sem ég er að gera, ég treysti engum öðrum en sjálfum mér til að gera hlutina eins og á að gera þá,“ segir Björgvin.

Sölustaðir hárgelsins eru þó nokkrir, meðal annars 10-11, Hagkaup og Fríhöfnin í Keflavík. En þeir sem eiga í erfiðleikum með að nálgast gelið þurfa þó ekki að örvænta því í dag, föstudag, hefst sala á netinu. „Þetta er hugsað fyrir fólk sem getur ekki keypt gelið í sinni heimabyggð eða býr erlendis,“ segir Björgvin. - fgg



**ALLT SAMKVÆMT ÁÆTLUN** Björgvin Páll Gústavsson segir sölu á gelinu vera samkvæmt áætlun en búið er að keyra út sjö þúsund hárgelsdollur.




# Lóritín®

*– Kröftugt ofnæmislyf*

**Notkun:** Lóritín er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn (>12 ára): 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára (<30 kg): ½ tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Gæta skal varúðar ef Lóritín er gefið sjúklingum með mikið skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munnþurrks. Notkun Lóritíns á meðgöngu og við brjóstagjöf er ekki ráðlögð nema í samráði við lækni. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Lóritín þolist almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfgi, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Desember 2005.

actavis

*hagur í heilsu*













**ENDALAUSAR SÖGUR** Greinilegt er að öll kurl eru enn ekki komin til grafar hvað varðar andlát Michaels Jackson, enda lífshlaup hans æði skrautlegt. NORDIC PHOTOS/ AFP

# Sagan endalausa af Jackson

**Óvinnandi vegur er að fara yfir allar fréttir sem tengjast með einum eða öðrum hætti andláti Michaels Jackson. En þó er rétt að tæpa á þeim helstu fyrir eldheita aðdáendur poppguðsins.**

Nafnið Jordan Chandler hringir kannski ekki mörgum bjöllum en hann var miðpunkturinn í málaferlunum á hendur Jackson vegna kynferðislegs ofbeldis. Þær fréttir berast nú frá Ameríku að Jordan hafi viðurkennt að hafa sagt ósatt um hvað gerðist milli hans og Jacksons og að maðurinn á bakvið lygarnar sé faðir hans, Evan Chandler. Bloggheimar í Bandaríkjunum hafa logað vegna þessa orðróms og margir hafa heimtað réttlæti handa Jackson. Hins vegar virðist þetta ekki hafa náð eyrum stóru fréttastöðvanna og að öllum líkindum eru þetta aðdáendur Jacksons sem hafa komið þessu af stað í þeim tilgangi að hreinsa mannorð hans. Skríbentar hafa fordæmt þessa tilraun og bent á að Jordan sé fórnarlambið, ekki Michael Jackson.

Af öðrum fréttum tengdum Michael má nefna að fjölskylda hans ætlar ekki að láta grafa hann fyrr en heili hans er kominn á réttan stað. Heili Jacksons var nefnilega fjarlægður svo hægt væri að kryfja hann og komast að dánarorsök og bíður fjölskyldan hans nú eftir niðurstöðunum og líffærinu sjálfu.

Ekki er enn orðið ljóst hvar og hvenær Jackson verður grafinn en hins vegar má geta þess að rúmlega 31 milljón Ameríkana horfði á minningarathöfnina um Jackson sem eru ögn færri en horfðu á jarðarför Díönu prinsessu og innsetningu Baracks Obama í forsetaembættið.

Þá má geta þess að Dr. Arnold Klein viðurkenndi í viðtali við Diane Sawyer að hann væri ekki faðir elstu barna Jacksons, líkt og sumir hafa viljað halda fram. Sögusagnir hafa verið á kreiki um að Klein og Debbie Rowe, meint barnsmóðir Jakcsons, hafi átt í ástarsambandi og að Klein eigi þau Paris og Prince Jackson. En það er víst ekki rétt. „Ekki svo ég viti," sagði Klein við Sawyer og bætti því við hann hefði ekki verið yfirheyrður vegna andláts Michaels. „Nei, en hins vegar er það mín skoðun að ef það er rétt að einhver læknir hafi gefið honum verkjalyfið Propofol þá er sá hinn sami glæpamaður. Það lyf er mjög hættulegt og mjög ávanabindandi."

Að lokum er svo rétt að koma skilaboðum frá Paul McCartney á framfæri sem nú hefur upplýst að hann og Jackson hafi aldrei orðið óvinir heldur hafi þeir bara þroskast hvor í sína áttina. „Og það er engin fótur fyrir þeim sögusögnum að Michael hafi lofað mér því að ég fengi höfundarréttinn að bítlalögunum í arf, það er algjör vitleysa. Og ég get því ekki verið svekktur ef ég fæ ekki lögin."

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Föstudagur 10. júlí 2009

### → Tónleikar

**22.00 Langi Seli og Skuggarnir** verða á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

**22.00** Á Grand Rokk við Smiðjuveg koma verða **Sin Fang Bous**, **Borko**, **Hildur Guðnadóttir** og **Adda**.

**23.00 Bloodgroup**, **Sykur**, **Jungle Fiction** og **Oculus** verða á Sódóma Reykjavík við Tryggvagötu. Húsið verður opnað kl. 22.

### → Bæjarhátíð

**18.00 Kartöflusúpudagurinn** verður haldinn hátíðlegur í Þykkvabæ milli kl. 18 og 20 í kvöld. Fjölbreytt dagskrá og uppákomur.

### → Leikrit

**20.00 Kristján Ingimarsson** flytur verk sitt **„Mike Attack"** sem er gamanleikur án orða, í félagsheimilinu Mánagarði á Höfn.

### → Uppákomur

Listamaðurinn **Snorri Ásmundsson** stendur fyrir Snyrti- tísku- og framkomunámskeiði 10-12. júlí, fyrir nýtt Ísland í Nýlistasafninu við Laugaveg 26 (gengið inn Grettisgötu megin). Agangur ókeypis og allir velkomnir. Nánari upplýsingar á www.flotakona.com.

**17.00** Fyrirlestur verður um hegðun og framkomu Íslendinga þar sem blásið verður á smekkleysuna sem hefur verið ríkjandi á landinu.



### → Göngur

**Grétar Grímsson** leiðir göngu um Vaðlaheiði að Skólavörðu. Gangan tekur um 2-3 klst. og er við hæfi flestra. Aðgangur er ókeypis. Brottför verður frá skrifstofu Ferðafélags Akureyrar við Strandgötu 23. Nánari upplýsingar á www.visitakureyri.is.

### → Opnanir

**09.00 Stella Sigurgeirsdóttir** opnar sýninguna **„Wohnzimmer - Dagstofa"** á Mokka kaffi við Skólavörðustíg 3a. Opið alla kl. 9-18.30.

**11.00** Í **Listasafni Íslands** við Fríkirkjuveg, er opnuð sýning á verkum úr söfnum ríkisbankanna þriggja ásamt völdum kjarna úr verkum listasafnsins. Á sýningunni eru m.a. verk eftir Jóhannes Kjarval, Benedikt Gröndal og Heklu Dögg Jónsdóttur. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

**17.00** Myndlistaneminn **Bryndís Björnsdóttir** opnar sýningu sína **„Tombóla"** á Kaffistofu nemendagalleris LHÍ við Hverfisgötu 42. Sýningin verður opin laugardag kl. 14-16.

### → Menningardagskrá

**101 TOKYO**, japönsk menningardagskrá 13. júní-13. júlí í Norræna húsinu við Sturlugötu. Aðgangur er ókeypis.

**17.00 Hatanaka Sensei**, sérfræðingur í japönskum tesiðum ásamt aðstoðarmönnum, kynnir Chado - lífsstíl tesins. Skráning og nánari upplýsingar á www.101tokyo.is.

### → Gjörningahelgi

**21.00 Helgi Svavar Helgason** og **Davíð Þór Jónsson** framkvæma tónlistarspuna með mynd- og leiklist í Verksmiðjunni á Hjalteyri. Þessi viðburður er hluti af gjörningahelgi sem stendur yfir um helgina.



**ATHAFNAKONA** Fyrstu skref leikkonunnar í heimi viðskipta hafa ekki gengið sérstaklega vel.

# Ásökuð um stuld

Leikkonan Lindsay Lohan hefur komið nýju brúnkukremi á markaðinn og sagði við það tilefni að það hefði tekið hana og samstarfskonu sína, Lorit Simon, þrjú ár að þróa Seven Nyne-brúnkukremið.

Nú hefur efnafræðingur nokkur í Bandaríkjunum stigið fram og sakað Lohan um lygar. Jennifer Sunday segir að Lohan hafi ekki komið nálægt þróun kremsins heldur hafi hún sjálf og Lorit Simon unnið saman að því í nokkur ár en svo ekki getað sammælst um verð á vörunni. Simon á þá að hafa snúið sér til Lohan og svo auglýst kremið undir nafni leikkonunnar. Sunday ætlar að höfða mál gegn þeim Lohan og Simon þar sem hún sakar þær meðal annars um stuld.


Nýtt í Skífunni!
SKÍFAN
Laugavegi · Kringlunni
www.skifan.is
Ingó & Veðurguðirnir
1.999
Sumar á Íslandi 2009
Ingó & Veðurguðirnir
Sumar á Íslandi 2009
TÓNLIST
GREASE
MUSIC FOR MEN
Uppseld - Annað upplag væntanlegt eftir helgi!
VEISTU hver ég var?
80's lög sérvalin af Siggu Hlö
3CD
PAPAR
ÉG VERÐ AÐ DANSA
100
6CD
2CD
INCUBUS
Stefán Karl
Í túrett og moll
TÖLVULEIKIR
TRANSFORMERS
100 BESTU PLÖTUR Íslandssögunnar
Fást í Skífunni
TÖLVULEIKIR
ICE AGE 3
DAWN OF THE DINOSAURS

## > Guðbjörg búin að halda markinu hreinu í 400 mínútur

Guðbjörg Gunnarsdóttir er að spila vel þessa dagana með sænska liðinu Djurgården en í fyrrakvöld hélt hún marki sínu hreinu fjórða leikinn í röð og það á útivelli á móti toppliði Umeå IK. Guðbjörg hefur nú haldið marki sínu hreinu í 400 mínútur og alls í sex af þeim tíu leikjum sem hún hefur spilað til þessa í sænsku deildinni. Guðbjörg hefur samtals fengið á sig 9 mörk í þeim 10 leikjum sem hún hefur spilað í deildinni og Djurgården hefur náð í 22 af 27 stigum í boði (81 prósent) í þeim leikjum sem hún hefur klárað. Djurgården náði aðeins í 4 af 18 stigum (22 prósent) í boði án hennar.



# sport

sport@frettabladid.is

**ÞORVALDUR ÖRLYGSSON, ÞJÁLFARI FRAM:** FRAMARAR KOMNIR ÁFRAM EFTIR SIGUR Á THE NEW SAINTS FC

## *Það er ekki endalaust til af dósum í hverfinu*

Framarar tryggðu sér sæti í 2. umferð undankeppni Evrópudeildarinnar með 2-1 útisigur á The New Saints F.C. í seinni leik liðanna. Fram komst áfram 4-2 samanlagt.

„Þetta var mjög flott að klára þetta," sagði Þorvaldur Örlygsson, kátur þjálfari Framliðsins eftir leikinn.

Líkt og í fyrri leiknum lenti Framliðið undir snemma leiks en Framarar gáfust ekki upp frekar enn í fyrri leiknum, Almarr Ormarsson jafnaði leikinn fimm mínútum síðar og Sam Tillen skoraði síðan sigurmarkið úr vítaspyrnu á 66. mínútu. „Markið hans Almarrs var gríðarlega mikilvægt fyrir okkur, því það róaði bæði taugarnir og leikinn," sagði Þorvaldur.

Heimamenn byrjuðu seinni hálfeik af krafti en Framliðið vann sig aftur inn í leikinn. „Við fáum víti þar sem þeir voru heppnir að missa ekki mann líka út af. Eftir það var bara eitt lið á vellinum sem var að reyna að spila boltanum en hitt liðið var bara að tuddast og hlaupa eins og naut í flagi," sagði Þorvaldur.



Framarar mæta tékkneska liðinu Sigma Olomouc í næstu umferð og er fyrri leikurinn strax í næstu viku. „Þegar menn ná árangri þá koma fleiri leikir og það þýðir ekkert að kvarta yfir því," segir Þorvaldur en árangur Framliðsins færir liðinu um 16 milljónir íslenskra króna í kassann. „Það veitir ekki af að fá pening inn í klúbbinn því það er ekki endalaust til af dósum í hverfinu," segir Þorvaldur.

Keflvíkingar náðu ekki að komast áfram en þeir töpuðu 2-5 samanlagt fyrir Valetta eftir 2-2 jafntefli í Keflavík í gær.

„Það hefði verið gaman ef Keflavík hefði tekist að snúa þessu við og komast áfram og svo vonar maður sannarlega að KR-ingarnir og FH-ingarnir nái að komast lengra. Það er takmarkið að gera knattspyrnuna á Íslandi betri og setja hana á hærra plan. Það gerum við ekki bara með því að vinna leiki heldur einnig með að þjálfarar fari utan og sæki námskeið," segir Þorvaldur og hann og Framarar geta fagnað frábærri byrjun í fyrstu Evrópukeppni félagsins í 17 ár. „Framarar voru vanir því hér áður að vera í Evrópukeppni og fá góðar ferðir. Þetta var góð ferð og ekki bara túrista-ferð," sagði Þorvaldur að lokum.

### FH 3-2 Fylkir

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 1758 – Kristinn Jakobsson (6)

*1-0 Atli Viðar Björnsson (2.)*
*1-1 Ingimundur N. Óskarsson (10.)*
*1-2 Kjartan Ágúst Breiðdal (18.)*
*2-2 Atli Viðar Björnsson (41.)*
*3-2 Matthías Vilhjálmsson (86.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 13–4 (3–2) |
| Varin skot | Daði 0 – Fjalar 2 |
| Horn | 7–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–12 |
| Rangstöður | 3–5 |

| FH | 4–3–3 | FYLKIR | 4–3–3 |
|---|---|---|---|
| Daði Lárusson | 4 | Fjalar Þorgeirsson | 5 |
| Pétur Viðarsson | 6 | Andrés Már Jóh. | 6 |
| Tommy Nielsen | 7 | Kristján Valdimars. | 6 |
| Freyr Bjarnason | 4 | Einar Pétursson | 4 |
| (42. Sverrir Garðars | 7) | Tómas Þorsteinsson | 4 |
| Hjörtur Logi Valg. | 6 | (42. Jóhann Þórhalls. | 5) |
| Davíð Þór Viðars. | 6 | Valur Fannar Gíslason | 6 |
| Ásgeir Gunnar Ásg. | - | (46., Ólafur Stígsson | 6) |
| (12. A. Söderlund | 6) | Ásgeir Börkur Ásg. | 7 |
| Tryggvi Guðmunds. | 6 | Halldór Hilmisson | 5 |
| (50. Hákon Hallfreð. | 5) | Ingimundur Níels | 6 |
| Matthías Vilhjálms. | 6 | Albert Ingason | 6 |
| ***Atli Viðar Björns.** | **7** | (64. Pape Faye | 5) |
| Atli Guðnason | 7 | Kjartan Breiðdal | 6 |

### Fjölnir 3-1 Stjarnan

Fjölnisvöllur, áhorf.: Óuppgefið – Þorvaldur Árnason (7)

*1-0 Andri Valur Ívarsson (36.)*
*1-1 Magnús Björgvinsson (55.)*
*2-1 Jónas Grani Garðarsson (76.)*
*3-1 Gunnar Már Guðm., víti (83.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–11 (4–6) |
| Varin skot | Hrafn 5 – Bjarni 1 |
| Horn | 4–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–10 |
| Rangstöður | 7–0 |

| FJÖLNIR | 5-2-3 | STJARNAN | 4-5-1 |
|---|---|---|---|
| ***Hrafn Davíðsson** | **7** | Bjarni Þórður Halld. | 4 |
| Illugi Þór Gunnars. | 6 | Bjarki Eysteinsson | - |
| Ásgeir Ásgeirsson | 5 | (55. Baldvin Sturlus. | 5) |
| Ólafur Johnson | 5 | Guðni Rúnar Helgas. | 5 |
| Gunnar Valur G. | 5 | Daníel Laxdal | 4 |
| Vigfús Arnar Jós. | 5 | Hafsteinn Helgason | 4 |
| Magnús Ingi Einars. | 6 | Jóhann Laxdal | 5 |
| Gunnar Már Guðm. | 6 | Björn Pálsson | 5 |
| Tómas Leifsson | 6 | Halldór Orri Björns. | 6 |
| (88. Aron Jóhanns. | -) | Birgir Birgisson | 6 |
| Jónas Grani Garð. | 6 | (77. Richard Hurlin | -) |
| (84.Ragnar Heimir | -) | Magnús Björgvins. | 6 |
| Andri V. Ívarsson | 7 | (86. Heiðar Atli | -) |
| (74. Kristinn Sig. | -) | Ellert Hreinsson | 6 |

**Maður leiksins*


MÚRBÚÐARVERÐ



Chemfix teinalím 345 ml 1.385 kr.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

MÚRBÚÐIN – Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - www.murbudin.is


# Tólf stiga forysta FH-inga

## Matthías Vilhjálmsson tryggði FH-ingum sigur á baráttuglöðum Fylkismönnum í Kaplakrika í gær. Þetta var ellefti deildarsigurliðsins liðsins í röð.

**FÓTBOLTI** FH lagði Fylki, 3-2, í blíðviðrinu í Hafnarfirði í Pepsídeildinni í gær þrátt fyrir að missa fjóra leikmenn út af vegna meiðsla.

Það tók FH aðeins tvær mínútur að ná forystunni í Krikanum í gær en þá var eins og heimamenn, sem nú hafa unnið ellefu leiki í röð í deildinni, héldu að hlutirnir kæmu að sjálfu sér og það boðar ekki gott gegn Fylki þar sem hver einn og einasti leikmaður berst eins og ljón, sama hvar spilað er og hver staðan er.

Fylkismenn jöfnuðu á tíundu mínútu og komust yfir átta mínútum síðar með frábæru marki Kjartans Ágústs Breiðdal beint úr aukaspyrnu. FH-ingar misstu dampinn í nokkrar mínútur á eftir en náðu að hrista af sér slenið og sóttu linnulaust síðustu tuttugu mínútur hálfleiksins á sama tíma og Fylkismenn bökkuðu óþarflega mikið aftur. Það var svo fjórum mínútum fyrir hálfleik að FH jafnaði metin en markið hafði legið í loftinu.



**SIGURMARK** Matthías Vilhjálmsson tryggði FH 3-2 sigur á Fylki með marki fjórum mínútum fyrir leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

FH missti sinn fjórða leikmann út af vegna meiðsla þegar enn var hálftími eftir af leiknum en var sterkari aðilinn þrátt fyrir það en mun minna var um færi hjá báðum liðum en í hinum bráðfjöruga fyrri hálfleik.

Matthías Vilhjálmsson tryggði FH sigurinn fjórum mínútum fyrir leikslok en Matthías lék í stöðu hægri bakvarðar eftir að Hjörtur Logi fór meiddur út af en Matthías leikur jafnan á miðjunni eða frammi.

Ólafur Þórðarson þjálfari Fylkis var að vonum svekktur að fá ekkert út úr leiknum. „Við erum í þessu til að vinna en því miður tókst það ekki í dag. Við höfum sýnt mikinn karakter í sumar og ætlum ekki að hætta því. Þetta var hörku leikur og okkur vantaði meiri reynslu til að klára þetta."

„Við vorum komnir með þetta í hendurnar en gleymum okkur. Svona er boltinn, þeir eru með gott lið og voru skynsamari en við í þessum leik. Það hafa ekki mörg



**MARKAHÆSTUR** Atli Viðar Björnsson sækir boltann í markið eftir að hafa skorað annað tveggja marka sinna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

lið ekki tekið almennilega á þeim en við gerðum það og þess vegna lentu þeir í vandræðum gegn okkur," sagði Ólafur.

Davíð Þór Viðarsson, fyrirliði FH, var mun sáttari en Ólafur í leikslok.„Þetta var alvöru leikur. Fylkismenn eru með mjög gott og vel spilandi lið og við lentum í miklum vandræðum," sagði Davíð.

„Stundum höfum skorað snemma og rúllað yfir leikina og stundum lent í vandræðum, það er allur gangur á því. Við vöknuðum við það að þeir skoruðu annað markið og síðasta korterið í fyrri og seinni hálfleikurinn var fínn hjá okkur."

„Það var svekkjandi að vera einum færri í hálftíma en við sýndum mikinn karakter að klára leikinn. Það er mikill kraftur í þessu Fylkisliði og það er eitt af þeim bestu í þessari deild þannig að það var mjög sterkt að koma til baka," sagði Davíð að lokum. **-gmi**

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Pepsideild karla*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **12** | **11** | **0** | **1** | **35-8** | **33** |
| KR | 11 | 6 | 3 | 2 | 20-12 | 21 |
| **Stjarnan** | **11** | **6** | **2** | **3** | **26-15** | **20** |
| Fylkir | 11 | 6 | 2 | 3 | 21-13 | 20 |
| **Keflavík** | **10** | **5** | **3** | **2** | **18-15** | **18** |
| Valur | 10 | 5 | 1 | 4 | 11-16 | 16 |
| **Breiðablik** | **10** | **3** | **3** | **4** | **15-17** | **12** |
| Fram | 10 | 3 | 2 | 5 | 11-13 | 11 |
| **Fjölnir** | **11** | **2** | **2** | **7** | **13-23** | **8** |
| Grindavík | 10 | 2 | 2 | 6 | 11-23 | 8 |
| **ÍBV** | **10** | **2** | **0** | **8** | **7-19** | **6** |
| Þróttur | 10 | 1 | 2 | 7 | 9-23 | 5 |

### *Evrópudeild UEFA*

The New Saints FC-Fram 1-2 (2-4 samanl.)
1-0 Steve Evans (11.), 1-1 Almarr Ormarsson (16.) 1-2 Sam Tillen (vsp 66.)

Keflavík-Valletta 2-2 (2-5)
0-1 Falzon (41.), 1-1 Jón G. Eysteinsson (55.), 2-1 Jóhann B. Guðmundsson (72.), 2-2 Priso (82.)

### *1. deild karla*

Þór-Afturelding 3-2
1-0 Ármann Ævarsson (27.), 1-1 Paul Clapson (34.), 2-1 Alexander Linta (vsp 50.), 2-2 Paul Clapson (vsp 64.), 3-2 Hreinn Hringsson (84.)

HK-ÍA 2-1
1-0 Calum Þór Bett (23.), 1-1 Arnar Gunn laugsson (29.), 2-1 Aaron Palomares (70.)

Selfoss-Haukar 2-2
0-1 Ásgeir Þór Ingólfsson (16.), 0-2 Pétur Á. Sæmundsson (39.), 1-2 Sævar Þór Gíslason (40.). 2-2 Sævar Þór Gíslason (89.).

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Selfoss** | **10** | **7** | **2** | **1** | **21-11** | **23** |
| Hauakr | 10 | 6 | 2 | 2 | 21-13 | 20 |
| **KA** | **9** | **4** | **5** | **0** | **13-5** | **17** |
| HK | 10 | 5 | 2 | 3 | 19-14 | 17 |

Toppslagur 1. deildar:

## Sævar Þór fer hamförum

**FÓTBOLTI** Sævar Þór Gíslason tryggði Selfyssingum jafntefli gegn Haukum í toppslag 1. deildar karla sem fram fór í gær. Sævar jafnaði metin á 89. mínútu í 2-2 sem urðu lokatölur. Sævar Þór hefur nú skorað átta mörk í síðustu þremur leikjum Selfyssinga í deildinni en í síðustu umferð skoraði hann öll fjögur mörkin í 4-0 sigri á Aftureldingu.

Haukamenn byrjuðu betur á Selfossi í gær og komust tveimur mörkum yfir. **- egm**

Fjölnismenn unnu sinn fyrsta sigur í deildinni í tæpa tvo mánuði þegar Garðbæingar komu í heimsókn:

# Sanngjarn baráttusigur Fjölnismanna

**FÓTBOLTI** Fjölnismenn unnu sinn annan sigur í sumar í Pepsi-deild karla þegar þeir unnu sigur á spútnikliði Stjörnunnar í gærkvöldi. Þeir laumuðu sér þar með upp úr fallsæti.

„Ég held ég verði að vera sáttur. Ég verð að hrósa strákunum fyrir mikla vinnu og menn eru farnir að gera sér grein fyrir því að það verður að leggja allt í sölurnar og berjast vel og þá uppskera menn eftir því," sagði Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis, í leikslok.

Stjörnumenn voru fremur vængbrotnir sóknarlega en í lið þeirra vantaði þá Steinþór Þorsteinsson og Arnar Má Björgvinsson sem hafa farið mikinn í sumar. Það tók þá tíma að átta sig á því og Fjölnismenn voru ívið sterkari aðilinn.

Undir lok hálfleiksins urðu Magnúsi Björgvinssyni Stjörnumanni á skelfileg mistök þegar sending hans til baka á Bjarna markvörð fór beint í fæturna á Andra Val Ívarssyni sem þakkaði pent fyrir sig og skoraði auðveldlega. Staðan því 1-0 í hálfleik.

Stjörnumenn mættu brjálaðir til leiks í síðari hálfleik og á 55. mínútu náði Magnús að bæta fyrir mistökin og jafna. Eftir markið voru Stjörnumenn oft aðgangsharðir við mark Fjölnis en það voru hins vegar heimamenn sem voru sterkari í lokin og skoruðu þá tvö mörk. Fyrst Jónas Grani Garðarsson og



**FJÖLNISSIGUR** Hafsteinn Helgason og Andri Valur Ívarsson eigast við í Grafarvoginum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

síðan Gunnar Már Guðmundsson með marki úr vítaspyrnu.

Stjörnumenn voru vægast sagt ósáttir við annað mark Fjölnis og töldu Jónas Grana hafa lagt boltann fyrir sig með hendinni. Þorvaldur dómari dæmdi hins vegar ekkert og markið stóð. 3-1 voru lokatölur leiksins og nokkuð sanngjarn sigur Fjölnis staðreynd.

„Maður er alltaf smeykur við Stjörnuna. Við vissum að þeir kæmu brjálaðir í seinni hálfleik. Þeir gerðu það og trufluðu okkur verulega með hraða sínum. En svo komumst við í gírinn aftur og náðum jafnvægi í þessu," bætti kampakátur Ásmundur við í lokin. **- sjj**

# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM




L300-216

## L300

### FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ný og glæsileg fartölva frá Toshiba með tveggja kjarna Intel örgjörva, vefmyndavél sem þekkir andlit og er aðeins 2.4kg.

- Intel Dual Core T3400 2.16GHz
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA TruBrite skjár
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows Vista Home Basic

TOSHIBA

**99.900**
HVERGI BETRA VERÐ!




## 1TB

### UPPTÖKUSPILARI 1080i

Með nýja Argosy 1080i upptökuspilaranum getur þú spilað og tekið upp myndefni í bestu mögulegu myndgæðum. Hlaðinn öllum helstu tengjum ásamt innbyggðu netkorti.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda & tónlistar afspilun
- Hægt að taka upp beint úr sjónvarpi
- Spilar beint yfir net með innb. netkorti
- Spilar beint af öðrum flökkurum með USB
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, RGB, USB, LAN, ofl. tengi

**49.900**
500GB AÐEINS 39.900

Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndbrengl




## 19"LCD

### ACER WIDESCREEN SKJÁR

19" skjár með 16:9 Cinema 1366x768 upplausn ásamt Intelligent Automatic Contrast sem tryggir ótrúlega skerpu.

- 19" WideScreen 16:9 LCD skjár
- 10000:1 Dynamic Contrast skerpa
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1366x768 WideScreen upplausn
- VGA D-SUB tengi og kapall
- I.A.C. tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**19.900**




MC-15

## DOT MC

### FARTÖLVA Á TILBOÐI

DOT MC er örsmá og fislétt fartölva, aðeins 1kg með 9" LED LCD skjá, þráðlausu neti og 4 tíma rafhlöðu.

- Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 120GB SATA2 5400RPM diskur
- 9" LED WSVGA (1024x600) skjár
- 256MB Intel GMA 950 skjástýring
- 54Mbps þráðlaust net og netkort
- Kortalesari, 3xUSB2.0, VGA ofl.
- Innbyggð vefmyndavél
- Windows XP Home stýrikerfi

Packard Bell

**59.900**



## ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning/viðhald netkerfa
- Vírus og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

**2.990**
HVER HAFIN KLUKKUSTUND



## M7700

### ÞRÁÐLAUS FARTÖLVUMÚS

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Nano sendir geymdur í músinni
- 1600dpi High-Precision Laser
- Stillanleg 800-1600dpi upplausn
- 5 hnappar & 4ra átta skrunhjól
- Rafhlaða endist í 6+ mánuði

**4.990**



## 500GB

### LACIE FLAKKARI

- 500GB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af Neil Poulton
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku & fer í svefnham
- 1-Click afritunarhnappur
- Tengist beint í USB2.0

**14.900**




## TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

> **Meg Ryan**

„Ég leik mjög oft konur sem vita ekki hvað þær vilja og eru að reyna að finna sjálfa sig.“

***Ryan fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni French Kiss sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld kl. 21.35.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER UNDRANDI

# *Sjónvarp í sumarfríi*

Nýlega var tilkynnt að Kastljósfólkið hefði verið kallað aftur til starfa. Stjörnur Ríkissjónvarpsins yrðu hér eftir á bakvakt og reiðubúnar að svara kallinu ef það kæmi. Ef eitthvað stórfenglegt gerðist. Sú hugsun virðist hafa skotið niður rótum hjá sjónvarpsfólkinu að þjóðin leggist í dvala yfir sumartímann, þegar hurðunum á Alþingishúsinu sé lokað þá sé bara eins gott að pakka niður sjónvarpsmyndavélunum, þá sé nefnilega botninn dottinn úr þjóðmálaumræðunni. Allir hinir séu bara einhvers staðar út á landi eða í útlöndum.



Nú ber svo við að fjórar íslenskar kvikmyndir eru í tökum eða á leið í tökur; Bjarnfreðarson og Laxdæla Lárusar Skjaldarsonar svo bara tvær séu nefndar. Auk kvikmyndarinnar Jóhannes. Svo hefur bókaútgáfa verið að glæðast með hækkandi sól; bókaútgefendur sjá til að mynda júlí sem ágætis bókamarkað, þá eru Íslendingar á ferðalagi og þyrstir í eitthvað annað en gömlu jólabækurnar. Alþingi er enn að störfum; skilanefndir bankanna sitja sveittar við að greiða úr flækjunum eftir útrásina, ríkustu feðgar landsins biðja um helmingsafslátt og svona mætti lengi telja en Sjónvarpið, það fer bara í sumarfrí. Lætur sér nægja að vera með fréttir og Popppunkt en ekkert Kasljós, enga menningarumfjöllun, enga Kilja, ekkert Silfur. Bara „fréttir aldarinnar“ frá gömlu, góðu dögunum. Þetta gekk kannski í góðærinu þegar þjóðin lá á Benidorm eða Mallorca. En nú eru allir heima. Og við því verður Sjónvarpið að bregðast. Kannski er hins vegar rökrétt ástæða fyrir þessu öllu. En ég er undrandi. Verð að viðurkenna það.

## FÖSTUDAGUR



▶ **18.00 Helgarsportið** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.10 Stelpurnar** STÖÐ 2



▶ **21.40 Aliens in America** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00 Tristan + Isolde** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.40 Dr. Steve-O, NÝTT** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.20 Landsmót UMFÍ** Stutt samantekt frá keppni dagsins á 100 ára afmælislandsmóti UMFÍ sem fram fer á Akureyri. (e)
**15.35 Leiðarljós** (e)
**16.15 Leiðarljós** (e)
**17.00 Táknmálsfréttir**
**17.10 Spæjarar** (26:26)
**17.35 Snillingarnir**
▶**18.00 Helgarsportið** Íþróttaþáttur þar sem stiklað er á stóru um atburði síðustu viku, hitað upp fyrir atburði helgarinnar og sérstakir íþróttaviðburðir teknir fyrir. Umsjónarmaður er Ásgeir Erlendsson.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Popppunktur** Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni hljómsveita.
**20.35 Glímuþjálfarinn** (Spooner) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1989 um fyrrverandi fanga sem reynir að hefja nýtt líf sem kennari og glímuþjálfari. Aðalhlutverk: Robert Urich og Jane Kaczmarek.
**22.15 Landsmót UMFÍ** Stutt samantekt frá keppni dagsins á 100 ára afmælislandsmóti UMFÍ sem fram fer á Akureyri.
**22.30 Matrix 3** (The Matrix Revolutions) Bandarísk spennumynd frá 2003. Neó er tepptur á lestarstöð milli Fylkisins og Raunheimsins en vinir hans reyna að bjarga honum áður en óvinirnir hremma hann. Aðalhlutverk: Keanu Reeves, Carrie-Anne Moss, Laurence Fishburne og Hugo Weaving. (e)
**0.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.20 Can't Buy Me Love**
**10.00 Jesus Christ Superstar**
**12.00 The Sandelot 2**
**14.00 Paris, Texas**
**16.20 Can't Buy Me Love** Rómantísk gamanmynd um ótrúlegar aðgerðir unglingspilts til að falla inn í hópinn.
**18.00 Jesus Christ Superstar** Nýleg útgáfa af sígildum söngleik Andrews Lloyds Webbers og Tims Rice.
**20.00 The Sandelot 2** Fjölskyldumynd og sjálfstætt framhald myndarinnar Sandelot.
▶**22.00 Tristan + Isolde**
**00.05 Firewall**
**02.00 Syriana**
**04.05 Tristan + Isolde**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Litla risaeðlan, Gulla og grænjaxlarnir og Nornafélagið.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (21:26)
**10.05 Doctors** (22:26)
**10.35 Jamie At Home** (1:13)
**11.00 Hæðin** (6:9)
**11.50 Gossip Girl** (2:25)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (230:260)
**13.25 Wings of Love** (99:120)
**14.10 Wings of Love** (100:120)
**14.55 Wings of Love** (101:120)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Saddle Club, Camp Lazlo og Nornafélagið.
**17.08 Nágrannar**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Friends** (7:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (3:22) Maggie fær hlaupabóluna og Simpson-hjónin halda hlaupabólupartí fyrir alla krakka í Springfield sem enn hafa ekki enn fengið pestina.
**19.45 Two and a Half Men** (3:19) Charlie Harper sem lifði í vellystingum þar til bróðir hans, Alan, flutti inn á hann slyppur og snauður, nýfráskilin, með son sinn Jack.
**20.10 Total Wipeout** (7:9) Hér er á ferð gamall og góður buslugangur með nýju tvisti sem ekki nokkur maður getur staðist.
▶**21.10 Stelpurnar** Stelpurnar halda áfram að slá í gegn með nýstárlegu gríni en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.
**21.35 French Kiss** Rómantísk gamanmynd með Meg Ryan og Kevin Kline í aðalhlutverkum. Kate er ástfangin upp fyrir haus og ætlar að hitta kærastann í París. Í flugvélinni hittir hún Luc sem reynist vera smákrimmi og hann laumar á hana smyglvarningi.
**23.25 King's Ransom**
**01.00 Air Strike**
**02.35 Hostage**
**04.25 Total Wipeout** (7:9)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 FH - Fylkir** Útsending frá Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
**17.05 Sumarmótin 2009: N1 mótið**
**17.45 FH - Fylkir** Útsending frá Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
**19.35 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**20.00 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.
**20.30 Formúla 1: Þýskaland** Sýnt frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Þýskalandi.
**21.00 LA Lakers - Orlando** Útsending frá leik í úrslitarimmunni í NBA.
**22.45 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem. Doyle Bronson, Chris Moneymaker, Daniel Negreanu, Gus Hansen, Chris "Jesus" Ferguson, Johnny Chan og fleiri magnaðir spilarar sýna áhorfendum hvernig atvinnumenn spila póker.
**23.35 Poker After Dark**
**00.25 Bangers and Mashers** Magnaðir bardagar þar sem allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Man. City - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Middlesbrough - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**22.50 Season Highlights 2001/2002** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**23.45 Football Rivalries: Barcelona v Real Madrid** Í þessum þætti verður fjallað um ríg spænsku stórveldanna Barcelona og Real Madrid, innan vallar sem utan.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.40 Rachael Ray**
**18.25 One Tree Hill** (24:24) (e)
**19.15 Monitor** (3:8) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (46:48)
**20.10 Greatest American Dog** (5:10) Bráðskemmtileg bandarísk raunveruleikasería þar sem hundar eru í aðalhlutverki.
**21.00 Battlestar Galactica** (13:20) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst með klassískri baráttu góðs og ills.
**21.50 Painkiller Jane** (21:22) Jane Vasko er lögreglukona sem boðið er starf með leynilegri sérsveit sem berst við hættulegt fólk með yfirnáttúrlega hæfileika.
▶**22.40 Dr. Steve-O** (1:7) Steve-O tekur að sér að „lækna“ skræfur, lúða og letingja og reynir að bjarga þeim frá glötun. Hann ferðast á milli með glæsilega hjúkku sér til aðstoðar og skelfir skræfurnar úr skelinni.
**23.10 The Dudesons** (1:8) Þáttaröð með fjórum finnskum ofurhugum sem framkvæma ótúlegustu hluti. Þessir rugludallar hræðast ekki neitt og leggja líf sitt og limi í hættu til að skemmta áhorfendum.
**23.40 World Cup of Pool 2008** (7:31) Bestu pool-spilarar heims sýna snilldartaka í heimsbikarkeppninni í pool.
**00.30 CSI** (4:24) (e)
**01.20 Home James** (1:10) (e)
**01.50 Penn & Teller. Bullshit** (17:59)
**02.20 Penn & Teller. Bullshit** (18:59)
**02.50 Penn & Teller. Bullshit** (19:59)
**03.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimstjórn stöðvarinnar; Jón Kristinn Snæhólm og Hallur Hallsson ásamt gestaráðherra ræða um það sem er efst á baugi í stjórnmálunum.
**21.00 Mér finnst** Þáttur í umsjón Katrínar Bessadóttur, Haddar Vilhjálmsdóttur og Vigdísar Másdóttur. Farið er vítt og breytt um samfélagið. Endursýndur þáttur
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Total Wipeout

Einn allra stærsti og óvæntasti smellurinn í íslensku sjónvarpi á liðnum vetri er skemmtiþátturinn Wipeout. Hér er á ferð ómenguð skemmtun, gamall og góður buslugangur með nýju tvisti sem ekki nokkur maður getur staðist. Þetta er breska útgáfan og sjórnandinn er enginn annar en Richard Hammond, sá ungi og hressi í Top Gear.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Popppunktur**

**Sjónvarpið kl. 19.35**

Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni hljómsveita. Samtals munu 16 lið keppa og er keppnin með útsláttarfyrirkomulagi. Í lok sumars mun eitt lið standa uppi sem sigurvegari og hljóta að launum glæsilega vinninga. Í þættinum í kvöld eru það hljómsveitirnar Baggalútur og Buff sem keppa.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Morgunfrúin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.11** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Á sumarvegi **14.03** Meistarar í Moskvu **15.03** Útvarpssagan: Ljósið í vatninu **15.25** Án ábyrgðar **16.00** Síðdegisfréttir **16.10** Veðurfregnir **16.13** Trompetmeistarar sveiflunnar **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.16** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir **19.00** Á sumarvegi **20.00** Leynifélagið **20.30** Óvissuferð - allir velkomnir **21.10** Húslestrar á Listahátíð 2009 **22.07** Veðurfregnir **22.12** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (229:260)

**17.15 Hollyoaks** (230:260)

**17.40 The Sopranos** (20:26) Fjölskyldumaðurinn og mafíuforinginn Tony Soprano hefur átt mikilli velgengni að fagna í starfi og á góða fjölskyldu. Þrátt fyrir það er hann þjáður á sálinni og á í stöðugum vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

**18.30 Big Day** (6:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.

**19.00 Hollyoaks** (229:260)

**19.30 Hollyoaks** (230:260)

**20.00 The Sopranos** (20:26)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.20 Ísland í dag**

▶ **21.40 Aliens in America** (15:18) Stórskemmtilegir gamanþættir um Raja,ungan skiptinema frá Pakistan sem býr hjá Tolchuck fjölskyldunni í Wisconsin. Hann er múslimi en þau sannkristinn, sambúðin gengur því ekki alltaf hnökurlaust fyrir.

**22.05 The Mentalist** (21:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.

**22.50 24** (24:24) Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 frá upphafi. Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.

**23.35 Big Day** (6:13)

**00.00 Aliens in America** (15:18)

**00.25 Fréttir Stöðvar 2**

**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** Only Fools and Horses **10.35** Absolutely Fabulous **11.05** Only Fools and Horses **11.35** Absolutely Fabulous **12.05** My Hero **12.35** Blackadder the Third **13.05** Only Fools and Horses **13.35** Absolutely Fabulous **14.05** My Hero **14.35** My Hero **15.05** My Hero **15.35** Blackadder the Third **16.05** Only Fools and Horses **16.35** Any Dream Will Do **18.00** My Hero **18.30** Blackadder the Third **19.00** Gavin And Stacey **19.30** Lead Balloon **20.00** Jekyll **20.50** Gavin And Stacey **21.20** Lead Balloon **21.50** Any Dream Will Do **23.15** Jekyll

## DR 1

**10.35** En Kongelig Familie **11.30** Soren Ryge præsenterer **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **13.35** Svampebob Firkant **13.55** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Sigurds Bjornetime **16.00** Supernabo **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA - Shubidua special **19.00** TV Avisen **19.30** SommerVejret **19.40** Aftentour 2009 **20.05** Once Upon a Time in Mexico **21.40** Columbo

## NRK 1

**10.30** Norge rundt jukeboks **11.30** Sport Jukeboks **12.30** Svisj gull jukeboks **13.35** La de små barn ... **15.20** Litt som deg **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Ugleskogen **16.10** Mamma Mirabelle viser film **16.25** Tofferud **16.35** Småplukk **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lollipop **17.55** Friidrett **20.00** Taggart **21.10** Kveldsnytt **21.25** Hotell Babylon **22.15** Andrea Bocelli - live i Toscana **23.10** 20 sporsmål **23.35** Country jukeboks m/chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Namnam med Noman **10.35** Jan och sparvhöken **10.50** Vildmark fiske **11.55** Vatikanen **12.50** 100 procent bonde **13.20** 1800-talet ut-och-in **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Plus sommar **15.25** Mitt i naturen **15.55** Rymden **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Guld och gröna skogar **17.25** Anslagstavlan **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Pistvakt **18.30** Sjukan **19.00** I skottlinjen **21.05** Fritt fall **21.35** Fletch **23.10** Sändningar från SVT24


MEGAS og SENUÞJÓFARNIR
Hljómskálagarðinum, Reykjavík
AÐGANGUR ÓKEYPIS
Föstudagur 10. júlí kl. 20:30

LANGI SELI OG SKUGGARNIR Græna hattinum, Akureyri
HAM o.fl á Eistnaflugi , Neskaupstað
GREIFARNIR í Sjallanum , Akureyri
SVAVAR KNÚTUR, ÁRSTÍÐIR & HELGI VALUR Hlöðunni, Mývatnssveit

Í KVÖLD
Föstudaginn 10. júlí
kl. 20:30

SAMTÓNN kynnir
í samvinnu við Morgunblaðið, Fréttablaðið, DV, RUV, 365 miðla, Monitor, Reykjavik Grapevine, Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneytið

ÍSLENSKT TÓNLISTARSUMAR 2009

Laugardagur 11. júlí kl. 23:00

STUÐMENN á GRAND ROKK, Reykjavík
EGÓ & PAPAR, Sjallanum, Akureyri
SVAVAR KNÚTUR & Co, Græna hattinum, Akureyri
BLAZ ROCA , 800 Bar, Selfossi

SVAVAR KNÚTUR, ÁRSTÍÐIR & HELGI VALUR,
Kaffi Rósenberg , Reykjavík

EISTNAFLUG, Neskaupstað
ÁHÖFNIN á HALASTJÖRNUNNI á RÁNNI í Keflavík
ANDRÉS ÞÓR og SUNNA GUNNLAUGS, Sólheimum, Grímsnesi
Á MÓTI SÓL, Ýdölum, Þingeyjarsýslu
GREIFARNIR, Samkomuhúsinu , Grímsey

Sunnudagur 12. júlí

Föstudagur 17. júlí
BAGGALÚTUR; Græni hatturinn, Akureyri
Laugardagur 18.júli
STUÐMENN, Höllinni, Vestmannaeyjum
EGÓ & PAPAR, Ýdölum, Þingeyjarsýslu
JAGÚAR, Græna hattinum. Akureyri
BLAZ ROCA, Kaffi Kultura, Reykjavík
Á MÓTI SÓL & HEMMI GUNN, Flúðum, Árnessýslu
SKÍTAMÓRALL – úrslit í sumarstúlkukeppninni, Hvíta Húsið, Selfossi.

Þriðjudagur 21.júlí
GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR, Græna hattinum, Akureyri
Miðvikudagur 22. júlí
GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR, Félagsheimilinu Vopnafirði
Fimmtudaginn 23. júlí
GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR, Hvalasafninu , Húsavík
Föstudaginn 24. júlí
HINN ÍSLENSKI ÞURSAFLOKKUR, Græna Hattinum, Akureyri

Laugardaginn 25.júlí
HINN ÍSLENSKI ÞURSAFLOKKUR, Bræðslunni, Borgarfirði Eystra
MENN Í SVÖRTUM FÖTUM, Hvíta Húsið, Selfossi
Fimmtudagruinn 30. júlí
MANNAKORN, Græni hatturinn, Akureyri
Laugardaginn 31.júlí
SÁLIN, EGÓ, PAPAR, KK o.fl. á Þjóðhátíð í Eyjum
HJÁLMAR, Græni hatturinn, Akureyri





SAMTÓNN
SFH FÍH FÍT FHF STEF TÍ FTT

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta mikið á barnaplötuna Gilligill þessa dagana. Það er vegna þess að ég vinn mikið heima og þá er þessi plata sett á til að halda barninu mínu góðu á meðan ég vinn.“*

Íris Stefanía Skúladóttir, framkvæmdastjóri Leikhús-Batterísins

# Helgi Björns næstum fimmtugur í Valhöll



**HELGI EINS Í MÖRG ÁR** Verður næstum fimmtugur í dag og ætlar að halda upp á það á Hótel Valhöll með tónleikum en nú er verið að blása lífi í þann fornfræga stað.

„Hvað verð ég gamall? Ehhh, 49 ára. Ég er reyndar búinn að vera það í nokkur ár. Ég ætla að vera það áfram. Þetta er ágætur aldur,“ segir Helgi Björnsson sem á afmæli í dag og heldur upp á það með tónleikum í Valhöll.

Helgi er þessa dagana á ferð og flugi milli Íslands og Þýskalands, þar sem hann rekur skemmtihús. Bæði er verið að ræsa SSSól-vélina og síðan er Helgi byrjaður að syngja reglulega á föstudagskvöldum í hótel Valhöll í Þingvallasveit. Verður þar með tónleika í kvöld. Helgi segir að nú sé ætlunin að blása lífi í þann frábæra stað en gamalreyndur jaxl úr veitingabransanum ætlar að reyna sig við það – Úlfar Þórðarson sem lengi var á Gauk á Stöng og þá á Hótel Búðum.

„Ég var þarna um síðustu helgi og það var algerlega frábært. Fullt af fólki, sól og við úti í garði. Það stefnir í svipað í kvöld.

Ég syng gamlar íslenskar dægurlagaperlur. Þær eru viðeigandi í Valhöll,“ segir Helgi og tekur tóndæmi: „Til eru fræ…“ og vippar sér svo óvænt yfir í Brúnaljósin brúnu „Ó, vildu hlusta, elsku litla ljúfan mín…“ en áttar sig þá á að þetta eru ekki viðeigandi línur að raula í eyra blaðamanns og vippar sér yfir í Bjössa á mjólkurbílnum. „Þetta er svona ‚fiftís‘. Ég er með Kjartan Vald á píanó, Stefán Má á bassa og gítar og Sigurð Flosason á sax og klarinett. Mjög á ljúfum nótum.“

Aðspurður hvort Helgi ætli að blanda saman afmælisveislu sinni og tónleikunum segir hann ekki svo vera. „Nei, ég læt nokkra félaga vita. Ég ætla að fá mér einn drykk eftir tónleika í tilefni dagsins.

Ég er ekki sérstaklega mikið afmælisbarn. Mér finnst þriðjudagar skemmtilegir.“

- jbg



**LÁRÉTT**
**2.** útdeildu, **6.** íþróttafélag, **8.** nafar, **9.** fæðu, **11.** tveir eins, **12.** enn lengur, **14.** áloxíð, **16.** upphrópun, **17.** nögl, **18.** röð, **20.** stöðug hreyfing, **21.** skjótur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** útmá, **3.** í röð, **4.** inngangsorð, **5.** dýrahljóð, **7.** flóð, **10.** hyggja, **13.** ról, **15.** mæla dýpt, **16.** hluti verkfæris, **19.** hljóta.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** fh, **8.** bor, **9.** mat, **11.** rr, **12.** áfram, **14.** súrál, **16.** oj, **17.** kló, **18.** róf, **20.** ið, **21.** frár.
**LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** áb, **4.** formáli, **5.** urr, **7.** hafsjór, **10.** trú, **13.** ark, **15.** lóða, **16.** orf, **19.** fá.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Gogoyoko.
2. 572 mínútur.
3. Til Vopnafjarðar.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR: ALLTAF TIL LEIÐINLEGT FÓLK

# VERÐLAUNAHÖFUNDI HÓTAÐ Á FACEBOOK

„Ef það eru sautján þúsund gæsir þá eru alltaf tuttugu sem eru leiðinlegar. Sama á við um stigagang í blokk, það eru alltaf einhverjar nornir þar sem eru reiðubúnar að brýna klærnar. Facebook er engin undantekning frá þessum reglum,“ segir rithöfundurinn Vigdís Grímsdóttir. Hún, eins og sextíu þúsund aðrir Íslendingar, er skráð sem notandi á Facebook og hefur nýtt sér þennan samskiptavef til gagns og gaman. Nýverið tók gamanið hins vegar heldur að kárna þegar henni fóru að berast hótanir í gegnum einkaskilaboð sem hægt er að senda á Facebook. Og rithöfundurinn ákvað eftir nokkrar slíkar sendingar að taka sér gott frí frá þessu netsamfélagi. „Ég er ekkert hætt, ég ætla bara ekkert að vera við á næstunni en sný síðan aftur, galvösk, einhvern tímann eftir sumarið,“ segir Vigdís. Hún vildi ekki gefa upp um hvers konar hótanir væri að ræða. „Nei, ég vil ekki gera þessu fólki það til geðs að hafa eitthvað eftir því sem það skrifaði.“ Vigdís tilkynnti brotthvarf sitt af Facebook á miðvikudagskvöldið með þessum orðum: „Ég þakka öllum fésbókarvinum mínum fyrir samveruna! Hún hefur verið góð! En þrátt fyrir það get ég ekki liðið hótanir, hvorki í minn garð né vina minna. Guð gefi ykkur öllum góða nótt.“ Og fékk mikil viðbrögð sem voru öll á sömu lund; hvernig í ósköpunum fólki dytti í hug að senda svona í gegnum Facebook.



RAGNHEIÐUR ELÍN CLAUSEN

Vigdís tekur þessum hótunum af mikilli yfirvegun, segir að hún hafi skemmt sér konunglega inni á Facebook en viðurkennir um leið að þetta hafi komið sér á óvart, að fólk skuli hreinlega hafa fyrir því að senda einhverjum hótanir á Facebook, í samfélagi sem sé fyrst og fremst hugsað til skemmtunar og fræðslu. „Ég bara átta mig ekki alveg á þessu eða hvað býr þarna að baki. Maður er svo blásaklaus og trúir alltaf því besta upp á fólk. Ég ætla ekkert að hætta þeirri iðju minni, ég var bara búin að fá nóg af þessum hótunum og segi því þetta bara gott í bili.“



**HÆTT Í BILI** Vigdís Grímsdóttir er hætt í bili á Facebook eftir að henni tóku að berast hótanir í gegnum einkaskilaboð. Hún er annar notandinn á stuttum tíma sem verður fyrir óþægindum af hendi þessa vinasamfélags því nýverið var Ragnheiður Elín Clausen útilokuð frá Facebook, án nokkurra skýringa.

Vigdís er ekki sú eina sem hefur orðið fyrir barðinu á netníðingum á Facebook. Því nýlega var greint frá því í fjölmiðlum að Ragnheiði Elínu Clausen, fyrrum sjónvarpsþulu, hefði verið hent út af Facebook vegna kvörtunar til yfirmanna Facebook.

Henni var síðan hent út en fékk aldrei neinar skýringar á því. Þá höfðu yfir 450 manns skráð sig á stuðningsmannasíðu Ragnheiðar sem er mætt aftur til leiks á netinu undir réttu nafni; Ragnheiður Elín Hauksdóttir Clausen.

freyrgigja@frettabladid.is

## FÓLK Í FRÉTTUM

**Kjartan Guðjónsson**, sá stórskemmtilegi og hæfileikaríki leikari, sat í gær í makindum sínum í sólinni á Hringbrautinni ofanverðri, fyrir framan Hárgreiðslustofu og las í Séð og heyrt. Sérkennilegur staður til að hreiðra um sig, nánast í miðri þungri umferðinni sem fer um Hringbrautina þannig að Kjartan lá ekkert á þeim upplýsingum að þarna væri hann kominn til að máta hártoppa. Þó það hafi verið fyrir kvikmyndina Sumarlandið, sem senn fer í tökur, þá líst Kjartani, sem er frekar þunnhærður, svo vel á sig með hártopp að hann íhugar nú að fara að ganga með einn slíkan dagsdaglega.



Þeir sem selja, fremja og semja tónlist horfa á sér til skelfingar að plötusala hefur dregist saman um helming frá í fyrra og þá hafði hún dalað frá því sem var þar áður. Sala íslenskra geisladiska hefur hrapað um 27 prósent frá í fyrra. **Jakob Frímann** og félagar hans hjá FTT eru þó hvergi nærri í einhverju fári vegna þessa og vinna nú að því að ná tökum á hinni rafrænu notkun sem eykst ár frá ári. Rétthafar sjá nú fram á betri tíð en í gegnum tónlist. is fá þeir nú arðgreiðslur – þó ekki frá notendum heldur Símanum sem hefur það nú sem lið í sinni markaðssetningu að borga fyrir niðurhalið.



Kvikmyndagerðarmenn hljóta að fagna en Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri Ríkissjónvarpsins, vinnur nú að því að setja saman vetrardagskrá og mun RÚV leggja megináherslu á heimildarmyndir. Stefnt er að því að sýna í það minnsta eina heimildarmynd í viku hverri yfir vetrarmánuðina en heimildarmyndagerð hefur staðið með miklum blóma. Þannig verður Draumaland Þorfinns Guðnasonar á dagskrá, Sólskinsdrengur **Friðriks Þórs**, Rafmögnuð Reykjavík, Bobby Fischer-myndin og fleira fínerí. - jbg



FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Á GRILLIÐ
VILLTUR LAX STÓR HUMAR
LÚÐA OG SKÖTUSELUR

Veljum íslenskt
opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00

# Björk frumsýnir Voltaic í dag

Frumsýning á Voltaic, upptöku af hljómleikum Bjarkar í París og á Íslandi sem sýndir eru í fullum hljóðgæðum í Háskólabíói, er í dag. Um leið er fagnað útgáfu Voltaic, safni með tónleikunum, „live“ hljóðupptöku, endurhljóðblöndunum og myndböndum.

Björk segir útgáfuna lið í því að vinna úr hljómleikaupptökum jafnóðum „svo Volta komi ekki út 2019“ en einnig viðbrögð við hraða netsins. „Þetta með netið og YouTube, allar þessar sjóræningjaútgáfur, hálftíma eftir tónleikana eru þeir bara komnir á netið. Sem mér finnst frábært. En hljómgæðin eru frekar lítil og upptakan bara einhver hrist myndavél frá einu sjónarhorni. Það er svona meira pönkútgáfan. Ég vildi að fólk gæti valið að heyra þetta eins og ég var með þetta í hausnum, með miklum hljóðgæðum, tekið upp með góðum myndavélum.“

Hún segir upptökuna góða heimild og sýna hversu miklum jákvæðum stakkaskiptum Volta tók á túrnum. „Brassstelpurnar voru rosalega duglegar, þær tóku það upp hjá sjálfum sér að æfa á hverjum degi á hótelinu, við fengum alltaf fundarherbergið. Þær urðu því alltaf betri og betri og í lok túrsins voru þær orðnar mjög þéttar.“

Í helgarviðtali Fréttablaðsins má lesa um seinasta ár í lífi Bjarkar og plön hennar fyrir framtíðina. Þar segir hún frá því hvernig hún þurfti að læra á röddina upp á nýtt, hvað hún var að gera í Suður-Ameríku og að sjálfsögu allt um Voltu og Voltaic. -kbs



**RETRO-LASER OG LITADÝRÐ** Björk frumsýnir Voltaic í Háskólabíó í dag.

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

# RISA MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINNI

Íslensk tónlist - erlend tónlist **TÓNLIST** klassík - jazz - DVD tónlist

KR. 799 · KR. 499 · KR. 399 · KR. 1299 · KR. 999 · KR. 1499 · KR. 799 · KR. 699 · KR. 799 · KR. 999

KR. 1299 · KR. 1299 · KR. 1499 · KR. 1499 · KR. 999 · KR. 1299 · KR. 999 · KR. 499 · KR. 999 · KR. 1499

Þúsundir titla í boði

## TÖLVULEIKIR

Leikir á allar leikjavélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo

KR. 3999 · KR. 2999 · KR. 999

KR. 999 · KR. 2999 · KR. 1999

## DVD MYNDIR

DVD myndir frá 399 kr.

KR. 999 HVER MYND

Nóg af bílastæðum

OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**










**BAKÞANKAR**
Brynhildar Björnsdóttur


## *Kæru skuldunaut*

Ég fyrirgef ykkur alveg. Fyrirgef ykkur að hafa steypt mér, börnum og tilvonandi tengdabörnum og barnabörnum í skuldafen sem er svo djúpt að enginn kemst yfir nema fálkinn fljúgandi. Fyrirgef ykkur að hafa talið mér trú um að þið væruð rosalega flottir feðgar sem vilduð mér allt hið besta, svona eins og Guð og Jesús.

**ÉG FYRIRGEF** ykkur að hafa hrapað niður um guð veit hvað mörg sæti á listanum yfir ríkustu menn í heimi. Eins og ég var nú stolt af því að eiga fulltrúa þar. En sem betur fer eruð þið samt á honum enn þá.

**ÉG FYRIRGEF** ykkur þetta allt. Og skil ykkar aðstöðu. Mikil ósköp. Það er auðvitað vonlaust að koma með peninga inn í landið núna, eins og annar ykkar sagði í viðtali skömmu eftir þetta óskemmtilega bankahrun í fyrrahaust. Við myndum áreiðanlega eyða þeim í tóma vitleysu eins og að borga skuldir eða halda úti elliheimilum og ungbarnavernd og svoleiðis rugli. Peningar eru mikið betur geymdir í kyrrstöðu í heitu löndunum.

**EN ÉG** get því miður ekki gefið ykkur eftir þessa smáaura sem þið skulduð mér. Það má reyndar deila um það hvað þetta er mikið, sumir segja að sem eigendur bankans sem tók stærstu lán í heimi hjá einhverju fólki í Bretlandi og Hollandi skuldið þið okkur ekki bara þúsundir milljarða heldur líka æruna á alþjóðavettvangi. Ég ætla ekkert að eltast við það hér. Ég vil bara að þið borgið mér, núverandi eiganda bankans sem lánaði ykkur peninginn til að kaupa hinn bankann af mér, það sem þið skuldið.

**EF ÞIÐ** eigið ekki fyrir þessu skal ég ekkert vera að leiðindast yfir því. Þið getið þá bara unnið skuldina af ykkur. Reyndar treysti ég mér ekki til að bjóða ykkur upp á störf í þeim geira þar sem þið hafið mesta reynslu. En hvítu skórnir sem áður prýddu þilfar snekkju við Miðjarðarhafið passa vel við margt annað en jakkaföt, til dæmis fiskvinnslugalla eða hvítan ræstibúning á spítala.

**EFTIR** svona tvö þúsund ársverk á venjulegum verkamannalaunum má vel vera að ég fyrirgefi ykkur líka að hafa ekki ætlað að borga aftur peningana sem ég lánaði ykkur til að kaupa banka af mér. Ég hef alveg efni á því að vera göfug. Ég á nefnilega banka.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 10. júlí 2009, 191. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.27 | 13.33 | 23.37 |
| Akureyri | 2.36 | 13.18 | 23.56 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


